# FRÉTTABLAÐIÐ

16. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 20. JANÚAR 2016


# Búið spil

**Strákarnir okkar eru úr leik á Evrópumótinu í handbolta eftir að vera pakkað saman af Króötum í gærkvöldi.** Ólympíudraumurinn úti.

➔ 16



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Ferðin löng á nýtt heimili

**FLÓTTAMENN** „Ég hlakka til að kynnast ykkur,“ sagði Khattab al Mohammad, flóttamaður frá Sýrlandi, í móttöku sem haldin var í Leifsstöð í gær.

Sex fjölskyldur komu til landsins. Fjórar fóru beint til Akureyrar frá Leifsstöð en tvær fjölskyldur fóru til nýs heimilis síns í Kópavogi.

Þrettán börn eru í hópnum og voru þau mörg hver örþreytt eftir ferðalag frá Beirút með millilendingu í París. Þau og foreldrar þeirra voru þó glöð og þökkuðu hlýjar móttökur. Þau viðurkenndu þó að þau vissu lítið annað um Ísland en að Íslendingar væru gestrisnir. – kbg / sjá síðu 8



## Fréttablaðið í dag


**MARKAÐURINN** **80 milljarða fjárfesting í hótelum.** Áform um að byggja 3.700 ný hótelherbergi á landinu næstu 3-4 árin.



**FRÉTTIR** Byggingaleyfum hefur fjölgað mjög á milli ára. 4

**SKOÐUN** Silja Aðalsteinsdóttir játar setu í úthlutunarnefnd. 12-14

**SPORT** Fjórir leikmenn hafa gefið flestar stoðsendingar. 18

**MENNING** Hilmir Snær og Margrét Vilhjálmsdóttir í miklum ham í Borgarleikhúsinu. 22-24

**LÍFIÐ** Ýr Þrastardóttir fatahönnuður með mörg járn í eldinum eftir Kínaferðina. 28-30

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **LÍFIÐ**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




**ÞORRAVEISLUR**
1.990 kr. á mann

**FERMINGARVEISLUR**
1.990 kr. á mann

Upplýsingar og pantanir:
magnusingi@gmail.com
Maggi, sími 696 5900

MínirMenn VEISLUÞJÓNUSTA

Nánar á minirmenn.is

## Veður




Vaxandi suðaustan- og austanátt í dag, allhvöss um kvöldið, hvassast syðst. Skýjað um landið sunnanvert og dálítil rigning seinnipartinn og hlánar en hægara, bjartviðri og áfram kalt fyrir norðan.
SJÁ SÍÐU 20



**Í vinnslu eru ný lög um póstþjónustu, móttöku eða söfnun, flokkun, flutning og afhendingu á póstsendingum gegn greiðslu.** MYND/PÓSTURINN

# Opna fyrir samkeppni með póst

**STJÓRNSÝSLA** Lagt er til að einkaréttur ríkisins á sviði póstþjónustu verði lagður niður og opnað fyrir samkeppni á póstmarkaði, í drögum að frumvarpi til nýrra laga um póstþjónustu. Frumvarpsdrögin eru nú til umsagnar hjá innanríkisráðuneytinu og hægt að senda inn umsagnir út janúar.

Í drögunum er jafnframt lagt til að eftirlit með póstþjónustu verði einfaldað, meðal annars varðandi eftirlit með gjaldskrá fyrir alþjónustu. „Eftir sem áður verður alþjónusta, grunnþjónusta á sviði póstþjónustu, tryggð borgurunum en leitast við að gera það á sem hagkvæmastan máta,“ segir á vef innanríkisráðuneytisins.

Í skýringum með frumvarpinu kemur fram að gert sé ráð fyrir að Íslandspóstur beri fyrst um sinn skyldu til að veita alþjónustu innan póstþjónustu um land allt. „Óvíst er hvort annað fyrirtæki á markaði muni geta uppfyllt þær þjónustukröfur sem í dag eru gerðar um póstþjónustu,“ segir þar.

Tekið er fram á vef ráðuneytisins að tildrög breytinganna eigi sér langan aðdraganda, en eigi einkum rætur að rekja til breytinga á regluverki Evrópusambandsins á sviði póstþjónustu. **– óká**

## Hlýjar móttökur frá ráðamönnum



**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra tók á móti 35 manna hópi flóttafólks frá Sýrlandi sem kom til landsins í gær. Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra var einnig viðstödd komu þeirra ásamt öðrum sem hafa undirbúið komu þeirra síðustu mánuði. Sigmundur ávarpaði hópinn, tók í höndina á öllum og sumir nældu sér í koss. Fjórar fjölskyldur fóru svo rakleiðis til Akureyrar en tvær munu búa í Kópavogi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Gjöreyðingarvopn gegn læsi

**ALÞINGI** Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, og Katrín Júlíusdóttir, formaður VG, tókust á um nýjungar í skólakerfinu á þingi í gær. Notaði ráðherrann kjarnorkusprengju sem rök fyrir því að einkaaðilar ættu frekar að vinna að lausnum á læsisvandamálum barna.

Katrín fór fram á að menntamálaráðherrann útskýrði ummæli sín í Viðskiptablaðinu fyrir skömmu, þess efnis að opinbera skólakerfið stæði sig ekki í að koma fram með nýjar lausnir til að auka lesskilning barna. Taldi hann einkageirann hæfari til að finna lausnir á þessum aðsteðjandi vanda.

Katrín Júlíusdóttir andmælti þessum orðum, ríkið hafi í gegnum tíðina fundið lausnir á hinum ýmsu vandamálum. Illugi sagði það hárrétt. „En svo fundu þau líka upp kjarnorkusprengjuna, sem dæmi um vonda hluti,“ sagði mennta- og menningarmálaráðherra. **– sa**

# Sögð fara af stað með hnífinn án samráðs

**Þjónusta við aldraða til umræðu í borginni í gærkvöldi. Sjálfstæðismenn í borginni eru opnir fyrir hugmyndum um að borgin bjóði öðrum rekstur mötuneyta félagsheimila aldraðra. Eir lofaði þjónustu sem borgin sá öðruvísi fyrir sér.**

**VELFERÐARMÁL** „Nú hefur meirihlutinn farið mikinn í fjölmiðlum um að þau ætli ekki að skerða grunnþjónustuna, og við bara spyrjum, er þetta ekki grunnþjónusta?“ spyr Áslaug Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina gagnrýndu harðlega skerðingu borgarinnar á þjónustu við eldri borgara á borgarstjórnarfundi í gær.

Meðal tilefna eru fréttir um að ekki verði lengur veittur heitur matur í félagsmiðstöð eldri borgara við Eirborgir um helgar.

„Það hafa komið fram miklar efasemdir um að þetta sé að skila þeim sparnaði sem borgin reiknar sér,“ segir Áslaug.

„Það hefur til dæmis komið fram í greiningum að ellefu prósent þeirra sem fá aðsendan mat þurfa aðstoð við að opna matarbakkana. Þetta kallar bara á meira innlit og fylgd. Þetta kostar líka.“

Áslaug segir að ætt sé af stað með niðurskurðarhnífinn án þess að haft sé samráð. Hún nefnir til dæmis að velferðarráð hafi í bókun sinni frá því í desember kallað eftir yfirliti yfir félagsþjónustu aldraðra, alla starfsemi og kostnað en það hafi verið gert allt of seint.

„Við höfum bókað síðustu sex ár á nánast hverjum einasta fundi velferðarráðs að verið væri að ógna velferð aldraðra og fatlaðra vegna þess að illa sé farið með fé annars staðar. Og nú líður manni eins og þær hrakspár séu að rætast,“ segir hún.

Áslaug segir að á grundvelli yfirlitsins mætti greina hvernig hægt væri að bæta þjónustu við aldraða á sem hagkvæmastan hátt. Hún nefnir að ein hugmynd væri að leyfa öðrum aðilum að sjá um hluta þjónustunnar.



**Dagur B. Eggertsson segir ekki tíðkast að mötuneyti félagsheimilanna bjóði upp á mat um helgar.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Það hafa komið fram miklar efasemdir um að þetta sé að skila þeim sparnaði sem að borgin reiknar sér.**
>
> Áslaug Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins



„Ég skil vel vonbrigði eldra fólks sem hefur sótt þarna mat um helgar vegna þess að þetta er breyting á þjónustu sem þau telja að þeim hafi verið lofuð,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

„Það loforð virðist hafa komið frá Eir sem rekur leiguíbúðirnar en hugsun borgarinnar var ekki sú að þessi félagsmiðstöð ætti að vera frábrugðin félagsmiðstöðvum annars staðar í borginni sem hvergi eru með mat um helgar,“ segir hann en umrædd félagsmiðstöð er önnur tveggja félagsmiðstöðva af sautján sem hafa veitt slíka þjónustu.

Hann segir að borgin, Eir og íbúar í Eirborgum eigi nú í samtali til að finna flöt þannig að íbúarnir séu sáttari á eftir. **– srs**



# 100.000 kr. afsláttur!

## Einstakt tilboð á hækkanlegum skrifborðum frá Kinnarps

5 ÁRA ÁBYRGÐ




Kinnarps®

Nú bjóðum við þér einstakt tækifæri á að kaupa rafstýrt skrifborð úr T-línunni áður en framleiðslu þess verður hætt. Sama verð, óháð stærð eða gerð borðplötunnar.

**Borðplötur - tvær stærðir - sama verð:**
160 × 80 cm / 180 × 80 cm

**Borðplötur - þrjár gerðir - sama verð:**
Hvítar og spónlagðar, úr eik eða beyki.

**Takmarkað magn!**

Tilboðsverð:

**99.800 kr.**

Verðlistaverð: **199.800 kr.**

ÍSLENSKA/SIA.IS PEN 78082 01/16

Penninn Húsgögn

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91–93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafirði

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is




# Byggingarleyfum fjölgar mjög á milli ára

**Samþykkt áform um byggingu nýrra íbúða í Reykjavík á nýliðnu ári eru nálægt því tvöföld miðað við síðustu ár. Fleiri stór verkefni á leiðinni, segir borgarstjóri. Leiðin hefur legið skarpt upp á við eftir að botni var náð árið 2010. Þá voru leyfi fyrir tíu íbúðum gefin út.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Samþykkt áform um byggingu nýrra íbúða í Reykjavík voru 72,4 prósentum fleiri á nýliðnu ári en árið á undan, eða 969, samkvæmt nýrri samantekt byggingarfulltrúa borgarinnar. Þá voru útgefin byggingarleyfi 55,1 prósenti fleiri en 2014, 926 talsins.

Breytingin frá árunum um og eftir hrun er svo aftur margföld. Botni var náð í byggingu nýrra íbúða árið 2010, en þá var hafin bygging á tíu nýjum íbúðum.

Tölurnar eru vísbending um aukinn fjölda íbúða sem er á leið inn á fasteignamarkaðinn á næstu sex til átján mánuðum. Tölurnar eru til marks um uppsveiflu í íbúðarbyggingum sem í pípunum eru í borginni, segir Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík. Hann hafi verið feginn að sjá aukninguna. „Áhyggjur af samdrætti í íbúðafjárfestingu hefur borið hátt í umræðunni. Og nú veit ég ekki hvort það á við um landið í heild, en íbúðafjárfesting í Reykjavík varðandi það hvað mörg verkefni eru að fara af stað,“ segir hann. Þessar tölur skipti máli því um sé að ræða verkefni sem komin séu í gegn um skipulagsferli sem geti verið tímafrekt. „Svo vitum við af mjög mörgum verkefnum sem eru að klára skipulagsferli og eru að fara í hönnun og koma þá vonandi inn í þessar tölur á þessu ári.“ Því sé spáð í borginni auknum takti og fleiri íbúðum í byggingu. „Sem er mjög mikilvægt, því að það vantar.“

> Svo vitum við af mjög mörgum verkefnum sem eru að klára skipulagsferli og eru að fara í hönnun og koma þá vonandi inn í þessar tölur á þessu ári.
>
> Dagur B. Eggertsson borgarstjóri



Hvort nægur fjöldi íbúða sé í pípunum til að mæta þörf á höfuðborgarsvæðinu segir Dagur erfitt að segja til um, því bara liggi fyrir tölur úr Reykjavík. „Það hefur verið galli á byggingarmarkaðnum almennt hvað hefur verið djúpt á þessum tölum.“ Borgin hafi verið að reyna að taka sig á í þessum efnum því á árum áður hafi viljað verða töf á birtingu þessara talna. „Við viljum standa okkur betur að miðla út á markaðinn þannig að fólk viti hvað er í pípunum og munum kynna á næstunni þær lóðaúthlutanir sem fram undan eru og þau skipulagsverkefni sem eru í kynningu.“

Aukninguna 2015 segir Dagur að hluta skrifast á átak borgarinnar við úthlutun lóða og í skipulagsmálum. „Um 90 prósent þessara verkefna eru á þéttingarsvæðum. Það útheimtir stundum að hlutir séu lengur á leiðinni í gegn um skipulag en er í rauninni öruggari fjárfesting fyrir byggingaraðila. Við vitum að á þessum þéttingarsvæðum er mikil eftirspurn þannig að þegar verkefni eru komin í gegn um ferilinn getum við verið nokkuð viss um að þau fari strax í uppbyggingu, eins og þessar tölur benda til.“ **olikr@frettabladid.is**




# Átökin hafa kostað nítján þúsund lífið

**ÍRAK** Átökin og ofbeldið í Írak hafa kostað að minnsta kosti 18.802 almenna borgara lífið á tímabilinu frá ársbyrjun 2014 þangað til í lok október árið 2015.

Á þessu sama tímabili hafa að minnsta kosti 3,2 milljónir manna hrakist að heiman, þar af meira en milljón barna á skólaaldri.

Þetta kemur fram í skýrslu frá Sameinuðu þjóðunum, sem byggð er á vitnisburði frá fólki sem hefur upplifað atburðina sjálft.

Í skýrslunni eru DAISH-samtökin, Íslamska ríkið svonefnda, sökuð um kerfisbundið ofbeldi og víðtæk brot á alþjóðalögum. Þar á meðal er fullyrt að samtökin haldi 3.500 manns í þrældómi, en flest er það konur og börn.

„Íslamska ríkið hélt áfram að beita konur og börn kynferðisofbeldi,“ segir í skýrslunni, en þar er einnig greint frá fjölmörgum dæmum um manndráp Íslamska ríkisins. Oft eru þessi grimmdarverk framin opinberlega með því meðal annars að skjóta, hálshöggva, misþyrma fólki, kveikja í því lifandi eða henda því ofan af húsum.

Íslamska ríkið ber þó ekki ábyrgðina á öllum manndrápum og öðrum glæpum gegn almennum borgurum í Írak þetta tímabil, sem fjallað er um í skýrslunni. Sérstakur kafli fjallar um grimmdarverk stjórnarhersins og annar kafli um aðra gerendur, sem ekki hefur verið hægt að skera úr um hverjir séu. **gudsteinn@frettabladid.is**



**Maður situr á hækjum sér á vettvangi sprengjuárásar í Bagdad.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**18.802**

**hafa látið lífið á tæpum tveimur árum og 3,2 milljónir manna hafa hrakist að heiman.**













## Volkswagen Amarok kemur þér á leiðarenda.

Amarok býður upp á einstaklega gott vinnuumhverfi, mikið innanrými og stóran pall. Frábærir aksturseiginleikar og þýsk gæði endurspeglast í þessum kröftuga pallbíl. Amarok Startline með fjarstýrðum og tímastilltum vélahitara (Webasto) og loftkælingu fæst nú á sérstöku tilboðsverði.

**Amarok Startline** 4Motion D/C 2.0 TDI 140 hestöfl kostar frá

**5.990.000 kr.**

(4.830.645 kr. án vsk)

**Eyðsla frá 7,6 lítrum/100 km.**

**HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.**

**Atvinnubílar**

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## Karlar í krapinu



**Úkraína** Þessi hópur fólks úr söfnuði rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar skellti sér í ísbað í Kíev í Úkraínu í þeirri von að baðið yrði allra þeirra meina bót. Farið er í ísbaðið í tilefni hugljómunarhátíðarinnar [e. Epiphany celebration] sem meðlimir rétttrúnaðarkirkjunnar halda upp á til minningar um skírn Jesú Krists. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Kalkskortur sagður vandamál of víða

**Nýleg rannsókn sýnir fram á að kalkneysla í 80 löndum er langt undir viðmiðunarmörkum. Samkvæmt neyslukönnun er ekki um kalkskort að ræða hér á landi nema hjá elsta aldurshópi kvenna. Kalk í fæði Íslendinga hefur þó minnkað.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Víða um heim er kalkskortur í fæði vandamál, að því er fram kemur í nýrri könnun sem fjallað er um á vef Landssambands kúabænda. Síðasta neyslukönnun Landlæknisembættisins bendir þó ekki til þess að hér á landi sé um slíkan vanda að ræða, nema hjá einum hópi.

Á vefnum naut.is er vísað til nýrrar rannsóknar IOF, alþjóðlegra beinþynningarsamtaka, sem gerð hafi verið á sjö þúsund einstaklingum í 80 löndum, sem sýni skýrt að kalkneysla sé langt undir þeim viðmiðunarmörkum sem í dag gildi fyrir daglega neyslu. „Að jafnaði nam neyslan 594 milligrömmum af kalki á dag,“ segir þar, en ráðlagður dagskammtur sé 1.000 milligrömm fyrir fullorðna og 1.300 milligrömm fyrir níu til átján ára. „Þá er fólki sem er eldra en 70 ára ráðlagt að neyta 1.200 milligramma af kalki daglega.“

Í reglubundinni landskönnun Landlæknisembættisins á mataræði landsmanna sem birt var 2012 kemur fram að hér á landi hafi kalk í fæði minnkað vegna minni mjólkurneyslu. „En flestir aldurshópar ná þó ráðlögðum dagskammti fyrir kalk að meðaltali nema elsti aldurshópur kvenna,“ segir þar.

Í umfjöllun Landssambands kúabænda er bent á að skortur á kalki geti leitt til bæði beinþynningar, vandamála með sjón og hjartavandamála. „Eitt mjólkurglas inniheldur um 300 milligrömm af kalki en mjólkurvörur eru taldar með bestu kalkgjöfum sem völ er á,“ segir þar. olikr@frettabladid.is




**Hér á landi er hefð fyrir neyslu mjólkurvara sem ríkar eru af kalki.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Ráðleggingar landlæknis

Á vef Landlæknis kemur fram að hæfilegt magn af mjólk eða mjólkurvörum á dag samsvari tveimur glösum, diskum eða dósum (eða 500 millilítrum). Þá geti ostur komið í stað annarra mjólkurvara að hluta til. Einnig að takmarka eigi neyslu á mjólkurvörum með mikilli mettaðri fitu eins og nýmjólk, rjóma, feitum ostum og smjöri.


APOTEK KITCHEN+BAR

GERÐU VEL VIÐ BÓNDANN!



4ra rétta bóndadagsseðill

FORDRYKKUR
BRENNIVÍNSSTAUP

FORRÉTTIR
BLEIKJA Á SALTBLOKK FRÁ HIMALAYA
Hægelduð bleikja, yuzu mayo, trufflu mayo, stökkt quinoa, epli

NAUTARIF
24ra tíma hægelduð nautarif, reyktur Ísbúi, gulrætur, karsi

AÐALRÉTTUR
RIB-EYE 350g
Sveppir, pönnusteiktar kartöflur, bjór-Hollandaise

EFTIRRÉTTUR
BÓNDASÆLA
Súkkulaði-marengsbotn, möndlumulningur, mangóhlaup og mjólkursúkkulaði-pralínmousse

8.700 kr.



Borðapantanir í síma 551 0011

APOTEK KITCHEN+BAR // Austurstræti 16 / apotek.is


RENAULT
Passion for life
Renault KADJAR 4WD
Hættu að bíða, byrjaðu að lifa
ENNEMM / SÍA / NM73124
KADJAR
VERIÐ VELKOMIN AÐ REYNSLUAKA FJÓRHJÓLADRIFNUM RENAULT KADJAR
Nýr og glæsilegur sportjeppi frá Renault er kominn til landsins. Renault KADJAR hefur fengið frábæra dóma í Evrópu meðal annars fyrir flott útlit, skemmtilega aksturseiginleika og einstaka sparneytni.
Komdu og reynsluaktu nýjum Renault KADJAR – Hættu að bíða, byrjaðu að lifa
Verð: 3.890.000 kr.
KADJAR Life 2wd
1,5 dísil, beinskiptur
Eyðsla 3,8 l/100 km*
FRÍTT Í STÆÐI!
Verð: 4.390.000 kr.
KADJAR Expression 2wd
1,5 dísil, sjálfskiptur
Eyðsla 3,8 l/100 km*
FRÍTT Í STÆÐI!
Verð: 4.890.000 kr.
KADJAR Expression 4wd
1,6 dísil, beinskiptur
Eyðsla 4,9 l/100 km*
E F
„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT“
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

„ERU HAGSMUNIR LÍFEYRISSJÓÐANNA ÞEIR SÖMU OG EINSTAKLINGANNA SEM SITJA ÞAR Í STJÓRNUM?“

Morgunverðarfundur á Hótel Sögu Radisson Blu (Katla), fimmtud. 21. janúar, kl. 8-10.30

Allir velkomnir!

Samtök sparifjáreigenda

Skýrslan sem fjallað er um á fundinum er aðgengileg á heimasíðu samtakanna sparife.is

facebook.com/sparife

Dreglar og mottur á frábæru verði!

25% Útsölu afsláttur af gúmmí-takka- og gata-mottum

1.643 Gúmmímottur margar gerðir og stærðir, verðdæmi 66x99cm ~~2.190~~

3mm gúmmídúkur finrifflaður ~~1.990~~ pr.lm. 1.492

Gúmmí takkamottur
61x81cm ~~3.590~~ 2.693
81x100cm ~~5.990~~ 4.493
91x183cm ~~8.990~~ 6.743

Gúmmí gatamottur
66x99cm ~~2.190~~ 1.643
100x100cm ~~3.390~~ 2.543
100x150cm ~~6.990~~ 5.423

PVC motta
100x150cm ~~5.590~~ 4.193

Margar stærðir og gerðir

Klettháls 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanesbæ

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



Allir fengu fána en börnin höfðu einnig teiknað myndir af íslenska og sýrlenska fánanum saman á blaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Örþreytt en glöð

**Sex sýrlenskar fjölskyldur komu til Íslands í gær. Blaðamaður hitti fólkið í París og flaug með þeim til landsins. Þau voru glöð en óviss um hvað biði þeirra.**

**FLÓTTAMENN** „Við erum þreytt. Þetta er langt ferðalag en við erum líka glöð,“ segir Ahlam nýkomin á Charles De Gaulle flugvöllinn eftir langt flug frá Beirút í Líbanon. Hún er með tæplega tveggja ára dóttur sína Zaki í fanginu og þrír synir hennar halda sig nærri en skima forvitnir í kringum sig. Ahlam hefur heyrt um gestrisni Íslendinga en segir að hópurinn geri sér annars litla grein fyrir hvað bíði þeirra.

Flugið frá Beirút tók meira en fimm klukkutíma. Eftir það tók við amstur á flugvellinum í París. Glaðleg börn setja sterkan svip á hópinn. Þau eru alls þrettán, meirihlutinn strákar. Einn þeirra, Omar al Khattab Mohammad, ferðast með fiðlu í handfarangri og tekur hana reglulega upp og spilar lög fyrir gesti flugstöðvarinnar.

Khattab al Mohammad, starfaði sem enskukennari og fararstjóri áður en hann flúði Aleppo fyrir fjórum árum. Hann, eiginkona hans Halima, sex börn og móðir hans munu búa á Akureyri. „Er mjög kalt þar? Er fallegt á Akureyri?“ spyr hann forvitinn. Sex fjölskyldur ferðast til Akureyrar eða 23 einstaklingar. Tvær fjölskyldur munu setjast að í Kópavogi, tólf manns.

Í Leifsstöð var flóttafólkinu fagnað og haldin móttaka. Khattab hélt stutta ræðu, sýndi teikningar sem börnin höfðu teiknað af fána Íslands og ættlandsins og þakkaði móttökurnar. „Ég hlakka til að kynnast ykkur,“ sagði hann áður en hann hélt af stað úr Leifsstöð með fjölskyldu sinni á vit nýs lífs á Íslandi. **kristjanabjorg@frettabladid.is**



Fólkið var orðið ansi þreytt á Reykjavíkurflugvelli, á leið til Akureyrar.



Eygló Harðardóttir færði fólkinu gjafir við komuna til Keflavíkur.

NICOTINELL LYFJATYGGIGÚMMÍ

Ertu að hætta að reykja?
Veistu hvaða bragðtegund hentar þér?

Fæst í 6 bragðtegundum!




Nicotinell Classic/Fruit/Icemint/Lakrids/Mint/Spearmint/Tropical Fruit lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Notkun hjá fullorðnum 18 ára og eldri: Tyggið hægt þar til finnst sterkt bragð, látið tyggigúmmíið hvíla á milli kinnar og tannholds, tyggið aftur þegar bragðið dofnar, endurtakið í um 30 mínútur. Ekki má kyngja lyfjatyggigúmmíinu. Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Þú skalt nota Nicotinell 4 mg ef þú ert með mikla nikótínþörf, reykir fleiri en 30 sígarettur/sólarhring eða ef þér hefur ekki tekist að hætta að reykja með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Annars skaltu nota Nicotinell 2 mg ef reykt er minna en 20 sígarettur á sólarhring. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtsins skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggja skal eitt stykki Nicotinell lyfjatyggigúmmí við reykingaþörf. Venjuleg notkun er 8-12 stykki á sólarhring, þó ekki fleiri en 15 stykki af 4 mg lyfjatyggigúmmíi og 25 stykki af 2 mg lyfjatyggigúmmíi á sólarhring. Þegar hætta á reykingum: Lengd meðferðar er einstaklingsbundin en varir yfirleitt í a.m.k. 3 mánuði, þá skal draga úr fjölda stk. smám saman. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 stk á sólarhring. Þegar dregið er úr reykingum: Nota skal Nicotinell lyfjatyggigúmmí þegar upp kemur reykingaþörf til að lengja reyklaus tímabil og draga þannig úr reykingum eins og mögulegt er. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sígaretta á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúinn til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Venjulega er ekki mælt með reglulegri notkun Nicotinell lyfjatyggigúmmís lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, gætu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgangs lyfjatyggigúmmí þar sem reykingaþörf getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur aukið líkurnar á því að reykingafólk hætti að reykja. Samtímis neysla á súrum drykkjum t.d. kaffi eða svaladrykkjum getur dregið úr frásogi nikótíns í kinninni. Forðast skal súra drykki 15 mínútum fyrir notkun lyfjatyggigúmmísins. Frábendingar: Einstaklingar sem ekki reykja, eru með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna eða eru yngri en 18 ára eiga ekki að nota Nicotinell lyfjatyggigúmmí. Varnaðarorð og varúðarreglur: Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing áður en þú notar Nicotinell því ekki er víst þú megir nota lyfið ef þú: hefur fengið einhverja hjarta eða æðasjúkdóma, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, ert með alvarlega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi, með bólgu eða sár í munni, koki, vélinda eða maga, barn á brjósti eða ert á meðgöngu. Einstaklingum með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform nikótínlyfja. Sérstakar varúðarreglur varðandi hjálparefni: Nicotinell inniheldur sorbitól (E420): Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol, sem er mjög sjaldgæft, skulu ekki nota lyfið. Tyggigúmmígrunnurinn inniheldur bútýlhýdroxýtólúen (E321) sem getur valdið staðbundinni ertingu slímhúðar. Inniheldur natríum sem þarf að hafa í huga hjá sjúklingum á saltskertu fæði. Sumar bragðtegundir innihalda auk þess maltitól. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

**Hvítlakkaðir gólflistar**
MDF 14 x 65 x 2800 mm.
Stykkjaverð.
**1.895,-**

**Hvítlakkaðir listar**
14 x 65 x 2200 mm.
Stykkjaverð.
**1.595,-**

**Hvítlakkaðir furulistar**
14 x 65 x 2200 mm.
Stykkjaverð.
**1.795,-**

**Gólflistar/listar, hvítlakkaðir**
MDF 15 x 92 x 2200 mm.
Stykkjaverð.
**4.195,-**



**SWEDOOR**
**Innihurð með 12 rúðum**
Pressumótuð, hvít. Stærð 70/80 x 200 cm. Karmar og húnar fylgja ekki.
**69.995,-**
~~79.995,-~~

# Mjög mikið úrval
## - gæði og gott verð



**28.995,-**
**SWEDOOR**
**Stabel innihurð**
Stærðir: 70/80/90 x 200 cm, karmar, húnar og gerefti fylgja ekki. 3 mm trefjaplata með gegnheilum kjarna. Hvítt yfirborð, sterkbyggð, vandaður frágangur, málmlamir.

**35.995,-**
**SWEDOOR**
**Compact innihurð**
Stærðir: 70/80/90 x 200 cm, karmar, húnar og gerefti fylgja ekki. 3 mm trefjaplata með gegnheilum kjarna. Traust og sterkbyggð. Hvítt yfirborð, góð hljóðeinangrun, málmlamir.

**10.995,-**
~~13.995,-~~
**Easy innihurð**
EASY GW. Stærðir: 70/80/90 x 200 cm, karmar og húnar fylgja ekki.

**29.995,-**
**Finnland innihurð**
STYLE 03. Þriggja fulninga, pressumótuð, hvít. Stærðir: 70/80 x 200 cm, karmar og húnar fylgja ekki.

**29.995,-**
**Almue innihurð**
STYLE 02B. Hvít, tveggja fulninga, pressumótuð. Stærðir 70/80 x 200 cm. Karmar og húnar fylgja ekki.

**26.995,-**
~~34.595,-~~
**Noregur innihurð**
STYLE 04N. Fjögurra fulninga, pressumótuð, hvít. Stærðir: 70/80/90 x 200 cm. Karmar og húnar fylgja ekki.

Auglýst verð gildir til og með sunnudeginum 31. janúar 2016.
Gildir á meðan birgðir endast.

**BAUHAUS®**

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# Óðum styttist í fyrstu forkosningar

**Þrettán repúblikanar og þrír demókratar sækjast enn eftir því að verða forsetaefni flokkanna í kosingunum, sem haldnar verða eftir nærri ellefu mánuði. Á næstu mánuðum taka línur væntanlega að skýrast, þegar fyrstu forkosningarnar verða afstaðnar.**

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



**BANDARÍKIN** Innan fárra vikna hefjast forkosningar flokkanna í Bandaríkjunum. Í kjölfarið má búast við að þeim sem sækjast eftir að verða forsetaefni flokkanna taki að fækka.

Á tímabili voru repúblikanarnir orðnir sautján, en nú þegar hafa fjórir helst úr lestinni.

Að venju ríða Iowa og New Hampshire á vaðið með forkosningar sínar og kjörfundi, dagana 1. og 9. febrúar. Þessi tvö ríki hafa jafnan verið lykilríki í kosningabaráttunni, því úrslitin þar þykja gefa nokkuð góðar vísbendingar um framhaldið.

Þeir sem ekki komast á blað í Iowa eða New Hampshire þykja afar ólíklegir til að eiga minnstu möguleika eftir það.

Næsti stóri dagurinn er svo 1. mars, þegar forkosningar og kjörfundir eru haldnir í fjórtán ríkjum samtímis. Niðurstöðurnar þann daginn ráða væntanlega úrslitum fyrir ansi marga, en síðan halda forkosningarnar áfram í hverju ríkinu á fætur öðru allt fram í júní.

Það er svo á landsþingum Repúblikanaflokksins og Demókrataflokksins, sem haldin eru í júlí, sem endanlega er gengið frá því hverjir verða forsetaframbjóðendur hvors flokks.

Meðal repúblikana er Donald Trump enn langefstur á blaði, með nærri 35 prósenta fylgi að meðaltali í nýjustu skoðanakönnunum, samkvæmt samantekt á vefnum realclearpolitics.com

Ted Cruz kemur næstur honum, með tæplega 20 prósent, en þar á eftir koma Marco Rubio með tæp 12 prósent og Ben Carson með 9 prósent. Hinir átta mælast allir með minna en fimm prósent fylgi, þar á meðal ríkisstjórarnir Jeb Bush og Chris Christie.

Meðal demókrata hefur Bernie Sanders verið að draga nokkuð á Hillary Clinton undanfarið. Hann er kominn með nærri 40 prósenta fylgi en Clinton er með rétt um 50 prósent.

Forskot hennar jókst reyndar örlítið eftir kappræður þeirra á sunnudagskvöldið var.

Staða Clinton er hins vegar mun verri þegar skoðanakannanir frá Iowa og New Hampshire eru skoðaðar, lykilríkjunum tveimur sem velja sér frambjóðendur innan fárra vikna.

Í Iowa mælist Clinton að vísu með forskot, 46,8 prósenta fylgi á móti 42,8 prósenta fylgi Sanders. En í New Hampshire mælist Sanders með 49 prósenta fylgi, en Clinton aðeins með 41,5 prósent.

Veruleg spenna er því að færast í leikinn hjá demókrötum, nú þegar alvaran er að hefjast.

**13**
**repúblikanar sækjast enn eftir því að verða forsetaefni síns flokks.**

**3**
**demókratar sækjast eftir því að verða forsetaefni síns flokks.**

## Leiðin til Hvíta hússins

Forkosningar og kjörfundir flokkanna tveggja hefjast í byrjun febrúar. Þar velja flokkarnir í hverju ríki bæði forsetaefni sín og fulltrúa* á landsþing flokkanna í júlí, þar sem forsetaefnin eru útnefnd. Forsetakosningar verða svo haldnar 8. nóvember.

**FEB**

**Febrúar:** Forkosningar og kjörfundir haldnir í fjórum svonefndum lykilríkjum.

**1. feb:** Kjörfundir í Iowa
**9. feb:** Forkosningar í New Hampshire
**20. feb:** Kjörfundir í Nevada (demókr.) og forkosningar í Suður-Karólínu (repúbl.)
**23. feb:** Kjörfundir í Nevada (repúbl.)
**27. feb:** Forkosningar í Suður-Karólínu (demókr.)

**MAR**

**1. mars:** Á „ofurþriðjudeginum“ svonefnda fækkar væntanlega mjög í liði repúblikana. Kosið er í 14 ríkjum og á Bandarísku Samóaeyjunum: Forkosningar og kjörfundir demókrata og repúblikana í Alabama, Alaska (repúbl.), Bandarísku Samóaeyjunum (demókr.), Arkansas, Colorado, Georgíu, Massachusetts, Minnesota, Norður-Dakóta (repúbl.), Oklahoma, Tennessee, Texas, Vermont, Virginíu og Wyoming (repúbl.)
**5. mars:** Forkosningar eða kjörfundir í Kansas, Kentucky (repúbl.), Louisiana, Maine (repúbl.) og Nebraska (demókr.)
**6. mars:** Maine (demókr.), Púertó Ríkó (repúbl.)
**8. mars:** Havaí (repúbl.), Idaho (repúbl.), Michigan, Mississippi

**12. mars:** Havaí (repúbl.), Idaho (repúbl.), Michigan, Mississippi
**15. mars:** Florida, Illinois, Missouri, Norður-Karólína, Norður-Marianaeyjar (repúbl.), Ohio
**19. mars:** Bandarísku Jómfrúareyjarnar (repúbl.)
**22. mars:** Bandarísku Samóaeyjarnar (repúbl.) Arizona, Idaho (demókr.), kjörfundir í Utah.
**26. mars:** Alaska (demókr.), Havaí (demókr.), Washington (demókr.)

**AP**

**5. apríl:** Wisconsin
**9. apríl:** Wyoming (demókr.)

**19. apríl:** New York
**26. apríl** Connecticut, Delaware, Maryland, Pennsylvania, Rhode Island

**MAÍ**

**3. maí:** Indiana
**7. maí:** Gúam (demókr.)
**10. maí:** Nebraska (repúbl.), Vestur-Virginía

**17. maí:** Kentucky (demókr), Oregon
**24. maí:** Washington (repúbl.)

**JÚN**

**4. júní** Bandarísku Jómfrúareyjarnar (demókr.)
**5. júní:** Púertó Ríkó (demókr.)

**7. júní:** Kalifornía, Montana, New Jersey, Nýja-Mexíkó, Norður-Dakóta (demókr.), Suður-Dakóta
**14. júní:** Washington-borg (demókr.)

**JÚL**

**18.-21. júlí:** Landsfundur Repúblikanaflokksins





Ted Cruz
öldungad.þingmaður
**Donald Trump**
(til hægri)

*Á báðum landsfundunum sitja „ofurfulltrúar“ sem geta ráðið atkvæði sínu sjálfir. Til að hljóta útnefningu Repúblikanaflokksins þarf atkvæði frá 1.238 af 2.475 fulltrúum. Ofurfulltrúarnir eru 278 og flestir andvígir Trump.

**25.-28. júlí:** Landsfundur Demókrataflokksins





**Bernie Sanders**
öldungad.þingmaður

**Hillary Clinton**
fyrrverandi utanríkisráðherra (til vinstri)

Til að hljóta útnefningu Demókrataflokksins þarf atkvæði frá 2.385 af 4.768 fulltrúum. Clinton hefur þegar aflað sér stuðnings frá meira en 500 „ofurfulltrúum“

**ÁG**

**SEPT**

**26. sept:** Fyrstu sjónvarpskappræður forsetaefnanna
**4. okt:** Lokakappræður forsetaefnanna í sjónvarpi

**9. okt:** Aðrar sjónvarpskappræður forsetaefnanna
**19. okt:** Lokakappræður forsetaefnanna í sjónvarpi

**OKT**

**NÓV**

**8. nóvember:**
Kosningadagur

**Almennar kosningar:** Í almennum kosningum árið 2000 hlaut Al Gore 543.895 fleiri atkvæði en George W. Bush, en tapaði í kjörmannaráðinu

**DES**

**Kjörmannaráð:** Stofnun sem formlega kýs forseta og varaforseta. Kjörmennirnir eru 538, jafn margir og hinir 535 þingmenn Bandaríkjaþings að viðbættum þremur frá Washington-borg

**19. des:** Kjörmannaráðið greiðir atkvæði. Sá verður forseti Bandaríkjanna sem hlýtur atkvæði 270 eða fleiri kjörmanna. Árið 2000 hlaut George W. Bush 271 atkvæði í kjörmannaráðskosningu en Al Gore hlaut 266 (einn kjörmaður sat hjá)



Heimildir: Election Central, Real Clear Politics, dagsetningar miðast við 18. janúar.

LJÓSMYNDIR: AP, GETTY IMAGES





# Ávöxtun *sjóða* Stefnis

| Sjóður | Árleg nafnávöxtun 1 ár* | 2 ár* | 3 ár* | 4 ár* | 5 ár* | Árleg nafnávöxtun frá stofnun* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Blandaðir sjóðir** | | | | | | |
| Stefnir – Samval[1] | 33,4% | 20,7% | 20,8% | 19,5% | 18,2% | |
| Stefnir – Eignastýringarsjóður[1] | 22,1% | 12,1% | 12,1% | 11,3% | 11,1% | |
| **Íslensk hlutabréf** | | | | | | |
| Stefnir – ÍS 15[1] | 45,5% | 26,1% | 31,6% | 29,7% | 24,0% | |
| **Íslensk skuldabréf og innlán** | | | | | | |
| Stefnir – Ríkisvíxlasjóður[2] | 3,5% | 3,6% | 3,4% | 3,2% | 3,1% | |
| Stefnir – Ríkisbréfasjóður óverðtryggður[2] | 5,6% | 7,4% | 6,6% | 6,2% | 5,5% | |
| Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður millilangur[2] | 6,9% | 5,0% | 4,2% | 4,2% | 5,6% | |
| Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður langur[2] | 8,4% | 5,5% | 4,2% | 4,5% | 6,5% | |
| Stefnir – Ríkisskuldabréf verðtryggð[2] | 7,6% | 3,6% | 2,9% | 3,5% | 5,9% | |
| Stefnir – Lausafjársjóður[1] | 5,2% | 5,3% | 5,4% | | | 5,4% (Stofnaður 27.04.2012) |
| Stefnir – Skuldabréfaval[1] | 4,6% | | | | | 4,7% (Stofnaður 4.12.2014) |
| **Erlend hlutabréf **** | | | | | | |
| KF – Global Value[2] | 2,1% | 6,1% | 8,0% | 10,0% | 7,1% | |
| KMS – Global Equity[2] | 2,5% | 7,2% | 7,9% | 10,8% | 7,6% | |
| KMS Emerging Markets[2] | -11,5% | -4,7% | -8,4% | -2,6% | -6,5% | |
| Stefnir – Scandinavian Fund[2] | 1,3% | 1,4% | 5,1% | 9,8% | 5,0% | |
| Stefnir – Erlend hlutabréf[2] | -4,0% | 2,7% | 4,6% | 8,0% | 5,4% | |

** Grunnmynt sjóðanna er EUR en ávöxtun er uppreiknuð í íslenskar krónur. Gengi tekur þannig mið af gengi gjaldmiðilsins á hverjum tíma. Vakin er sérstök athygli á því að sökum gjaldeyrishafta er ekki hægt að fjárfesta í íslenskum krónum í þessum sjóðum.

* 1 ár: 31.12.2014 – 31.12.2015. 2 ár: 31.12.2013 – 31.12.2015. 3 ár: 31.12.2012 – 31.12.2015.
4 ár: 31.12.2011-31.12.2015. 5 ár: 31.12.2010 – 31.12.2015.
Árleg nafnávöxtun frá stofnun: Ef sjóður er yngri en 5 ára.

Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki sem rekur innlenda og alþjóðlega verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði fyrir einstaklinga og fagfjárfesta. Stefnir er stærsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins með um 400 milljarða króna í virkri stýringu. Frekari upplýsingar um Stefni og sjóðina má finna á www.stefnir.is.

## Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlegar vísbendingar um ávöxtun í framtíð

Allar ávöxtunartölur eru í íslenskum krónum. Tekið er tillit til umsýsluþóknunar við daglegan útreikning á gengi sjóðanna. Upplýsingar eru fengnar frá Arion banka hf., sem er vörslufyrirtæki sjóðanna, og frá upplýsingaveitu Bloomberg.

## Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis

Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólki Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á arionbanki.is/sjodir.

1) Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.
2) Sjóðurinn er verðbréfasjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Vakin er sérstök athygli á að áhætta fylgir fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir, sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóðum. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst því almennt vera áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðina, þ. á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum þeirra, má finna í útboðslýsingu og lykilupplýsingum þeirra, sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir

Arion banki
– fyrir framtíðina

# Velkomin heim til Íslands



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Í gær komu 35 nýir Íslendingar heim. Sex sýrlenskar fjölskyldur, þrettán fullorðnir og 22 börn lentu í Leifsstöð, á landi íss og elds, sem framvegis verður heimili þeirra.

Hópurinn fékk hlýjar móttökur á Keflavíkurflugvelli, forsætis- og félagsmálaráðherrar mættu fólkinu í Leifsstöð og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra ávarpaði hópinn, sagði að þótt kalt væri í veðri á Íslandi væru Íslendingar hlý þjóð. „Við hlökkum til að fá ykkur í þennan litla en góða hóp sem Íslendingar eru,“ sagði Sigmundur Davíð.

Einn hinna nýju þjóðfélagsþegna, Khattab al Mohammed, ræddi við fréttastofu 365 í gær og sagði stuttlega frá sögu sinni. Khattab flúði ásamt eiginkonu sinni, sex börnum og ömmu þeirra frá Sýrlandi árið 2012. Frá þeim tíma, í um fjögur ár, hafa börn hans ekki gengið í skóla og hafst við í flóttamannabúðum. Hann sér fram á bjartari tíma hér á landi, þar sem börnin fá skólavist og hinir fullorðnu geta unnið og séð fyrir fjölskyldum sínum.

Khattab sagði hópinn lítið sem ekkert hafa vitað um Ísland þegar þeim bauðst að koma hingað til lands. Hér væri kalt en þau hefðu frétt af því að hér væru þau velkomin. Stofnaðir hefðu verið Facebook-hópar til að kalla eftir komu þeirra hingað og vonarblik mátti sjá í augum hans og annarra í hópnum.

Stærstur hluti hópsins fer norður á Akureyri en nokkrir verða eftir á höfuðborgarsvæðinu. Um fimmtíu manns frá Rauða krossinum hafa undanfarnar vikur verið að útbúa íbúðir sem fjölskyldunum verður úthlutað. Þá bíða 48 stuðningsfjölskyldur eftir að styðja við bakið á hópnum og auðvelda aðlögun hans að íslensku samfélagi. Alls hafa um 200 sjálfboðaliðar Rauða krossins, auk starfsmanna, undirbúið komuna.

Nú fá þessir flóttamenn loksins tækifæri til að lifa eðlilegu lífi. Það liggur fyrir að ný heimkynni, tungumál og siðir eru að mörgu leyti frábrugðin þeim sem þau þekkja og við verðum að gefa þeim tíma og svigrúm til að aðlagast.

**Það liggur fyrir að ný heimkynni, tungumál og siðir eru að mörgu leyti frábrugðnir þeim sem þau þekkja og við verðum að gefa þeim tíma og svigrúm til að aðlagast.**

Þá skiptir mestu að við sem vorum hér fyrir sýnum okkar bestu hliðar, umburðarlyndi og kærleik gagnvart fólki sem hefur á síðustu árum upplifað meiri hörmungar en við munum flest sjá á lífsleiðinni. Miðað við skipulag og undirbúning og fórnfýsi sjálfboðaliða ætti ekkert að vera að vanbúnaði.

Skelfilegri vegferð þessara 35 einstaklinga lauk vonandi í gær. Þau geta lagt flóttann að baki sér. Framtíðarheimilinu er vissulega náð en stóra spurningin er hvort allt mannhatrið og vonskan sé að baki. Það veltur allt á viðtökum okkar, viðhorfi og fordómum. Bjóðum þau velkomin.




## Halldór




## Frá degi til dags

**„Allir hafa það jafn skítt“**

**Frjálshyggjumenn og aðrir gagnrýnendur jafnaðarstefnunnar segja stundum að undir stjórn jafnaðarmanna hafi allir það jafn skítt. Vissulega er slíkt iðulega sett fram í háði en enginn sem stundar stjórnmál ætlar sér að gera líf fólks skítlegt. Þó er það áhugavert að fylgjast með rökstuðningi borgaryfirvalda fyrir því að hætta með heitar hádegismáltíðir á ákveðnu félagsheimili aldraðra í Reykjavík. Bera yfirvöld fyrir sig þau rök að jafnræðis eigi að gæta meðal borgarbúa. Með þessari röksemdafærslu er háð frjálshyggjumanna orðið raunverulegra en nokkur jafnaðarmaður ætti að kæra sig um.**

**Kjósum burt sterkasta gjaldmiðilinn**

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson viðraði þá hugmynd að afnám verðtryggingar gæti verið tilvalið mál í þjóðaratkvæðagreiðslu. „Þetta er mál sem maður sæi fyrir sér að væri hægt að setja í að minnsta kosti ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu þannig að stjórnvöld hefðu þá þjóðina á bak við sig í því að fylgja þessu eftir,“ sagði hann. Þetta er afar fróðleg hugmynd, sérstaklega í ljósi þess að í útvarpsviðtali fyrr á árinu sagði Sigmundur Davíð þetta: „Við erum í rauninni með sterkasta og stöðugasta gjaldmiðil heims sem er verðtryggða krónan.“**

**stefanrafn@frettabladid.is**

# Börn á Íslandi og börn á heimsvísu



Bergsteinn Jónsson
framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi



Sigríður Víðis Jónsdóttir
upplýsingafulltrúi UNICEF á Íslandi

Fyrir rúmum aldarfjórðungi samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna sáttmála sem markaði mikilvæg tímamót fyrir öll börn. Þá varð Barnasáttmálinn til. Enginn mannréttindasáttmáli hefur notið viðlíka stuðnings hjá alþjóðasamfélaginu – þetta er útbreiddasti mannréttindasamningur í heimi og tryggir öllum börnum sömu mannréttindi.

Verkefnið sem Barnasáttmálinn gefur okkur öllum er margslungið. Þeim ríkjum sem hafa fullgilt sáttmálann ber m.a. skylda til að tryggja að hagsmunir barna séu meginforsendur í öllum málum er varða börn og koma í veg fyrir mismunun meðal barna.

**Ný skýrsla um börn á Íslandi kynnt í dag**

Í dag kynnir UNICEF á Íslandi nýja skýrslu um börn sem líða efnislegan skort hér á landi. Niðurstöður hennar sýna að fjöldi barna á Íslandi stendur höllum fæti. Með skýrslunni fer UNICEF á Íslandi fram á það við stjórnvöld að þau framkvæmi árlega greiningu á efnislegum skorti meðal barna hér á landi og setji sér skýr markmið um að draga úr skortinum. Við getum öll verið sammála um að ólíðandi sé að börn á Íslandi líði skort, sérstaklega með tilliti til þess að við erum eitt af efnamestu ríkjum heims.

Á sama tíma og við beinum sjónum okkar að þeim börnum sem búa við bágan kost hér á landi megum við ekki gleyma að á heimsvísu eru fleiri börn á flótta nú en hafa verið síðan í seinni heimsstyrjöldinni. Börn búa á stríðssvæðum og hafa hröklkast út í óvissuna. Önnur búa við sárafátækt, sofna hungruð og vakna hungruð, hafa ekki aðgang að hreinu vatni eða látast af sjúkdómum sem auðvelt er að koma í veg fyrir.

Út frá Barnasáttmálanum er ábyrgð okkar mikil sem eitt af mest velmegandi ríkjum heims. Bæði gagnvart börnum sem búa á Íslandi og þeim sem búa við bágar aðstæður út af stríðsátökum, fátækt og öðru. Ábyrgð okkar gagnvart börnum á Íslandi útilokar aldrei nauðsyn þess að berjast fyrir réttindum barna á heimsvísu. Við getum og eigum að gera bæði í einu.

Öll börn eiga réttindi, öll börn skipta máli.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Um dóm í Stím-máli



*Gísli Guðni Hall*
hæstaréttarlögmaður

Meginatvik Stím-málsins, sem dæmt var í Héraðsdómi Reykjavíkur í síðasta mánuði, eru tiltölulega einföld. Glitnir banki hf. lánaði í nóvembermánuði 2007 fyrirtækinu Stím ehf. um 19,5 milljarða króna, til kaupa á hlutabréfum í Glitni banka hf. og FL Group hf. Seljandi hlutabréfanna var bankinn sjálfur. Kaupverð var samtals um 25 milljarðar. Það sem upp á vantaði greiddi Stím ehf. með eiginfjárframlagi sem það aflaði með útgáfu hlutafjár og með lánum frá fjárfestum sem voru víkjandi gagnvart láni Glitnis, samtals um 5,5 milljarðar. Glitnir fékk veð í hinu selda og reiknast mér til að tryggingaþekja hafi verið um 128% af kaupverði, jafnframt því sem Glitnir fékk um 5,5 milljarða í greiðslu sem hluta kaupverðsins. Tölur eru gróft námundaðar en þetta er stóra myndin af því sem gert var.

Ákvörðun um lánveitingu bankans var tekin á fundi sex manna áhættunefndar.

**Niðurstaða um auðgunarásetning**

Í forsendum dómsins fyrir því að auðgunarásetningur Lárusar Welding hafi verið sannaður, eru þessar setningar:

*„Í ákæru er við það miðað að lán þetta hafi verið án fullnægjandi trygginga og að lánveitingin hafi skapað fjártjónshættu. […] Í dómsmálum sem rekin hafa verið eftir efnahagshrunið hefur því verið slegið föstu að gengi hlutabréfa félaga hafi tekið að lækka upp úr miðju ári 2007. Á þann veg þróaðist gengi hlutabréfa í Glitni banka hf. og FL Group hf. Kreppa var á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Ákærða mátti því vera ljóst að takmarkaðar tryggingar væru í hlutabréfum FL Group hf., þar sem allar líkur væru á því að virði þeirra myndi lækka hratt. Í ljósi lánsfjárhæðarinnar var takmörkuð trygging í hlutafé í FS 37 ehf. [sem fékk nafnið Stím ehf.], sem einungis nam ríflega tveimur milljörðum króna. Ákærða mátti því vera ljóst, í ljósi lánsfjárhæðarinnar, að mikilvægt væri að haldgóðar tryggingar stæðu að baki lánveitingunni.“*

Bankinn var sjálfur seljandi. Hann fékk veð í öllu hinu selda (skráðum hlutabréfum) og 22% eiginfjárframlagið rann til hans. Að þessar tryggingar hafi ekki verið taldar fullnægjandi af dóminum er mér ráðgáta. Hefði 25% eiginfjárframlag dugað? Eða kannski 50 – nú eða 100? Eða mátti bankinn kannski ekki fjármagna hlutabréfakaup? Niðurstaða um þetta virðist alfarið háð huglægri afstöðu dómaranna.

Þegar lagt er til grundvallar að hlutafé í Stím hafi verið um 2 milljarðar og takmörkuð trygging í því, horfir dómurinn fram hjá því að til viðbótar höfðu fjárfestar lagt til um 3,5 milljarða í formi víkjandi lána, sem runnu til Glitnis á sama hátt og hlutaféð. Yfirsjón eða vanþekking?

Tilvísanir dómara til efnahagshrunsins, að gengi hlutabréfa hafi tekið að lækka upp úr miðju ári 2007 og allar líkur hafi verið á að þau myndu halda áfram að gera það, eru ekki einungis eftiráspeki heldur birtist í þeim hrein þversögn og skilningsleysi á eðli markaða. Markaðsverð á hverjum tíma ræðst af framtíðarvæntingum markaðarins til viðkomandi hlutabréfa. Hafi markaðurinn á einhverjum tímapunkti metið það svo að hlutabréfaverð myndi lækka, þá voru þær væntingar komnar fram í markaðsverði þess tíma (undantekning væri ef aðili byggi yfir innherjaupplýsingum).

Hafi Glitnismenn metið það svo að hlutabréf bankans myndu fara lækkandi í verði, eins og dómurinn leggur þarna til grundvallar, þá var þeim mun ríkari ástæða fyrir þá til að selja hlutabréfin eins og gert var, enda bankinn þá betur settur sem nam eiginfjárframlaginu. Eftirfarandi dæmi skýrir málið:

Hafi markaðsverð bréfanna í upphafi verið 100, Glitnir lánað 78% kaupverðs á móti 22% eiginfjárframlagi, markaðsverð hefði síðan lækkað niður í 80, þá hefði Glitnir ekki tapað neinu, bréfin dygðu fyrir láninu 78, sem auk eiginfjárframlags 22 gerir 100. Hefði Glitnir hins vegar ekki selt bréfin, þá hefði lækkunin á bréfunum haft í för með sér tap upp á 20 og bankinn sæti uppi með 80 í stað 100.

Það er sama hversu mikið hlutabréfin hefðu lækkað, bankinn hefði alltaf verið betur settur sem nam eiginfjárframlaginu.

Eftiráskoðun dómaranna hefði því átt að leiða þá að þeirri niðurstöðu að ráðstöfunin hafi ekki falið í sér verulega fjártjónsættu, heldur hafi áhætta bankans af framtíðarverðlækkunum verið takmörkuð frá því sem hún var fyrir. Áhætta hafi færst yfir til kaupanda bréfanna sem lagði fram mikla fjármuni til kaupanna eins og áður sagði.

Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður gagnrýndi dóminn í grein sem birtist í síðustu viku. Ég lýsi mig sammála hans gagnrýni. Ég tel að dómurinn hafi horft fram hjá tiltölulega einföldum atriðum og dæmt mann í fimm ára fangelsi fyrir auðgunarbrot að ófyrirsynju.

**Ég tel að dómurinn hafi horft fram hjá tiltölulega einföldum atriðum og dæmt mann í fimm ára fangelsi fyrir auðgunarbrot að ófyrirsynju.**




Munið að skila
**launamiðunum**

Launamiðum ber að skila á rafrænu formi.

Skilafresti vegna framtalsgerðar 2016

**lýkur í dag**

Launamiðum og öðrum gögnum er eingöngu hægt að skila
á rafrænu formi á þjónustusíðunni **skattur.is**

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI
rsk@rsk.is
442 1000
Þjónustuver 9:30-15:30
STOFNUN ÁRSINS 2015

**Nánari upplýsingar á www.rsk.is**



Perú & Bólivía - á Inkaslóðum

2. - 17. október Fararstjóri: Guðrún Bergmann

Ferðalag til Perú og Bólivíu er mikið ævintýri, en í þessum framandi löndum blandast saman á ótrúlegan hátt hin forna Inkamenning landsins, litskrúðugir frumbyggjar og menjar frá nýlendutíma Spánverja. Einn af hápunktum ferðarinnar er týnda borgin Machu Picchu í Perú en við skoðum líka m.a. Titicacavatn og hæstu höfuðborg heims, La Paz, í Bólivíu. Ævintýraleg ferð á framandi slóðir!

Allir velkomnir á kynningarfund 21. janúar kl. 20:00 hjá Bændaferðum í Síðumúla 2, 2. hæð.

spör ehf.

Bókaðu núna á baendaferdir.is

Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 RVK

ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR



„KEYPTU LÍFEYRISSJÓÐIRNIR ALLTAF Í SÖMU HLUTAFÉLÖGUNUM?“

Morgunverðarfundur á Hótel Sögu Radisson Blu (Katla), fimmtud. 21. janúar, kl. 8-10.30

Allir velkomnir!

Samtök sparifjáreigenda

Skýrslan sem fjallað er um á fundinum er aðgengileg á heimasíðu samtakanna sparife.is

facebook.com/sparife









# Játningar nefndarmanns




**Silja Aðalsteinsdóttir**
ritstjóri


Ég játa: Ég sat einu sinni í úthlutunarnefnd starfslauna rithöfunda. Þar sat ég við annan óbreyttan nefndarmann undir forustu vammlausrar fræðikonu. Ekkert okkar var starfandi rithöfundur en öll höfðum við skrifað eitt og annað. Fjölmargar umsóknir bárust, við skiptum þeim á milli okkar og lásum þær vandlega heima, hittumst svo á löngum fundum og bárum saman skoðanir okkar. Oft vorum við ósammála en þá réð meirihlutinn niðurstöðu. Þetta var skemmtilegt verk að vinna, mér fannst gaman að lesa misjafnlega nákvæmar lýsingar á verkum í vinnslu, gaman að sjá hvað margir umsækjendur voru frjóir og gátu gefið góð og fjölbreytt rök fyrir umsókn sinni. Þetta var mikil vinna og ekki launað fyrir heimavinnuna en eitthvað fengum við fyrir fundasetuna. Ég leit svo á að þetta væri samfélagsleg skylda mín og ætlaðist ekki til launa á lögfræðingataxta fyrir vikið.

Gamanið fór af þegar úthlutunin var gerð opinber. Að venju varð uppi fótur og fit. Vinnan sem við höfðum innt af hendi af ýtrustu samviskusemi var nú dregin sundur og saman í háði í blöðum auk þess sem fólk hringdi og skrifaði ekki mjög elskuleg bréf. Ég er svo mikill aumingi að ég gafst upp við þetta og neitaði að sitja þau tvö ár í viðbót í nefndinni sem ég hafði skuldbundið mig til. Þó veit ég vel hvað þetta starf er mikilvægt. Hvað það er mikilvægt að hafa samfellu í launagreiðslum til starfandi rithöfunda og hvað það er mikilvægt að fylgjast nákvæmlega með sprotunum og hlúa að þeim. Þó að nefndarmönnum skjátlist stundum þá er einmitt skipt reglulega um svo að nýjar skoðanir komist að.

Ég er líka komin á þá skoðun núna að maður eigi ekki að taka nöldrið alvarlega – hlusta á það, vissulega, en ekki taka það of nærri sér. Átta sig á því að þessar raddir eru fáar hlutfallslega. Langflestir Íslendingar eru stoltir af rithöfundunum sínum, sigrum þeirra innanlands sem utan og vilja að þeir geti lifað á list sinni. Frjósemi í listrænu starfi á landinu er með ólíkindum og það er meðal annars að þakka þessari peningalús sem við verjum til þess á hverju ári.

**Gamanið fór af þegar úthlutunin var gerð opinber. Að venju varð uppi fótur og fit. Vinnan sem við höfðum innt af hendi af ýtrustu samviskusemi var nú dregin sundur og saman í háði í blöðum auk þess sem fólk hringdi og skrifaði ekki mjög elskuleg bréf.**

Þetta eru heilræði mín til þess fólks sem nú situr undir þrálátum ásökunum um að hafa farið illa með það fé sem því var falið að úthluta til rithöfunda landsins. Enginn getur unnið slíkt verk svo að öllum líki. Nöldrið gengur yfir en eitthvað af þeim listaverkum sem verða sköpuð á framfæri starfslauna á eftir að lifa miklu lengur og veita lesendum yndi.

# Hringavitleysa




**Skafti Þ. Halldórsson**
deildarstjóri eldra stigs


Hvílík blessun er það að vera grunnskólakennari nú um stundir. Ánægjan við að innleiða nýja aðalnámskrá er ómæld enda miklar sviptingar og breytingar á allri nálgun náms og kennslu. Margt í þeirri námskrá er svo skemmtilega loðið og flókið að umræður um það allt saman veita daglega ánægju, spjallið endalaust og líf kennara líkist orðið lífi hetjanna í Survivor. Hver kemst af? Hver botnar nokkuð í þessu? Kennarar hafa nóg að gera.

Ekki eru þeir leiðinlegri skemmtikraftarnir í nýmyndaðri Menntamálastofnun og raunar nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins sem hafa komið fram með lausnir á námsmati grunnskólans. Nú fáum við kennarar tækifæri til að umreikna okkar gömlu einkunnaskala eða stig, hvort sem þeir voru áður 1 til 10 eða 1 til 4 í bókstafina A, B, C sem er vitaskuld mikil framför og þar að auki B plús og C plús í 10. bekk. Talnagildin gömlu, sem byggðu sums staðar eingöngu á þekkingu nemenda á námsgreinum, víkja. Á bak við hinn nýja kvarða hefur hver skóli fyrir sig komið upp ítarlegum hæfniviðmiðum, byggðum á skóla- og aðalnámskrám svo að halda skyldi að allt væri nú á hreinu varðandi námsmat skólanna. Upplýsingarnar ítarlegri og meiri. Tekið er skýrt fram í nýlegri glærusýningu á heimasíðu Menntamálastofnunar að ekki skuli reiknað meðaltal einkunna enda erfitt að sjá hvernig meðaltal A, A, B, B, B plús og C ætti að vera.

## Hvers konar hringavitleysa er þetta?

En gamanmálunum lýkur ekki með þessu. Nú liggja fyrir tillögur um námsaðstoð við forystumenn framhaldsskólanna. Ef marka má fréttir dagblaða geta sumir skólameistarar þeirra skóla ómögulega skilið þessi námsviðmið þegar þeir þurfa nú að taka á móti nýjum nemendum sem eru með nýstárlegar einkunnir og þurfa því hjálp til að túlka A, B og C að ég tali nú ekki um B plús og C plús. Og til hvaða ráðs grípur Menntamálastofnun til að aðstoða blessaða skólameistarana?

Nú skal umreikna ABC og plúsana tvo yfir í tölur á nýjan leik 1 til 4. Þannig gildir A nú sem 4, B plús sem 3,75, B sem 3, C plús 2,75 og C sem 2. Og á glærusýningunni góðu er svo sýnt hvernig megi reikna heildarsummu þessara talnagilda sem auðveldar skólameisturunum að reikna meðaltal og verður að segja að það sé í býsna mikilli mótsögn við þau fyrirmæli til grunnskólanna að alls ekki eigi að reikna út meðaltöl.

**Hefur Ragnar Reykás verið ráðinn í störf við Menntamálastofnun? Hvaða vit er í því að reikna niðurstöður mats úr tölum yfir í ABC og plús en reikna það síðan allt saman yfir í tölur aftur?**

Nú er mér sem fákænum deildarstjóra í grunnskóla spurn: Hvers konar hringavitleysa er þetta eiginlega? Hefur Ragnar Reykás verið ráðinn í störf við Menntamálastofnun? Hvaða vit er í því að reikna niðurstöður mats úr tölum yfir í ABC og plús en reikna það síðan allt saman yfir í tölur aftur? Og hvers konar vanmat er þetta eiginlega á andlegu atgervi skólameistara framhaldsskólanna?

NÚ EINNIG
Í KRINGLUNNI

# OUTLET

**TAX FREE DAGAR**

## ALLAR OUTLET VÖRUR ÁN VIRÐISAUKASKATTS*

## 4.000 VÖRUR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## DAGANA 20.-24. JANÚAR.

### HAGKAUP HOLTAGÖRÐUM, SMÁRALIND OG KRINGLUNNI

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**EM 2016** Pólland



Aron Pálmarsson virðist djúpt hugsi í miðju leikhléi hjá Aroni Kristjánssyni landsliðsþjálfara í leiknum gegn Króatíu á EM í Póllandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Strákarnir kafsigldir í Katowice

**Íslenska landsliðið í handknattleik fór heim með skottið á milli lappanna eftir að hafa verið niðurlægt af Króötum í Katowice í gær. Þörf er á mikilli naflaskoðun hjá landsliðinu eftir sneypuför til Póllands.**

Henry B. Gunnarsson
henry@frettabladid.is
Valgarður Gíslason
valli@frettabladid.is
frá Katowice



**HANDBOLTI** Verkefnið var erfitt en gulrótin var stór. Tækist strákunum okkar að leggja Króata þá færi liðið með fjögur stig í milliriðil. Króatar með breytt lið og nú var lag. Þetta flotta tækifæri var svo sannarlega ekki nýtt því íslenska liðinu var hreinlega slátrað, 37-28. Þvílík flenging.

Strákarnir mættu í raun aldrei til leiks. Varnarleikurinn var sama gjaldþrotið og gegn Hvít-Rússum og sóknarleikurinn pínlegur. Engar lausnir gegn vörn Króata og í okkar vörn var ekki hægt að kaupa eitt stopp. Króatar komust í 5-1 og staðan var 11-2 eftir rúmar 14 mínútur. Leikurinn í raun búinn. Króatar náðu mest tíu marka forskoti í fyrri hálfleik en leiddu með níu mörkum í leikhléi, 19-10. Ótrúlega lélegt.

Sama hörmungin hélt áfram í síðari hálfleik. Strákarnir fundu aldrei neistann og fengu nákvæmlega það sem þeir áttu skilið. Þeir voru eins og litlir skólastrákar gegn karlmönnum á vellinum. Það var átakanlega erfitt að horfa upp á þetta. Að horfa á þessa reyndu og góða handboltamenn líta út eins viðvaninga inn á vellinum.

Það var ekki bara það. Það vantaði allan anda, kraft og grimmd í drengina. Það vantaði alla leikgleði og ástríðu. Án hennar hefur þetta lið aldrei unnið neitt. Það var engu líkara en þeir væru bugaðir af stressi sem er ótrúlegt þar sem þetta er einkar reynt lið sem þekkir þetta allt.

Annað stórmótið í röð veldur liðið gríðarlegum vonbrigðum. Það vita allir að þessir leikmenn geta betur. Hverjum er um að kenna? Þjálfaranum eða leikmönnum? Þjálfarinn er auðvitað sá sem er ábyrgur fyrir gengi liða en leikmenn verða einnig að axla ábyrgð. Þeir áttu að gera betur enda geta þeir það.

### Er tíma Arons lokið hjá HSÍ?

Staða Arons Kristjánssonar er ákaflega veik eftir þetta mót. Skiljanlega. Ég yrði afar hissa ef hann héldi áfram með liðið. Hans lið féll aftur á stóra prófinu og það eru engar afsakanir. Hann var með sitt besta lið en virtist ekki vera með þær lausnir sem þurfti. Íslenska landsliðið er betra en svo að árangurinn í síðustu tveim mótum sé boðlegur. Aron vildi ekkert gefa upp um framtíðina í gær en sagðist ætla að skoða sína stöðu á næstu dögum.

Þessi skellur í Katowice þýðir líka að íslenska liðið mun ekki spila á Ólympíuleikunum í Ríó í ágúst næstkomandi. Ísland gæti því í besta falli komist næst inn á stórmót eftir ár. Þessi hörmulegi árangur gæti orðið þess valdandi að Ísland lendi í neðri styrkleikaflokki og fái sterkari andstæðing. Þetta gjaldþrot setur framtíð liðsins í uppnám og það verður að taka alvarlega. HSÍ þarf að fara í naflaskoðun með liðið og umgjörð þess því sumir leikmenn eru að komast á tíma og framtíðin virðist alls ekki vera nógu björt.

## Bestu menn Íslands

### ARNÓR ÞÓR GUNNARSSON



Var markahæstur ásamt Guðjón Val með sex mörk úr 10 skotum og nýtti öll vítin sín þar til hann fiskaði víti sjálfur.

### GUÐJÓN VALUR



Baráttuglaðastur í íslenska liðinu í gær og var að reyna í vörn og sókn allan tímann. Skoraði sex mörk, stal 3 boltum, fiskaði 2 víti og gaf 3 sendingar sem skiluðu fiskuðum vítum.

## Ísland - Króatía 28-37 Skotnýting úr stöðum

- Íslenska liðið nýtti 54 prósent skota sinna í leiknum (52/28) en 8 af 28 mörkum íslenska liðsins komu úr hraðaupphlaupum.




## Gangur leiksins

**Markatala íslenska liðsins eftir tíu mínútna leikköflum í leiknum.**




- Ísland var með ellefu tapaða bolta og sex mörk eftir 23 mínútur.
- Króatar skoruðu ellefu mörk af línu í leiknum.
- Björgvin Páll Gústavsson skoraði fleiri mörk en Aron Pálmarsson.
- Króatía komst í 11-2 forystu.

## Nýjast af EM í Póllandi

**A-riðill**

**Makedónía - Serbía 27-27**
**Markahæstir:** Dejan Manaskov 10, Goce Georgievski 5, Stojanche Stoilov 4, Kiril Lazarov 4 - Petar Nenadic 7, Zarko Sesum 7, Ivan Nikcevic 5.

**Frakkland - Pólland 25-31**
**Markahæstir:** Kentin Mahe 5, Luc Abalo 5, Guy Oliver Nyokas 4, Michel Guigou 3 - Karol Bieleci 9, Kamil Syprzak 6, Przemyslaw Krajewski 6.

**Stig þjóða:** Pólland 6, Frakkland 4, Makedónía 1, Serbía 1.

**B-riðill**

**Hvíta-Rússl. - Noregur 27-29**
**Markahæstir:** Siarhei Rutenka 9, Siarhei Shylovich 7, Barys Pukhouski 5 - Kristian Björnsen 5, Christian O'Sullivan 5, Joakim Hykkerud 4.

**Króatía- Ísland 37-28**
**Markahæstir hjá Króatíu (skot):** M. Maric 8 (9), M. Strlek 6 (6), Zlatko Horvat 4/2 (5/2), I. Cupic 4 (6), M. Kopljar 3 (5).
**Mörk Íslands (skot):** Arnór Þór Gunnarsson 6/4 (9/5), Guðjón Valur Sigurðsson 6 (10/1), Snorri Steinn Guðjónsson 3/2 (4/2), Alexander Petersson 3 (5), Arnór Atlason 2 (5), Ólafur Guðmundsson 2 (5), Róbert Gunnarsson 1 (1), Stefán Rafn Sigurmannsson 1 (1), Vignir Svavarsson 1 (1), Bjarki Már Gunnarsson 1 (1), Björgvin Páll Gústavsson 1 (1), Rúnar Kárason 1 (2), Ásgeir Örn Hallgrímsson 0 (1), Guðmundur Hólmar Helgason 0 (1), Aron Pálmarsson 0 (4).
**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 10 (41/2, 24%), Aron Rafn Eðvarðsson (6, 0%).

**Stig þjóða:** Noregur 4, Króatía 4, Hvíta-Rússland 2, Ísland 0.

**Kære danski landshold. Vi vil gerne få Gummi Gumm tilbage i halfleikur. Tusind tak.**

Kristjana Arnarsdóttir
@kristjanaarnars

### ALEXANDER SÉR EKKI FRAMTÍÐ SÍNA Í LANDSLIÐINU

Alexander Petersson bað íslensku þjóðina afsökunar á frammistöðunni gegn Króatíu í gær.

„Við undirbjuggum okkur vel fyrir þennan leik og við vorum tilbúnir í leikinn. Svo lítum við bara út eins og við höfum aldrei spilað handbolta áður. Ég vil bið þjóðina afsökunar á þessari frammistöðu okkar í kvöld," sagði Alexander.

Úrslitin þýða að Ísland á ekki lengur möguleika á að komast á Ólympíuleikana í Ríó í sumar. „Það er bara allt farið. Ég sé ekki neina framtíð fyrir mig í landsliðinu, til að gefa liðinu eitthvað," sagði Alexander en er hann hættur í landsliðinu?

„Þetta er mjög svekkjandi. Planið var að komast á Ólympíuleikana og sjá hvernig málin stæðu eftir það mót. Ég get ekki sagt neitt um framtíðina á þessari stundu."



## Í dag

**C-riðill**
17.15 **Þýskaland - Slóvenía** RÚV
19.30 **Spánn - Svíþjóð** EHFTV
**D-riðill**
17.00 **Rússland - Svartfjall.** EHFTV
19.15 **Danmörk - Ungverjal.** RÚV2

19.40 **Leicester - Tottenham** Sport3
19.15 **Liverpool - Exeter** Sport

19.15 **Keflavík - Stjarnan** TM-Höllin
19.15 **Grindavík - Hamar** Röstin





# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 20. janúar 2016 — 3. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



**»2**
**Grínið gefið vel af sér**
Tekjur af uppistandi Mið-Íslands eru komnar yfir 100 milljónir. Ari Eldjárn segir uppistand orðið fullt starf.

**»4**
**Óvissa um íslensk lán til Noregs**
Bakslag er komið í samkomulag um skuldauppgjör norska skipafélagsins Havila Shipping.

**»4**
**Hvernig bankakerfi viljum við?**
Gylfi Magnússon segir Íslendinga þurfa að vita hvað þeir vilji fá út úr sölu ríkisins á bönkunum.

**»8**
**Svipmyndin**
**Eggert Þór Benediktsson**
Nýráðinn forstjóri ReMake Electric er syngjandi fjallagarpur.

**»10**
**Bandaríska hagkerfið**
Lars Christensen segir bandaríska seðlabankastjórann vera á góðri leið með að skapa kreppu í landinu.


# 3.700 ný hótelherbergi væntanleg »6



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



## SKJÓÐAN

# Ríkið sparar og þjónusta við neytendur batnar

**SKJÓÐAN** er alloft sammála Kára Stefánssyni, ekki síst þegar kemur að spítalamálum. Vitanlega á að reisa nýjan spítala og það strax. Ekki skiptir öllu máli hvar spítalinn er, svo lauslega sé vitnað í Kára sjálfan.

**SKJÓÐAN** fær sig hins vegar ekki til að taka undir með Kára þegar hann leggst gegn því að leyft verði að selja áfengi í matvöruverslunum og öðrum verslunum, sem ekki eru reknar af íslenska ríkinu.

**SKJÓÐUNNI** finnst gæta tvískinnungs hjá Kára og öðrum þeim, sem berjast gegn því að einkaaðilum verði leyft að selja áfengi í verslunum. Einkaaðilar selja í dag áfengi á hundruðum veitingastaða og kráa án þess að amast sé við því. Það eru því haldlítil rök að sala áfengis í matvöruverslunum stefni þeim sem veikir eru fyrir áfengi í hættu. Það er hundalógík að telja í lagi að einkaaðilar selji áfenga drykki á börum en sé ekki treystandi til þess að afgreiða þá í lokuðum umbúðum í verslunum.

**SVO ER ÞAÐ** segin saga að fyllibyttur finna alltaf leiðir til að verða sér úti um áfengi. Þeir sem sjaldan umgangast áfengi eru líklegri en bytturnar til að passa ekki upp á að eiga rauðvínsflösku með sunnudagssteikinni eða púrtvín til að bjóða góðri frænku, sem óvænt ber að garði. Þannig er líklegt að skert aðgengi að áfengi bitni fremur á þeim hófsömu en hinum sem þykir sopinn full góður.

**ENGIN RÖK** hafa verið færð fyrir því að verði sala áfengis leyfð í verslunum á vegum einkaaðila muni það fyrst og fremst gagnast einu eða tveimur fyrirtækjum, sem sópa muni hagnaði til sín. Hví skyldu ekki spretta upp hér sérhæfðar vínverslanir eins og algengt er erlendis, t.d. í smábæjum í Bretlandi? Sala áfengis getur orðið lyftistöng fyrir kaupmanninn á horninu, sem er í útrýmingarhættu.

**RÍKIÐ SPARAR** sér milljarða á því að þurfa ekki að reka verslanir, sem eingöngu selja áfengi, og heldur um leið þeim tekjum sem innheimtar eru með áfengisgjaldi. Einhverjar verslanir geta ákveðið að selja ekki áfengi, rétt eins og Bónus selur ekki tóbak í dag. Kári og aðrir þeir, sem ekki vilja hafa rauðvínið á sama stað og steikina, geta þá beint viðskiptum sínum til vínlausra verslana. Fyllibyttunum fjölgar ekkert við að áfengi sé selt í matvöruverslunum, ekki frekar en þeim hefur fjölgað með fjölgun vínveitingastaða.

**SKJÓÐAN** sér engin rök, sem hníga að því að ríkið stundi verslun með áfengi í einokunarverslunum, nú eða selji snyrtivörur í Keflavík eða reki fjölmiðla í Reykjavík.

## Kauphöllin

MESTA HÆKKUN SÍÐUSTU VIKUNA
**Hagar**
**2,17%**

MESTA LÆKKUN SÍÐUSTU VIKUNA
**Nýherji**
**-2,42%**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** **jonhakon@365.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** | Forsíðumynd **Ernir Eyjólfsson**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is

Til leigu 100 fm. atvinnuhúsnæði í
í miðju Borgarness, á móti ÁTVR
í verslunarmiðstöðinni Hyrnutorgi,
Hentar mjög vel fyrir t.d. verslun, þjónustu, kaffihús o.fl.
Frábært tækifæri á ört vaxandi ferðamannasvæði
Allarar nánari upplýsingar í síma 430-5502 / Guðsteinn
eða gudsteinn@kb.is
Borgarland ehf.




Mið-Ísland hefur staðið fyrir yfir 180 sýningum í Þjóðleikhúsinu á síðustu sjö árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Uppistand Mið-Íslands gefið yfir 100 milljónir

**Mið-Ísland hefur dregið að 35 þúsund gesti í Þjóðleikhúsið undanfarin sjö ár og nema tekjur af sýningum síðustu fjögurra ára um 110 milljónum króna. Nú þegar er nær uppselt á fyrstu sýningar ársins sem velta um 6,9 milljónum króna.**

Tekjur uppistandssýningar Mið-Íslands í Þjóðleikhúsinu nema um 110 milljónum króna á síðustu fjórum árum. Í fyrstu voru þetta aukatekjur fyrir hópinn en nú er þetta orðið fullt starf að sögn Ara Eldjárn uppistandara.

Tekjur Mið-Íslands námu um 37,8 milljónum króna árið 2015 þegar hópurinn hélt 60 sýningar fyrir 10.800 manns. Árið 2014 var besta ár hópsins en þá hélt hann 76 sýningar fyrir 15.200 gesti, og má áætla að tekjurnar hafi numið um 44 milljónum króna. Árið 2013 sóttu níu þúsund gestir sýninguna og má áætla að tekjurnar hafi numið 22,5 milljónum króna. Árið 2012 sóttu 2.500 manns sýninguna og námu tekjurnar um 6,25 milljónum króna.

„Við höfum byggt þetta upp hægt og rólega í sjö ár, það hefur verið stígandi í aðsókn og í ár hefur sýningin farið mjög vel af stað. Skýringin er hugsanlega sú að við völdum snemma að vera frekar með margar sýningar í litlum sal og það hefur ef til vill aukið umtalið. Miðaverð hefur reyndar líka alltaf verið mjög viðráðanlegt hjá okkur og svo spilar það stóra rullu að við erum með glænýtt efni á hverju einasta ári. En ég útiloka heldur ekki að sýningin þyki bara svona rosalega skemmtileg,“ segir Ari Eldjárn, einn af meðlimunum.

> **Fyrstu árin voru þetta bara aukatekjur en í dag er þetta meira en fullt starf fyrir okkur, sem er bara draumi líkast.**
>
> Ari Eldjárn uppistandari

„Fyrstu árin voru þetta bara aukatekjur en í dag er þetta meira en fullt starf fyrir okkur, sem er bara draumi líkast. En auðvitað er krefjandi verkefni að reka svona sýningu og létt að tína sér í sjálfri framleiðslunni sem er tímafrek og ekkert alltaf svakalega skemmtileg. En sjálft grínið og flutningurinn er á endanum það sem skiptir öllu máli og viljum við meina að við höfum aldrei verið öflugri en núna,“ segir Ari.

Samkvæmt heimildum Markaðarins er nær uppselt á sýningar Mið-Íslands á nýju ári. Um er að ræða ellefu sýningar í Þjóðleikhúskjallaranum.

Kjallarinn rúmar 180 manns og kostar miðinn 3.500 krónur. Því má áætla að tekjur hópsins nemi 6,9 milljónum króna af fyrstu sýningunum á nýju ári.

saeunn@frettabladid.is

## Vikan sem leið

**7,9**
**prósent styrking krónunnar**
Gengi krónunnar styrktist um 7,9 prósent á árinu 2015 og velta á gjaldeyrismarkaði jókst um 85 prósent. Hlutur Seðlabankans í veltunni var 55 prósent samkvæmt frétt Seðlabankans. Gjaldeyrisforði Seðlabankans jókst um 123 milljarða króna og var í árslok 653 milljarðar.

**28**
**dollarar fyrir olíutunnuna**
á tunnuna mældist heimsmarkaðsverð á hráolíu á mánudaginn í fyrsta sinn í tólf ár. Dýfuna má rekja til þess að viðskiptabanni Vesturlanda gegn Íran var aflétt í gær en það var hluti af samkomulagi Vesturlanda og Íran í kjarnorkudeilunni svokölluðu. Verðið hefur fallið um sjötíu prósent frá því um mitt síðasta ár.

**0,2**
**prósent verðbólga**
ríkti í Bretlandi í desember og hefur hún ekki mælst hærri í tólf mánuði. Verðbólga jókst um 0,1 prósent milli mánaða og var hærri en spár hagfræðinga. Englandsbanki setti stýrivexti í 0,5 prósent í nóvember, sögulegt lágmark, þar sem þeir telja að verðbólga verði undir tveimur prósentum næstu misseri.

## Á döfinni

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 20. janúar**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** - Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Samræmd vísitala neysluverðs í desember 2015
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Vísitala byggingarkostnaðar fyrir febrúar 2016

**Föstudagur 22. janúar**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Samræmd vísitala neysluverðs í desember 2015
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Mánaðarleg launavísitala í desember
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Greiðslujöfnunarvísitala í febrúar 2016
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Vísitala kaupmáttar launa í desember 2015
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Vísitala lífeyrisskuldbindinga í desember 2015

**Mánudagur 25. janúar**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Kjötframleiðsla í desember 2015

**Þriðjudagur 26. janúar**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Vinnumarkaður í desember 2015
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** - Viðskipti með atvinnuhúsnæði

**Miðvikudagur 27. janúar**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** - Hverjir eiga viðskipti með íbúðarhúsnæði?

**Fimmtudagur 28. janúar**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** - Fjöldi útgefinna vegabréfa
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Vísitala neysluverðs í janúar 2016

Vísir **Allar markaðsupplýsingar**



# Vandað skrifstofuhúsnæði til leigu

Hjá Reitum færðu bæði stórt og lítið skrifstofuhúsnæði tilbúið til afhendingar eða lagað að þínum þörfum.



**Höfðabakki í Reykjavík**
**416 eða 908 m²**
Með útsýni.



**Hátún í Reykjavík**
**365 m² á 2. hæð**
Tilbúið til afhendingar.



**Dalshraun í Hafnarfirði**
**400 eða 650 m²**
Innréttað að þínum þörfum.

Kynntu þér fleiri kosti á **reitir.is**

REITIR

*Velkomin til starfa*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Nær allt fór úrskeiðis við síðustu einkavæðingu



Gylfi Magnússon telur að eiginlega allt sem gat hafi farið úrskeiðis í fyrri einkavæðingu bankanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég held að lykillinn að því að einkavæðingin gangi almennilega sé að það sé nokkurn veginn ljóst hvaða umhverfi fjármálakerfinu verður boðið á næstu árum, þ.e.a.s. hvers konar bankakerfi við stefnum að og hvaða umgjörð rekstur þess fær,“ segir Gylfi Magnússon, dósent í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Gylfi flytur erindi um hvað við getum lært af fyrri einkavæðingu bankanna og hvað beri að varast nú þegar ríkið mun selja hluta af Landsbankanum og Íslandsbanka á næstu misserum á hádegisfundi Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga í dag.

„Það fór eiginlega allt úrskeiðis sem hægt var í fyrri einkavæðingunni. Ferlið var ekki gagnsætt. Leikreglurnar voru ekki ljósar í upphafi og voru kannski einu sinni eðlilegar,“ segir Gylfi.

Gylfi telur líklegt að einhver hluti í Landsbanka eða Íslandsbanka verði seldur fljótlega, annaðhvort á þessu ári eða því næsta, en telur ólíklegt að stór hluti þeirra verði seldur á stuttum tíma, alla vega hérlendis. „Ég held að það sé langskynsamlegast að gera þetta í skrefum sem geta tekið einhver ár, það liggur ekki á.“

Gylfi segir að fjölda spurninga sé ósvarað, til dæmis hvort fjárfestingabankar og viðskiptabankar verði aðskildir, hvort hömlur verði settar á eignarhald einstakra fjárfesta, og hvaða kröfur verða gerðar til eiginfjár fjármálafyrirtækja. „Ég held að það verði að svara þeim svo að fólk viti hvað það sé að selja eða kaupa.“

Hann telur það lykilatriði að þeir sem kaupa hluta í banka á móti ríkinu viti hvort ríkið ætli sér að halda afganginum til frambúðar eða hvort þetta sé fyrsta skref í átt að fullri einkavæðingu. Gylfi telur erlent eignarhald mjög líklegt. „Ég held að það hljóti að koma til, og væri af ýmsum ástæðum jákvætt skref, að menn reyni að selja einn banka að einhverju leyti eða mestu leyti til útlanda.“

> **Spurningin er hversu umsvifamikið fjármálakerfi við þurfum eða viljum.**
>
> Gylfi Magnússon, dósent í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands

Gylfi telur að fleiri spurningum sé enn ósvarað sem verði ekki svarað á fundinum, bæði hvað varðar gjaldmiðilsmál og umfang fjármálakerfisins. „Spurningin er hversu umsvifamikið fjármálakerfi við þurfum eða viljum. Öll Vesturlönd eru að glíma við að fjármálakerfin hafa vaxið mjög hratt áratugum saman, en það hefur enginn fundið almennilega leið til að takast á við það.“ – sg

# Íslensk bankalán í Noregi í hættu eftir nýtt bakslag

**Óvissa ríkir um framtíð norska skipafélagsins Havila Shipping þar sem skuldabréfaeigendur styðja ekki samkomulag um að að lengja í skuldum. Íslenskir bankar hafa lánað félaginu átta milljarða króna. Hætta er á að félagið verði gjaldþrota.**



Norðmenn hafa lagt um 100 olíuþjónustuskipum vegna djúprar kreppu í greininni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óvissa ríkir um samkomulag sem norska skipafélagið Havila Shipping hefur gert við lánardrottna sína eftir að fyrirtækið hætti við fundi sem fara áttu fram í dag með eigendum skuldabréfa Havila. Arion banki og Íslandsbanki hafa lánað fyrirtækinu átta milljarða íslenskra króna. Félagið sérhæfir sig í þjónustu við olíuleit en djúp kreppa ríkir í greininni.

Ketill Sigurjónsson, sérfræðingur í orkumálum, segir verulega hættu á að Havila Shipping verði gjaldþrota. Uppgefin ástæða samkomulagsins við lánardrottna, sem tilkynnt var um þann 5. janúar, var að núverandi tekjur félagsins dygðu ekki til þess að greiða af öllum lánum og ekki væri útlit fyrir að markaðsaðstæður myndu lagast á næstunni.

Olíuverð hefur fallið um 74 prósent frá sumrinu 2014, um það leyti sem Arion banki lánaði fyrirtækinu 300 milljónir norskra króna, og stendur nú í tæplega 30 dollurum á tunnu. Íslandsbanki lánaði félaginu 130 milljónir norskra króna í árslok 2013. Arion banki og Íslandsbanki hafa ekki viljað gefa upp hvaða veð, ef einhver, eru fyrir lánunum.

Samkomulagið byggði á að lengt verði í lánum og afborgunum seinkað. Eigendur skuldabréfa sem Havila hafði gefið út þurfa að samþykkja að afborgunum af skuldabréfunum verði frestað og 200 milljónir norskra króna af nýju hlutafé verði lagt í félagið, jafnvirði 2,8 milljarða íslenskra króna, fyrir 15. mars. Þar af hyggst Sævik-fjölskyldan, stærsti eigandi félagsins, leggja félaginu til 102 milljónir norskra króna.

Í tilkynningu til Norsku kauphallarinnar sagði að óvíst væri að skuldabréfaeigendurnir samþykktu samkomulagið og því hefði verið hætt við fundina. Engu að síður væri stefnt að því að ná samkomulagi fyrir 31. janúar næstkomandi.

Hlutabréf í fyrirtækinu féllu um 8,9 prósent í gær og hafa fallið um 90 prósent síðasta árið. Félagið tapaði 88 milljónum norskra króna, jafnvirði 1,3 milljarða íslenskra króna, á fyrstu níu mánuðum síðasta árs. Bókfærðar eignir félagsins námu 120 milljörðum íslenskra króna í lok september. Skuldir félagsins námu þá 91 milljarði og eigið fé 29 milljörðum. Meginþorri eigna félagsins eru 28 skip, bókfærð á 108 milljarða króna. Ketill segir illmögulegt að koma skipunum í verð um þessar mundir en búið er að leggja um 100 olíuþjónustuskipum í Noregi, um 15 prósentum heildarflotans.

ingvar@frettabladid.is


Ráðstefnan er opin öllum
Skráning og nánari upplýsingar á www.fle.is

Félag löggiltra endurskoðenda

SKATTADAGUR FLE
Ráðstefna um skattamál
Föstudag 22. janúar 2016, Gullteigur á Grand Hóteli Reykjavík
Ráðstefnustjóri: Geir Steindórsson, endurskoðandi E&Y

Kl. 08:00 - 8:30 Skráning og kaffisopi

Kl. 08:30 Setning ráðstefnu
Margrét Pétursdóttir, formaður FLE

Hvað er BEPS (Base erosion and profit shifting)?
Símon Jónsson, lögfræðingur Deloitte ræðir um alþjóðlega skattaskipulagningu sem nýtir glufur og misræmi í skattareglum og hvernig hægt sé að stoppa upp í glufurnar.

Nýlegar breytingar á lögum um tekjuskatt, virðisaukaskatt, reglugerðir og fleira er þeim tengjast
Alexander G. Eðvardsson, löggiltur endurskoðandi KPMG

Kl. 10:00 - 10:20 Kaffihlé
Af borði Ríkisskattstjóra
Skúli Eggert Þórðarson, ríkisskattstjóri

Skattlagning úttekta úr félögum
Friðgeir Sigurðsson lögfræðingur PwC fjallar í erindi sínu um mismunandi form á úttektum hjá félögum og skattaleg álitaefni þeim tengdum.

Nýlegir úrskurðir og dómar
Steinþór Haraldsson, skrifstofustjóri RSK Hellu

Kl. 12:30 Ráðstefnulok

Þátttökugjald: kr. 24.000 fyrir félagsmenn FLE og starfsfólk endurskoðunarfyrirtækja, en kr. 30.000 fyrir aðra. Ráðstefnan gefur 4 einingar í skatta- og félagarétti.

Ráðstefnan er opin öllum þeim sem áhuga hafa.
Vinsamlegast skráið þátttöku á www.fle.is ekki síðar en á hádegi 21. janúar 2016.


# AGS spáir minnkandi hagvexti á árinu



Christine Lagarde er framkvæmdastjóri AGS. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) hefur lækkað hagvaxtarspá sína fyrir árin 2016 og 2017 um 0,2 prósent frá síðustu spá sinni í október. AGS spáir því 3,4 prósenta hagvexti á árinu, en 3,6 prósenta hagvexti árið 2017. Þetta kemur fram í nýju World Economic Outlook.

Ástæða þess er meðal annars lægra hrávöruverð og minni hagvöxtur í Kína og í nýmarkaðsríkjum. AGS spáir því að hagvöxtur í Kína muni dragast saman og verða um 6,3 prósent á árinu sem er í takt við hagvaxtartölur frá Peking sem birtust í gær. Þar kom fram að hagvöxtur hefði ekki mælst minni í aldarfjórðung.

AGS telur að hagvöxtur komi til með að aukast í þróuðum löndum, en að miklir erfiðleikar séu framundan í nýmarkaðsríkjum. Sjóðurinn lækkar hagvaxtarspá sína mest í Brasilíu, þar sem því er spáð að hagvöxtur muni dragast saman um 3,5 prósent á árinu og enginn hagvöxtur verði á árinu 2017. Þetta ku vera vegna pólitískrar óvissu vegna rannsóknar á spillingu hjá olíufyrirtækinu Petrobras. – sg

# Stormasöm vika að baki



Elvar Ingi Möller segir íslenska markaði fylgja erlendum mörkuðum í meira mæli en áður.

Gríðarlegar sveiflur hafa átt sér stað á íslenskum hlutabréfamarkaði undanfarna viku. Úrvalsvísitalan hrapaði í síðustu viku og hafði lækkað um 10 prósent það sem af var ári þegar lækkunin var mest. Í byrjun vikunnar hóf Úrvalsvísitalan að hækka á ný og hækkaði um 3,26 prósent í gær. Þetta er í takt við þróun á erlendum mörkuðum. Elvar Ingi Möller hjá greiningardeild Arion banka telur að eðlilegt sé að fylgni sé milli markaða.

„Það sem af er ári hefur innlendur hlutabréfamarkaður þróast með sambærilegum hætti og helstu hlutabréfavísitölur beggja vegna Atlantshafsins. Þó að lækkunin hér heima á fyrstu dögum ársins hafi ekki verið jafn mikil og á erlendum mörkuðum voru lækkanir í síðustu viku nokkuð skarpari á innlendum hlutabréfamarkaði en úti í heimi. Hlutfallsleg lækkun Úrvalsvísitölunnar og helstu erlendu vísitalna það sem af er ári er því svipuð. Það er eðlilegt að það sé fylgni milli markaða, sér í lagi þegar lækkanir erlendis eru drifnar áfram af vangaveltum og einhverju leyti ótta við að þróttur alþjóðahagkerfisins, og þá helst í Kína, sé að minnka,“ segir Elvar Ingi.

Úrvalsvísitalan hækkaði um 43 prósent á síðasta ári. Ekki eru þó öll félög í Kauphöllinni í Úrvalsvísitölunni og þegar litið er á vísitölu sem mælir öll félög í Kauphöllinni (OMXI all-share) er hækkunin á árinu 35 prósent. – sg




**Kostir þess að leigja.**

Þú greiðir fasta upphæð á mánuði í þrjú ár og því er ekki þörf að leggja út fyrir öllum kostnaði í einu. Kostnaður við hvern starfsmann verður þekktur og ábyrgð er á búnaðinum út samningstímann. Að samningstíma loknum er mögulegt að endurnýja búnaðinn.

**Settu saman pakka sem hentar þér.**
Nánar á www.ok.is/eigduleigdu – sala@ok.is

Opin Kerfi
– allt er mögulegt

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is

VERT 4609

## Hótelframkvæmdir á Íslandi 2016-2019

■ Áætluð verklok ■ Ný herbergi




**28,4%** verður fjölgun ferðamanna sem fara um Keflavíkurflugvöll á árinu samkvæmt spá Isavia.

### Suðurland

**1. Hótel Geysir**
Geysir
77
2017

**2. Hótel Selfoss**
Selfoss
34
2016

**3. Fosshótel Jökulsárlón**
Hnappavellir í Öræfasveit
104
2016

**4. NL hotels**
Óseyrartangi
60
Óvíst

**5. Hótel Frostrós**
Laugarás
72
2017

**6. Stracta Hótel**
Orrustustaðir í Skaftárhreppi
200
2017

**7. Stracta Hótel**
Hella
66
2016/2017

**8. Skíðaskálinn**
Hveradalir
100
Óvíst

**9. Náttúrulækningafélag Íslands**
Hveragerði
90
Óvíst

### Austurland

**10. Fosshótel Austfirðir**
Fáskrúðsfjörður
21
2016

**11. Hótel Hallormsstaður**
Hallormsstaður
30
2016

### NA-Land

**12. Fosshótel**
Akureyri
140
2017/2018

**13. Icelandair hotels**
Mývatn
Óvíst
Óvíst

**14. Fosshótel**
Mývatn
91
2017

**15. Fosshótel**
Húsavík
40
2016

### NV-land

**16. Hymir ehf.**
Sauðárkrókur
60-80
Óvíst

### Suðurnes

**17. Bláa lónið**
Grindavík
62
2017

### Vesturland

**18. Fosshótel**
Reykholt
28
2017

**19. Hótel Húsafell**
Húsafell
10
2016

**20. Franciscus**
Stykkishólmi
10
2016

# 80 milljarða hótelfjárfesting fram undan

Útlit er fyrir að nær fjögur þúsund hótelherbergi rísi á Íslandi á næstu 3-4 árum. Hótelherbergjum á höfuðborgarsvæðinu fjölgar að líkindum um helming og enn meira á Suðurlandi. Fjölgun hótelherbergja í Reykjavík á síðasta ári rétt náði að halda að sögn sérfræðings.

Ingvar Haraldsson
ingvar@frettabladid.is



Útlit er fyrir að yfir 3.700 hótelherbergi geti risið hér á landi á næstu þremur til fjórum árum, þar af um 2.500 á höfuðborgarsvæðinu. Áætluð heildarfjárfesting nemi um 55-60 milljörðum króna á höfuðborgarsvæðinu miðað við uppgefinn kostnað og að kostnaður á herbergi sé 18-22 milljónir króna. Þá má gera ráð fyrir að kostnaður við hótelframkvæmdir á landsbyggðinni nemi um 20 milljörðum króna.

„Við erum rétt að ná að halda í við fjölgun ferðamanna með þessari uppbyggingu. Í raun og veru miðast núverandi uppbygging við að yfir 20 prósent vöxtur hætti á næsta ári og við taki rólegri vöxtur. Það sem nú er í pípunum dugar ef við miðum við hóflegan vöxt fram til ársins 2019. Haldi vöxturinn áfram eftir það munum við þurfa að byggja meira,“ segir Óli Örn Eiríksson, deildarstjóri atvinnuþróunar hjá Reykjavíkurborg. Hann bendir á að í raun hafi verið uppselt á hótelherbergi í Reykjavík í kringum Sónarhátíðina í febrúar, í mars og í júlí.

Alls risu 614 ný hótelherbergi á síðasta ári og eru þau alls orðin tæplega 4.000. Því má búast við að hótelherbergjum fjölgi um ríflega helming á tímabilinu.

Þó verður að taka mið af því að verkefnin eru komin mislangt á veg. Enn á eftir að semja um rekstraraðila að hóteli við Hlíðarenda. Félagið G1 ehf. og Faghús vilja reisa 363-436 herbergja hótel við Grensásveg 1. Þar er stefnt að því að rífa svokallað Mannvitshús og fá leyfi til að bæta tveimur hæðum við núgildandi skipulag. Enn á þó eftir að fá fleiri fjárfesta að borðinu og þá liggur leyfi skipulagsyfirvalda ekki fyrir.

Þá er upptalningin ekki tæmandi en ýmis önnur verkefni sem enn eru á hugmyndastigi eru ekki inni í samantektinni sem byggði á upplýsingum frá Samtökum ferðaþjónustunnar, fréttum, atvinnuþróunarfélögum, sveitarfélögum og aðilum í ferðaþjónustunni.

### Þörf á 600 herbergjum á ári

Í spá Landsbankans frá því í mars árið 2015 var gert ráð fyrir því að byggja þyrfti um 600 ný hótelherbergi á ári fram til ársins 2022. Miðuðust forsendurnar við að ferðamönnum myndi fjölga um 15 prósent á síðasta ári og að meðaltali átta prósent árin þar á eftir. Fjölgunin hefur verið mun hraðari en spáin gerði ráð fyrir. Á síðasta ári fjölgaði farþegum sem fóru um Keflavíkurflugvöll um 25,5 prósent. Isavia spáir 28,4 prósenta fjölgun farþega um Keflavíkurflugvöll á þessu ári. Spáin sem var birt í nóvember byggðist meðal annars á áætlunum flugfélaga og bókunum sem þá lágu fyrir.

### Mikil fjölgun á Suðurlandi

Mest uppbygging á landsbyggðinni er ráðgerð á Suðurlandi þar sem ferðamannastraumurinn hefur verið einna mestur. Áætlanir gera ráð fyrir að hótelherbergjum þar fjölgi um 800 á næstu tveimur til þremur árum. Á háannatíma, í júlí 2014, var heildarfjöldi herbergja á Suðurlandi 1.095. Alls voru herbergi á landsbyggðinni 2.762 í júlí 2014 en búist er við að 1.200 hótelherbergi bætist við utan við höfuðborgarsvæðið á næstu tveimur til þremur árum. Upplýsingar um framboð herbergja á síðasta ári liggja ekki fyrir hjá Hagstofunni.

> **Við erum rétt að ná að halda í við fjölgun ferðamanna með þessari uppbyggingu. Í raun og veru miðast núverandi uppbygging við að yfir 20 prósent vöxtur hætti á næsta ári og við taki rólegri vöxtur.**
>
> Óli Örn Eiríksson, deildarstjóri atvinnuþróunar hjá Reykjavíkurborg



> **Það er full ástæða til að fylgjast vel með þróuninni og full ástæða fyrir banka að velta fyrir sér hvort verið sé að fara of geyst í hlutina.**
>
> Friðrik Már Baldursson, prófessor í hagfræði



Yfir hásumarið má segja að hótel séu nær uppbókuð hér á landi. Herbergjanýtingin var milli 87 og 92 prósent í júlí á síðasta ári á öllum landsvæðum nema Norðurlandi þar sem nýtingin var 79,4 prósent. Yfir vetrarmánuðina er munurinn hins vegar mun meiri. Á höfuðborgarsvæðinu var nýtingin 76,7 prósent í nóvember en 12,8 prósent á Austurlandi, 22,4 prósent á Norðurlandi og 23,5 prósent á Vesturlandi og Vestfjörðum. Á Suðurlandi var nýtingin 34,7 prósent og á Suðurnesjum var hún 46,7 prósent.

### Seðlabankastjóri áhyggjufullur

Már Guðmundsson seðlabankastjóri hefur lýst áhyggjum af offjárfestingu í hótelbyggingum á næstu árum. „Yfirleitt fara svona fjárfestingarbylgjur fram úr sér að lokum og það er bara spurning hvað það verður mikið,“ sagði Már á opnum fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í nóvember.

„Hvort við séum þar, það er fullyrt að svo sé ekki, og staðreyndin er sú að hótelnýting á Íslandi er með því hæsta sem gerist enn sem komið er, en við þurfum að fylgjast með þessu,“ sagði Már.

### Hætta að hafa eggin í sömu körfu

Friðrik Már Baldursson, prófessor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík, segist taka undir með seðlabankastjóra. „Það er full ástæða til að fylgjast vel með þróuninni og full ástæða fyrir banka að velta fyrir sér hvort verið sé að fara of geyst í hlutina.“

„Það sem maður hefur mestar áhyggjur af er ef það kæmi eitthvert bakslag í þetta og það yrðu einhver félög gjaldþrota, þá segði það til sín hjá þeim sem hafa verið að lána í þetta.“

Friðrik bendir á að Íslendingar hafi átt það til að setja öll eggin í sömu körfuna. Þá séu óvænt áföll þess eðlis að það býst enginn við þeim. Ýmislegt getur valdið því að það hægi á fjölgun farþega eða þeim fækki, til að mynda verkföll, sem nærri voru því að skella á síðasta sumar, fækkun flugferða, styrking á gengi krónunnar eða að Ísland detti einfaldlega úr tísku.

### Airbnb dyttu út í niðursveiflu

Óli segir að ef ferðamönnum fækkaði tilfinnanlega á Íslandi myndi gistingin á jaðrinum væntanlega detta fyrst út af markaðnum. „Þá myndu best byggðu hótelin á bestu stöðunum standa það af sér. En þeir sem myndu detta út af markaðnum væru Airbnb-íbúðir og lítil gistihús sem myndu þá fara yfir á leigumarkaðinn. Það hefur sýnt sig að aðilar eru fljótir að laga sig að breyttum aðstæðum.“

Íbúðagisting í gegnum vefsíðuna Airbnb nýtur nokkurra vinsælda í Reykjavík. Þannig kom fram í skýrslu Háskólans á Bifröst sem kom út á síðasta ári að um 1.800 íbúðir, eða fjögur prósent allra íbúða í Reykjavík væru skráð á síðunni.

Íslandshótel eru eitt þeirra fyrirtækja sem hyggja á mikla uppbyggingu á næstu árum. Fyrirtækið vinnur að því að stækka eða byggja átta hótel um allt land með heildarfjárfestingu upp á 12-15 milljarða. „Reksturinn stendur þannig að við erum viðbúnir að taka á okkur einhvern skell sem gæti orðið út af svona hlutum,“ segir Davíð Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslandshótela.



**Byltingarárið 2015 – og hvað svo?**
Konur í öllum stjórnmálaflokkum á Alþingi efna til málþings um byltingarárið 2015 í dag. Þar verður farið yfir viðburðarríkt afmælisár kosningaréttar kvenna og fjallað um næstu skref femínískrar baráttu. SÍÐA 2

# TÓNELSKANDI STARFSSTÉTT

Læknar ásamt læknanemum stíga á svið á Café Rosenberg á morgun þar sem flutt verður frumsamin tónlist auk laga eftir aðra listamenn. Markmið skipuleggjandans er að halda slíka tónleika tvisvar til þrisvar á ári. Aðgangur er ókeypis.

Tónelskir læknar halda tónleika á Café Rosenberg í Reykjavík á morgun fimmtudag en hópurinn hefur haldið tónleika á þriggja til sex mánaða fresti undanfarin þrjú ár við góðar viðtökur.

Upphafsmaður þeirra er hjartalæknirinn Helgi Júlíus Óskarsson sem lengi vel var búsettur í Bandaríkjunum en er nú fluttur heim til Íslands. „Ég fékk hugmyndina eftir að talsverð umfjöllun átti sér stað um tónlist og lækna skömmu eftir útgáfu fyrstu plötu minnar árið 2010. Það voru skrifaðar ýmsar blaðagreinar varðandi útgáfuna og mér fannst bara upplagt að leita að þeim læknum sem voru að sniglast í tónlist heima hjá sér og gefa þeim tækifæri til að koma fram.“

Þeir sem koma fram á tónleikunum eru meðlimir úr hljómsveitinni Band Aids, en sveitin er skipuð unglæknum og læknanemum, og Haukur Heiðar Hauksson, söngvari, gítar- og hljómborðsleikari Diktu, mun flytja eigið efni. „Auk þess mun Hróðmar H. Helgason flytja frumsamið þungarokk ásamt hljómsveit, Michael Clausen kemur fram ásamt hljómsveit og flytur eigið efni og Þórður Þórkelsson flytur nokkur lög eftir sjálfan sig.“

**FRUMSAMIN TÓNLIST BEST**

Tónleikarnir undanfarin ár hafa alltaf verið haldnir á Café Rosenberg og hafa þeir að hans sögn gengið skemmtilega vel upp og ávallt verið góð stemning á þeim. „Langtímamarkmið okkar er að halda áfram með þessa tónleikaseríu tvisvar til þrisvar á ári. Við leggjum hart að læknum, sem við vitum að eru í tónlist, að koma fram enda viljum við hafa sem mesta breidd í tónlistinni. Okkur finnst alltaf skemmtilegast þegar læknarnir flytja frumsamda tónlist og texta ef það er möguleiki en einnig er flutt tónlist eftir aðra. Ég vil koma á framfæri þakklæti til starfsfólks Rosenberg sem hefur alltaf verið mjög liðlegt í skipulagningu þessara tónleika og gerir okkur og öðrum kleift að koma fram fyrir lítinn eða nánast engan pening.“



**Helgi Júlíus Óskarsson skipuleggur tónleika tónelskra lækna.** MYND/GVA

**RÓ Á HUGANN**

Það er ekki algengt að sjá fulltrúa einnar atvinnugreinar hittast svo reglulega og halda tónleika. Eru læknar ef til vill músíkalskari en aðrar stéttir? „Ég hef svo sem ekki séð sterk rök fyrir því. En það má kannski segja að læknastarfið krefjist vissrar sköpunargáfu og eiginleika til að hlusta og vinna úr brotakenndum upplýsingum sem nýtist líka í tónlist. Þannig gæti verið að þeir sem fara í læknanám og nátengd störf séu líka þeir sem eru líklegri til að halda áfram að leika á hljóðfæri eftir barna- og unglingsárin, sér til ánægju og hugarhægðar. Ég segi fyrir sjálfan mig að það var nánast fastur liður hjá mér á hverju kvöldi eftir langan vinnudag, hversu þreyttur sem ég var, að spila svolitla stund og koma ró á hugann.“



**Haukur Heiðar úr Diktu kemur m.a. fram á tónleikunum á morgun.** MYND/DANÍEL

**DRAUMUR MARGRA**

Það er talsvert um að læknar gefi út eigin tónlist að sögn Helga. „Ég held að í flestum tilfellum sé útgáfa fyrstu plötu þeirra, sem eru í tónlist sér til afþreyingar og ánægju, komin til vegna forvitni. Það er draumur margra að upplifa það að fara í alvöru hljóðver og fylgjast með tónlistinni taka á sig nýja mynd, jafnvel seljast og vera spiluð í útvarpi. Sumum nægir að gera þetta einu sinni. Svo eru það hinar öfgarnar eins og hjá mér en ég er að vinna að sjöttu plötu minni sem kemur út í vor. Auk þess er ég með jólaplötu í undirbúningi og hver veit hvar þetta endar.“

Hann segist þó ekki vera afkastameiri tónsmiður en aðrir læknar. „Skýringin er fyrst og fremst sú að ég hef þurft að draga mig í hlé frá læknastarfinu vegna vanheilsu sem hefur gefið mér nægan tíma til að sinna tónlistinni í staðinn.“

**Tónleikarnir á morgun hefjast kl. 21 á Café Rosenberg. Ekkert kostar inn og allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir. Nánari upplýsingar má finna á Facebooksíðu staðarins.**

Bættu góðu áhrifin með því að taka NUTRILENK GOLD og NORÐURKRILL samhliða!

KAUPAUKATILBOÐ



Hinrik Ólafsson
Leikari, kvikmyndagerðarmaður og leiðsögumaður

Laus við verki vegna slitgigtar

„Ég hef verið að kljást við slitgigt í hnjám og mjóbaki í fjölmörg ár og prófað margt, bæði lyf og náttúrulyf sem dugað hafa skammt. Fyrir rúmum 3 árum gat ég varla beygt mig, var með bólgur í liðum og hreyfigetan takmörkuð. Ég pantaði þá tíma hjá bæklunarlækni sem benti mér á að hyggja betur af lífstílnum og taka inn NUTRILENK Gold.

Ég fór beint í næstu verslun og fjárfesti í NUTRILENK Gold ásamt NORÐURKRILLI og hef tekið það nær óslitið í 3 ár. Batinn er ótrúlegur. Ég finn ekki lengur til í hjánum og get hreyft mig óhindrað.“




Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum, stórmörkuðum og verslunum.
*Tilboðið gildir til 31. janúar 2016.




# HVAÐ TEKUR VIÐ?

Konur í þeim flokkum sem sitja á Alþingi boða til málþings í dag þar sem litið verður yfir byltingalitað 100 ára afmælisár kosningaréttar kvenna og fjallað um næstu skref femínískrar baráttu.



Að mati Kötlu þarf að ræða málefni fatlaðra kvenna og kvenna af erlendum uppruna mun meira en nú er gert en á málþinginu taka fulltrúar þessara hópa til máls. MYND/ANTON

„Hundrað ára afmælisár kosningaréttar kvenna var ár mikillar femínískrar baráttu og rak hvert átakið annað,“ segir Katla Hólm Þórhildardóttir, formaður Pírata í Reykjavík og ein þeirra sem standa að málþinginu. „Við sáum #6dagsleikinn þar sem konur sögðu frá kynjamisrétti sem þær mæta dags daglega, #þöggun þar sem konur sögðu frá kynbundnu ofbeldi sem þær hafa orðið fyrir, #konurtala, #skilumskömminni, #freethenipple og gul og appelsínugul andlit þar sem fólk gaf til kynna hvort það hafði orðið fyrir kynferðisofbeldi eða þekkti einhvern sem hafði orðið fyrir því svo fátt eitt sé nefnt,“ segir Katla.

### ÞARF AÐ HALDA UMRÆÐUNNI LIFANDI

„Öll þessi barátta er sprottin upp af mikilli þörf en spurningin er hvað tekur við? Konur í öllum þeim stjórnmálaflokkum sem sitja á þingi ákváðu að efna til viðburðar í framhaldi af afmælisárinu og sýna að flokkarnir geti staðið saman og átt góðar samræður. Markmiðið er að stuðla að því að halda umræðunni lifandi og halda áfram að varpa ljósi á það sem má betur fara.

Að mati Kötlu, sem leggur stund á nám í kynjafræði við Háskóla Íslands, þarf til dæmis að ræða málefni fatlaðra kvenna og kvenna af erlendum uppruna miklu meira en nú er gert. „Að mínu mati þarf að huga betur að konum í minnihlutahópum en okkur hættir til að gleyma okkur í svokölluðum hvítum forréttindafemínisma. Við hvítar konur búum þrátt fyrir allt við mikil forréttindi sem ekki eru veruleiki margra annarra kvenna. Við þurfum að staldra við, hlusta á þær og trúa þeim.“

### FULLTRÚAR MINNIHLUTAHÓPA

Katla segir það einmitt einn megintilgang málþingsins. „Við lögðum okkur fram um að fá fulltrúa þessara hópa til að taka til máls en þeir eru Iva Marín Abrichem frá Tabú sem fjallar um reynslu sína sem femínisti og ung kona með fötlun, Kriselle Lou Suson Cagatin sem fjallar um reynslu sína af því að vera ung kona af erlendum uppruna á Íslandi og Steinunn Ýr Einarsdóttir, einn af aðstandendum byltinganna #outloud, #konurtala og #þöggun, en hún mun meðal annars fjalla um reynslu sína af kynjajafnréttisbaráttu á landsbyggðinni. Þá fjalla Hjalti Vigfússon og Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir um kynjajafnrétti og kynferðisofbeldi en þau hafa verið í skipulagshópi Druslugöngunnar síðastliðin þrjú ár.“

Allt eru þetta, að sögn Kötlu, hópar sem þurfa að ná eyrum ráðamanna og er málþingið kjörinn vettvangur til þess en fulltrúar allra flokka verða á staðnum. Málþingið, sem verður haldið á Hilton Reykjavík Nordica, verður sett klukkan 16 og er opið öllum

vera@365.is




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429



**bíll.is**
bestir í bílum...



**TILBOÐ DAGSINS.**
NISSAN Patrol gr elegance 35" breyttur. Árgerð 2006, ekinn 195 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Tilboðsverð 2.990.000. Rnr.147601. S. 894-5332



**SNILLDAR BÍLL.**
RENAULT Clio comfort. Árgerð 2013, ekinn 42 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Sumar og vetrardekk. Verð 1.190.000. Rnr.147605. S. 894-5332



**100% LÁN**
SKODA Octavia ambiente. Árgerð 2006, ekinn 253 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 690.000. Rnr.196527. s. 894-5332



**FLOTTUR BÍLL**
SUBARU Legacy outback premium. Árgerð 2015, ekinn 38 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. Rnr.147603. s. 894-5332

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

**HEIMSBÍLAR**



**7 MANNA, DVD SPILARI.**
MAZDA Mpv. Árgerð 2006, ekinn 145 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.290.000. Rnr.337781. ný skoðaður 2017, uppl s 567-4000



**AUDI A8 EÐALVAGN,4X4**
AUDI A8 quattro sedan. Árg. 2002, ek. 171 Þ.KM, bensín, 311 hestöfl, ssk. nýleg tímareim, ný skoðaður. Verð 1.990.000. Rnr.323912. ath skipti á ódýrari. uppl s. 567-4000

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar alugluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Hjólbarðar

**VAKA**



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**Smidur.com**
**s. 897 9933**

**K2**
LOFTSTOKKAHREINSUN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Þarf að skipta um rennur, glerja eða opnanleg fög? Tilboð/tímavinna. S. 553 2171

**LEKUR ÞAKIÐ ?**
Þakpappalagnir / Þakviðgerðir. Á steypt og timbur þök. Mikil reynsla, meðmæli geta fylgt. s. 8498700.

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

**SPÁSÍMI 908 6116**
Ástir, fjármál og heilsa. Einkatímar í s. 823 6393 Sirrý.

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**mýranaut**

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. 15% afsláttur í janúar. www.myranaut.is s. 868 7204



**AÐSTÖÐUHÚS/SKRIFSTOFA/ VINNUSKÚR**
Til sölu, verð 2,250.- Bjart og hlýtt. uppl . 820-5181

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

30fm góður bílskúr til leigu í Hfj. Uppl. sendist á: antonben@simnet.is

Stúdíóíbúð í Mörkinni / Vogahv. ca 40 fm. V. 92þ. Eldri en 30 ára, barnlaus. f. reglus. einstakl. S. 898 7868 milli kl. 13-16.

## Atvinnuhúsnæði

**GÓÐ FJÁRFESTING**
Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnubil í Steinhellu 14, Hfn. Góð lán - auðveld kaup. Verð frá: 10,3 m S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

**SKAMMTÍMALEIGA**
Herbergi og íbúð til leigu. Herbergi leigt viku eða mánuð í senn, hvert herbergi með sér baði. Íbúðin leigist viku í senn, fullbúin með svefnplássi fyrir 5 manns. Reglusemi áskilin. Upplýsingar í síma: 8987510

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Castello** PIZZERIA

**CASTELLO PIZZERIA**
óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hluta starf. 18 ára eða eldri. Hafðu samband á castello@simnet.is & s. 824 1221

Óska eftir starfskrafti í viðhaldi á húsnæði, má vera eldri menn reynsla skilyrði. Uppl. í síma 616 1569.

## atvinna

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Embætti skólameistara við Borgarholtsskóla laust til umsóknar

Auglýst er laust til umsóknar embætti skólameistara við Borgarholtsskóla.

Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is

**Umsóknarfrestur er til og með 2. febrúar 2016**

## til sölu

# Matvælaframleiðsla

**Frábært tækifæri. Til sölu þekkt og öflugt fyrirtæki í fyrirtækjaþjónustu með fyrsta flokks aðstöðu og búnað. Traustur viðskiptamannahópur. Góð afkoma. Miklir vaxtamöguleikar til framtíðar.**

**Upplýsingar gefur Óskar Mikaelsson í síma 773-4700 & oskar@atv.is**

## tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Suðurlandsbraut 18

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 16. desember 2015 og borgarráði Reykjavíkur þann 7. janúar 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Suðurlandsbrautar - Ármúla vegna lóðarinnar nr. 18 við Suðurlandsbraut. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit bakhússins svo hann nái yfir núverandi bílageymslu, fjarlægja bílastæði á 2. hæð bílageymslu, byggja allt að þriggja hæða byggingu á suðausturhluta lóðar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Engjateigur 7

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 16. desember 2015 og borgarráði Reykjavíkur þann 7. janúar 2106 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Sigtúnsreits vegna lóðarinnar nr. 7 við Engjateig. Í breytingunni felst að innkeyrsla á lóðina er færð, afmarkaður er nýr einnar hæðar byggingarreitur fyrir hliðhús á lóðinni, bílastæðum á lóðinni er fækkað úr 57 í 12 og komið er fyrir tæknirýmum og geymslum í bílakjallara. Jafnframt er sett inn heimild fyrir allt að 4,5 m hárri öryggisgirðingu á lóðinni. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá 20. janúar 2016 til og með 2. mars 2016. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 2. mars 2016. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 20. janúar 2016
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

# Reykjavík




**1. Icelandair Marina**
Mýrargata 2-8
60
**2015 / 2016**

**2. Center hótel Miðgarður**
Laugavegur 120
150
**2016**

**3. Oddsson**
JL húsið
Hostel
**2016**

**4. Grand hótel**
Grand hótel
100-130
**2018/2019**

**5. Hilton Canopy**
Hverfisgata
115
**2016**

**6. Center hótel Skjaldbreið**
Laugavegur 16
27
**2016**

**7. Icelandair**
Hafnarstræti
70
**2017/2018**

**8. Íslandshótel**
Lækjargata
140
**2017**

**9. Icelandair Hótel**
Laugavegur 34-36
55
**2018**

**10. Marriott Edition**
V. Hörpu
250
**2018**

**11. Íslandshótel**
Blómavalsreitur
170
**2018 / 2019**

**12. S8**
Hlíðarendi
400
**2017**

**13. F3 ehf.**
Ármúli 5
40
**Óvist**

**14. Tower Suites Reykjavík**
Höfðatorg
8
**2016**

**15. Icelandair Parliament**
Landsímahúsið
160
**2017/2018**

**16. iborg ehf**
Grensásvegur
100
**Óvist**

**17. Tryggvagata ehf.**
Tryggvagötureitur
107
**2017/2018**

**18. G1 ehf. og Faghús**
Grensásvegur 1
363-434
**2018/2019**

**19. Eyja Guldsmeden**
Brautarholt 10-14
65
**2016**

### Kópavogur

**20. Lundur ehf.**
Auðbrekka
120
**2018**

**Um 2.500 hótelherbergi gætu risið á höfuðborgarsvæðinu á næstu 3-4 árum en þau eru tæplega 4.000 í dag.**




**Á meðan við prentum fyrir þig…**

Umbúðir • Bækur • Tímarit • Fyrir skrifstofuna • Bæklingar
Fjölpóstur • Kynningarefni • Dagblöð • Stafrænt • Allskonar!

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Suðurhraun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Gréta María Bergsdóttir



## Gréta María til Suðvesturs

Gréta María Bergsdóttir hefur tekið til starfa sem ráðgjafi og viðburðastjóri hjá ráðgjafar- og viðburðafyrirtækinu Suðvestri. Undanfarin þrjú ár hefur Gréta María starfað hjá Háskólanum í Reykjavík sem verkefna- og viðburðastjóri. Þar áður vann hún hjá Listahátíð í Reykjavík við skipulagningu sex hátíða og einnig hjá Reykjavik International Film Festival. – sg

Matthías Imsland



## Matthías nýr aðstoðarmaður Sigmundar

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hefur ráðið Matthías Pál Imsland sem aðstoðarmann sinn. Matthías hefur undanfarin ár starfað sem aðstoðarmaður Eyglóar Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra. Matthías er með BA-próf frá Háskóla Íslands í stjórnmálafræði og MS-próf frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð. Matthías starfaði áður sem ráðgjafi fyrir erlend fyrirtæki á sviði framtaksfjárfestinga. – sg

Gunnar Haukur Stefánsson



## Nýr starfsmaður hjá Opnum kerfum

Gunnar Haukur Stefánsson hefur hafið störf hjá Opnum kerfum sem forstöðumaður verkefnastýringar- og viðskiptaþróunar. Gunnar Haukur er rafmagnsverkfræðingur frá Háskóla Íslands og er með meistaragráðu í verkefnastjórnun. Gunnar starfaði áður hjá Meniga þar sem hann stýrði teymi verkefnastjóra og hugbúnaðarsérfræðinga við stækkun félagsins, innleiðingu og þróun á vöruframboði þess í Evrópu og Ástralíu. – sg

# Syngur í Karlakór Reykjavíkur og gengur á fjöll í frístundum

Eggert Benedikt Guðmundsson er nýr forstjóri ReMake Electric, en hann var áður forstjóri N1. Aðaláhugamál hans eru tónlist, golf og gönguferðir. Hann segir Hornstrandir standa upp úr í gönguferðum um landið.

SVIPMYND

**EGGERT BENEDIKT GUÐMUNDSSON**

Eggert Benedikt Guðmundsson er nýr forstjóri ReMake Electric ehf. ReMake er orkustjórnunarkerfi sem gerir fyrirtækjum kleift að skilja og bæta orkunotkun sína. ReMake býður lausnir sem hjálpa fyrirtækjum að draga úr orkunotkun og auka rekstraröryggi. Þetta hjálpar meðal annars við að draga úr mengun og losun gróðurhúsalofttegunda.

Eggert segist mjög spenntur fyrir nýju starfi. „Mér líst mjög vel á það. Þetta tengist mjög mörgu af því sem ég hef verið að gera áður. Bæði menntun minni sem rafmagnsverkfræðingur og því sem ég hef verið að gera í alþjóðlegri markaðssetningu. Við erum með vörur til raforkumælinga og erum að markaðssetja þær um allan heim. Fyrirtækið er að byrja þá vegferð, að því leyti til er þetta mjög spennandi,“ segir Eggert.

Eggert lauk meistaraprófi í rafmagnsverkfræði frá háskólanum í Karlsruhe í Þýskalandi árið 1990 og lauk MBA-prófi frá IESE viðskiptaháskólanum í Barcelona árið 1997. Eggert var forstjóri N1 á árunum 2012 til 2015. Áður starfaði hann frá 2004 til 2012 hjá HB Granda, fyrst sem markaðsstjóri en sem forstjóri frá árinu 2005.

Kona Eggerts er Jónína Lýðsdóttir, hún er hjúkrunarfræðingur og nemi í meistaranámi í ferðamálafræði.

Helsta áhugamál Eggerts er tónlist. „Ég spila á gítar og hef mjög gaman af því og syng í Karlakór Reykjavíkur. Það eru stífar æfingar og taka mikinn tíma sem er vel varið,“ segir Eggert. Hann segir hefðbundin karlakóralög í uppáhaldi, en að öll karlakóramúsík sé skemmtileg. „Því fjölbreyttari sem hún er því betra.“

Auk tónlistarinnar reynir Eggert að stunda golf reglulega og hefur gaman af útivist. „Á sumrin reynir maður að ganga eitthvað á fjöll. Við förum alla vega í eina góða gönguferð á sumrin með góðum hópi, þar sem gítarinn er jafnvel með í för, þannig að það er blanda af göngu- og músíkferð,“ segir Eggert.

Eggert segir Hornstrandir og Jökulfirðina í sérstöku uppáhaldi. „Við höfum gengið þar oftast, og gengið þar víða um. Við byrjuðum eiginlega á þessu göngufári út frá Hesteyri sem er nú kannski minn uppáhaldsstaður í þessum göngum. Svo víkkuðum við okkur smám saman út úr Jökulfjörðum og Hornströndum og höfum gengið víða. En Hornstrandirnar standa upp úr,“ segir Eggert. saeunn@frettabladid.is



**Eggert var forstjóri N1 á árunum 2012 til 2015, og starfaði áður hjá HB Granda, fyrst sem markaðsstjóri en sem forstjóri frá árinu 2005 til 2012.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Á sumrin förum við alla vega í eina góða gönguferð þar sem gítarinn er jafnvel með í för, þannig að það er blanda af göngu- og músíkferð.**
>
> Eggert Benedikt Guðmundsson

# Tæknin gæti útrýmt fimm milljónum starfa fyrir 2020

Allt að fimm milljónir starfa gætu horfið í fimmtán stærstu hagkerfum heims fyrir árið 2020 samkvæmt nýrri skýrslu World Economic Forum sem birt var á mánudaginn. Talið er að tækni, svo sem gervigreind, vélmenni og líftækni gætu leyst störfin af hólmi.

Stjórnunarstörf og almenn skrifstofustörf eru talin í mestri hættu vegna „fjórðu iðnaðarbyltingarinnar“ sem er eitt af aðalumræðuefnunum á World Economic Forum sem fer fram í Davos í Sviss í vikunni.

Hagkerfin fimmtán sem um ræðir ráða 65 prósent af vinnuafli heimsins. Talið er að allt að 7,1 milljón starfa geti tapast í þeim vegna sjálfvirkni. Spáð er að 2,1 milljón nýrra starfa muni skapast í tækni-, margmiðlunar- og þjónustugeirunum í staðinn. Því munu samtals fimm milljón störf tapast.

**65%**

**barna munu vinna störf í framtíðinni sem eru ekki ennþá til**

Klaus Schaw, stofnandi og stjórnarformaður World Economic Forum, segir að löndin verði að fjárfesta í breytingum á vinnustöðum sínum til að mæta þessari þróun. Annars sé hætta á færri sérhæfðum starfsmönnum, auknu atvinnuleysi og ójöfnuði.

Mikilvægt er að fjárfesta í menntun og þjálfun. Talið er að 65 prósent barna sem hefja grunnskólanám í dag muni vinna störf sem eru ekki enn þá til. Því er framtíðarþjálfun mjög mikilvæg, segir í skýrslunni. – sg



**Vélmenni eru líkleg til að leysa sum almenn störf af hólmi á næstunni, svo sem matargerð.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# 778.733 NOTENDUR

# FLESTIR GESTIR HJÁ VÍSI




Met var slegið í síðustu viku því enginn fréttamiðill á Íslandi hefur fengið fleiri notendur í heimsókn á einni viku en Vísir.*

Við þökkum kærlega fyrir og ætlum að halda áfram að færa lesendum okkar vandaðar fréttir, greina vel frá því sem hæst ber ásamt því sem okkur þykir skemmtilegt og áhugavert.

**Velkomin í heimsókn.**

vísir

*Samkvæmt Topplista Gallup vikuna 11.-17. janúar 2016. Bæði innlendir og erlendir notendur.

PIPAR\TBWA • SÍA



**Skattar**
**Alexander G. Eðvardsson**
sviðstjóri skatta- og lögfræðisviðs KPMG ehf.

# Skattafróðleikur í ársbyrjun

Í ársbyrjun tók gildi viðamikil breyting á lögum um virðisaukaskatt þegar stór hluti ferðaþjónustunnar varð virðisaukaskattsskyldur. Breytingin er í samræmi við markmið stjórnvalda um breikkun skattstofna þar sem sú starfsemi sem nú varð virðisaukaskattsskyld hafði verið utan kerfisins frá upptöku þess.

Með breytingunni varð stór hluti þeirrar þjónustu sem flokkuð hafði verið sem fólksflutningar virðisaukaskattsskyldur auk þess sem þjónusta ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og ferðafélaga var gerð virðisaukaskattsskyld. Væntanlega hafa mörg hundruð nýjar skráningar rekstraraðila á virðisaukaskattsskrá verið gerðar á síðustu dögum ársins 2015 vegna þessa.

Þrátt fyrir að lögin hafi tekið gildi um síðustu áramót hófst vinna við undirbúning lagabreytingarinnar á árinu 2013. Samtök ferðaþjónustunnar höfðu ákveðið frumkvæði að undirbúningnum, enda um stórt hagsmunamál fyrir greinina að ræða og mikilvægt að vel tækist til. Á árinu 2014 var unnið með stjórnvöldum að framangreindri breytingu sem lauk með lagasetningu í lok þess árs. Góð sátt náðist um lagabreytinguna þótt í ljós hafi komið síðar að ýmislegt mátti betur fara. Ákveðið var að vinna að nauðsynlegum lagfæringum á árinu 2015, enda var gildistakan ekki fyrr en í ársbyrjun 2016. Gera þurfti nokkrar breytingar á lögunum sjálfum og einnig á reglugerð um innskatt.

Skipaður var starfshópur með fulltrúum frá Samtökum ferðaþjónustunnar, skattyfirvöldum og fjármálaráðuneytinu til að vinna að nauðsynlegum lagfæringum. Starfshópurinn skilaði niðurstöðum í september 2015 og var frumvarp til breytinga á lögum um virðisaukaskatt, sem lagt var fyrir Alþingi á haustmánuðum 2015, byggt á vinnu hópsins. Einnig voru breytingar á reglugerð um innskatt, sem ekki voru birtar fyrr en 30. desember 2015, byggðar á vinnu starfshópsins.

Þrátt fyrir mikið og gott samráð í öllu ferlinu tókst löggjafanum við lokaafgreiðslu frumvarpsins á Alþingi í lok desember, án nokkurs samráðs við helstu hagsmunaaðila, að lögfesta breytingar sem bæði gengu þvert á niðurstöður starfshópsins og fela einnig í sér ákvæði um afturvirka skattlagningu sem fær að sjálfsögðu ekki staðist.

Á skattafróðleiksfundi KPMG á morgun, fimmtudag, verður gerð grein fyrir framangreindum breytingum á lögum um virðisaukaskatt ásamt því sem helstu breytingar á lögum um tekjuskatt og aðrar áhugaverðar lagabreytingar verða kynntar. Fróðleiksfundurinn hefst kl. 8.30 í húsakynnum KPMG í Borgartúni 27 og er öllum opinn.

## Á varðbergi í Sviss




Svissneskir sérsveitarmenn á þaki hótels við upphaf árlegrar efnahagsráðstefnu í Davos í Sviss í gær. Yfir fjörutíu þjóðarleiðtogar verða viðstaddir ráðstefnuna. Markmið ráðstefnunnar er að undirbúningur fyrir fjórðu iðnbyltinguna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Var Janet Yellen að senda Bandaríkin inn í efnahagslægð?



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Seðlabankastjóri Bandaríkjanna, Janet Yellen, hefur síðasta hálfa árið staðið fast á þeirri skoðun sinni að Seðlabankinn ætti fljótlega að byrja að hækka vexti, og í desember hækkaði Seðlabankinn stýrivexti þrátt fyrir að bæði verðbólga og verðbólguspár séu langt fyrir neðan 2% verðbólgumarkmið bankans og þrátt fyrir að aðrir peningavísar, eins og vöxtur peningamagns og hækkun nafnvirðis vergrar landsframleiðslu, hafi ekki sýnt neina þörf á hertari peningamálastefnu. Og áframhaldandi styrking dollarsins sendir sömu merki: Bíðið við – það er engin ástæða til að hækka vexti núna.

Þrátt fyrir þetta var ekki nóg með að Yellen hækkaði vexti í desember heldur gaf hún – og aðrir í peningastefnunefndinni – merki um að það yrðu sennilega fjórar vaxtahækkanir á árinu 2016 – samanlagt 1% hærra vaxtastig.

Af hverju hefur Yellen verið svona áköf í að hækka vextina? Einfalda ástæðan er að Yellen lítur á verðbólgu fyrst og fremst sem afleiðingu vinnumarkaðsþátta, og þar sem atvinnuleysi í Bandaríkjunum hefur farið sífellt minnkandi hefur Yellen dregið þá ályktun að launaskrið muni fljótlega aukast og að það muni þrýsta verðbólgu upp. Þetta er hin svokallaða Phillips-kúrfa, sem segir að það sé neikvæð fylgni á milli atvinnuleysis og verðbólgu.

Phillips-kúrfan fékk óorð á sig á 8. áratugnum þegar sambandið brotnaði niður og bæði atvinnuleysi og verðbólga jukust á sama tíma. Þetta varð til þess að seðlabankar um allan heim drógu þá ályktun að Phillips-kúrfan væri ekki áreiðanlegt mælitæki þegar stjórnun peningamálastefnu væri annars vegar. Í staðinn varð almenn samstaða um að verðbólga væri – eins og Nóbelsverðlaunahafinn Milton Friedman var vanur að segja – alltaf og alls staðar peningalegt fyrirbæri, eða að minnsta kosti að seðlabankar ættu, almennt séð, að einbeita sér að því sem kalla mætti nafnvirðisþætti eins og verðbólgu, peningamagni og nafnvirði vergrar landsframleiðslu frekar en að raunverulegum þáttum eins og atvinnuleysi og raunverulegri vergri landsframleiðslu.

En nú virðist Yellen í auknum mæli vera eins og barn Keynes-hugsunarinnar á 6. og 7. áratugnum (og Phillips-kúrfunnar) frekar en gagnbyltingar Miltons Friedman í peningastefnumálum sem varð til þess að seðlabankar um víða veröld lögðu Phillips-kúrfuna á hilluna. Það er þverstæðukennt að trúin á Phillips-kúrfuna á 8. áratugnum olli því að Seðlabanki Bandaríkjanna var með of slaka peningastefnu en hið gagnstæða á við í dag.

Peningamagnssinnar sem líta á nafn- og markaðsvísa tala gegn vaxtahækkunum, en þeir sem trúa á Phillips-kúrfuna eins og Janet Yellen eru áfjáðir í að sjá vextina hækka.

Afleiðingin er sú að Yellen virðist nú vera í miðjum klíðum við að gera mistök sem gætu valdið því að samdráttur verði aftur í bandarísku efnahagslífi á næstu ársfjórðungum. Við verðum allavega að álykta svo ef við lítum á þróunina á fjármálamörkuðum á síðustu vikum. Það er varla tilviljun að fjárhagserfiðleikar fyrirtækja hafa aukist eftir vaxtahækkun Seðlabankans í desember.

Auðvitað er ekki hægt að skoða þessa fjárhagserfiðleika án þess að líta einnig til Kína, en þá ber að hafa í huga að kínverska gengið er hálfbundið viðBandaríkjadollar og að peningamálastefna Bandaríkjanna ákvarðar í raun hvað gerist í kínverskri peningamálastefnu, og í þeim skilningi hefur Yellen ekki aðeins hert of snemma á peningamálastefnu Bandaríkjanna – hún hefur í raun einnig hert á peningamálastefnu Kínverja og með því hugsanlega ýtt tveimur stærstu hagkerfunum nær samdrætti.

Hversu slæmt ástandið verður er að verulegu leyti undir því komið hve þrjósk Janet Yellen verður varðandi vaxtahækkanirnar. Vonandi áttar hún sig fljótlega á að Phillips-kúrfan er ekkert betri peningavísir núna en hún var á áttunda áratugnum.

# Svart og sykurlaust



**Hin hliðin**
**Auður Jóhannesdóttir**
framkvæmdastjóri Lifa ehf.

Nú er í umræðunni að herða beri regluverk í kringum stofnun fyrirtækja með takmarkaða ábyrgð (einkahlutafélaga) til að sporna við kennitöluflakki og skattaundanskotum. Þessi umræða er svo sem ekkert ný af nálinni og ýmis hagsmunasamtök atvinnulífsins og launþega hafa reglulega vakið athygli á því meini sem svört atvinnustarfsemi er í íslensku atvinnulífi án þess að mikið virðist breytast.

En er hert regluverk eina leiðin? Er ástæða til að þrengja að athafnafólki sem er upp til hópa heiðarlegt til þess að að koma í veg fyrir að nokkrir siðleysingjar steli frá okkur peningum? Snýst þetta kannski frekar um frjálsleg viðhorf samfélagsins til svartrar atvinnustarfsemi og græðgi þeirra sem eru tilbúnir til að kaupa vörur og þjónustu undir borðið eða af kennitöluflökkurum?

Í rannsókn sem Rannsóknarstofnun atvinnulífsins á Bifröst gerði 2014 á umfangi skattaundanskota í ferðaþjónustu kom fram að einn helsti hvati svartrar starfsemi væri sá að starfsfólk fengist einfaldlega ekki til vinnu öðru vísi en að fá borgað svart, þetta ætti einkum við á háannatíma og í aukavinnu þar sem starfsfólki finnst ekki taka því að vinna þegar helmingur launanna færi í skatta. Það að borga svört laun kallaði svo á að hluti rekstrarteknanna yrði líka að vera falinn, þá er kannski einfaldast að sleppa því að bókfæra þær tekjur sem koma inn í peningum. Kannski við ættum bara að úthýsa seðlum á Íslandi? Það er erfiðara að stunda undanskot þegar allar greiðslur skilja eftir sig rafræn spor. Þetta ástand er ekki bundið við ferðaþjónustuna þótt hún hafi verið viðfang þessarar rannsóknar og ég efast ekki um að flestir þekki a.m.k. nokkur dæmi um óuppgefin viðskipti í sínu nánasta umhverfi.

Það eru náttúrulega kostir í þessu fyrir atvinnurekendur, „svartir“ starfsmenn eiga hvorki rétt á veikindadögum né eru þeir líklegir til vandræða jafnvel þótt þeir fái greitt seint og illa. Svartar tekjur skila svo sennilega fleiri aurum í vasann svona til skamms tíma litið. En þótt það sé hægt og auðvelt er ekki þar með sagt að það sé rétt eða gott. Ríkið er ekki aðskilið frá þegnunum heldur erum við ríkið og sá sem svíkur undan skatti er ekki bara að svíkja einhvern ópersónulegan skattmann heldur einnig sjálfan sig og okkur sem búum hérna með honum. Róðurinn yrði eflaust auðveldari ef sumir sætu ekki bara í þjóðarbátnum, ætu kostinn og létu hina um að róa.

Póst dreifing

*Við látum það berast*



# ÞÚ NÆRÐ TIL FJÖLDANS MEÐ OKKUR

**FJÖLPÓSTUR** er sterkur og áhrifaríkur auglýsingamiðill sem skilar ítarlegri upplýsingum til neytenda en hefðbundnar auglýsingar.

**61% LANDSMANNA LESA FJÖLPÓST**
**22% AF ÞEIM KAUPA AUGLÝSTA VÖRU EÐA ÞJÓNUSTU**




„Ég hef verið í viðskiptum við Póstdreifingu í árabil og alltaf fengið fyrsta flokks þjónustu.“

**Guðbjartur Finnbjörnsson**
Ritstjóri Lifandi vísinda

**VIÐ GETUM AÐSTOÐAÐ VIÐ AÐ NÁ ÁRANGRI**

**VIÐ DREIFUM INN Á 80.000 HEIMILI SEX DAGA VIKUNNAR**

www.postdreifing.is

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 20. janúar 2016

Íslenska úrvalsvísitalan
1.789,42 56,53
(3,26%)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Hvað liggur á?

**Þungi virðist** nú kominn í umræðu um sölu ríkisins á hlut sínum í bönkunum.

**Eins og kunnugt er** bendir allt til þess að stóru bankarnir þrír verði brátt allir í ríkiseigu. Landsbankinn hefur að sjálfsögðu verið það frá hruni, en Arion og Íslandsbanki munu að endingu lenda í hlýjum ríkisfaðmi sem hluti af stöðugleikaframlaginu svokallaða og endahnút á uppgjöri gömlu bankanna.

**Fjármálaráðherra** hefur svo gefið út að æskilegt sé að selja Landsbankann á árinu.

**Aðrir spyrja** hvort ekki sé skynsamlegra að flýta sér hægt. Þeirra á meðal er Frosti Sigurjónsson, sem leggur til að Landsbankanum verði haldið í ríkiseigu sem einhvers konar samfélagsbanka.

**Hugmyndir Frosta** eru ekki jafn galnar og í fyrstu kann að virðast. Sérstaklega ef sviðið er skoðað: ríkið hefur nú haldið á Landsbankanum í tæp átta ár, hinir bankarnir tveir hafa ekki verið í eigu ríkisins, en þó í einhvers konar frystimeðferð í ljósi verulegrar óvissu um framtíðareignarhald og markaðsaðstæður.

**Stefið er því orðið** nokkuð kunnuglegt; markaðurinn er staðnaður og bankarnir allt of stórir, með margar einingar sem hvorki bera sig né passa sérstaklega við starfsemina. Stóru bankarnir eru allt í senn; viðskiptabankar, fjárfestingabankar, eignastýringafélög og þátttakendur á mörkuðum með eigin bók. Arðsemin er lág ef sala á einskiptiseignum er tekin frá.

**Í fljótu bragði** virðist því ólíklegt að skynsamir kaupendur fáist að bönkunum sem heilum bitum, þótt vafalaust væri hægt að selja út einstakar einingar og eignasöfn.

**Hugmyndir um** erlenda kaupendur eru líka draumórar, jafnvel þótt forsvarsmenn slitastjórnar Glitnis hafi talið sig hafa selt Íslandsbanka á grundvelli einnar blaðsíðu viljayfirlýsingar. Staðreyndin er líka sú að þegar Arion og Íslandsbanki verða komnir úr höndum kröfuhafanna, með sín erlendu tengsl, verður enn ólíklegra að hægt verði að laða að erlenda kaupendur.

**Þá eru lífeyrissjóðirnir** einir eftir, sennilega í slagtogi við minni fjárfesta. Lífeyrissjóðirnir eru ekki réttu hluthafarnir til að keyra í gegn þær breytingar sem nauðsynlegar eru á íslenskum bankamarkaði.

**Með þetta í huga**, þarf þá að vera svo slæmt að ríkið flýti sér hægt við sölu á bönkunum? Tímann mætti nota í að straumlínulaga starfsemina, selja minni einingar og gera nauðsynlegar rekstrarbreytingar.

**Þá fyrst** verða kannski til söluvænlegir bankar.






## 50

**ÞÚSUND TONNA FISKAFLI Í DESEMBER**

Heildarafli íslenskra fiskiskipa var tæp 50 þúsund tonn í desember sem er 3,4 prósenta aukning milli ára. Mikil aukning var í botn- og flatfiskafla en samdráttur í uppsjávarafla. Botnfiskafli jókst um rúm 16 prósent, þar af þorskaflinn um rúm 30 prósent, milli ára. Uppsjávaraflinn nam um 17.500 tonnum og dróst saman um 15,6 prósent milli ára.

## 6,9

**PRÓSENT HAGVÖXTUR Í KÍNA**

Hagvöxtur í Kína á síðasta ári var 6,9 prósent, samanborið við 7,3 prósent árið áður. Vöxturinn í fyrra var sá hægasti í landinu í tuttugu og fimm ár. Vöxtur kínversks efnahagslífs skiptir gríðarlegu máli fyrir fjárfesta um allan heim og því eru menn áhyggjufullir.

**17.01.2016**



**Það er bara þannig að VR segir okkur ekkert fyrir verkum um hvernig við til dæmis högum vali í stjórnir lífeyrissjóða og annað. Við segjum þeim heldur ekkert fyrir verkum. Okkur myndi aldrei detta það í hug**

Helgi Magnússon, fjárfestir og varaformaður stjórnar Lífeyrissjóðs verslunarmanna




## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Stórholt 33. Hæð og ris**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**



OPIÐ HÚS

6-7 herbergja 135,4 fm. íbúð á tveimur hæðum í góðu steinhúsi. Húsið var tekið í gegn að utan árið 2001 þar sem það var einangrað að utanverðu og steinað. Í dag eru hæðin og risið nýtt sem ein íbúð, en mjög auðvelt er að leigja í sitthvoru lagi eða leigja risið eða hæð sér þar sem sérinngangur er í ris og hæð frá stigapalli. Bílskúrsréttur fylgir eigninni ásamt innkeyrslu/bílastæði að framanverðu.
**Verð 50,9 millj.**




**OPIÐ HÚS**
**miðvikudag 20. janúar frá kl 17:30 – 18:00**

Efri hæð að stærð 110,3 m²
auk bílskúrs 22,8 m²
Forstofuherbergi með snyrtingu
Endurnýjað eldhús og baðherbergi
Rúmgóðar fallegar stofur
Útgengt á austursvalir
úr hjónaherbergi

Verð: **48,9 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




INHOPE insafe  SAFT



## námskeið

# VERK- OG STJÓRNENDANÁM

**Viltu verða betri stjórnandi?**

- Námið er hundrað prósent fjarnám fyrir starfandi og verðandi millistjórnendur
- Markmiðið er að gefa þátttakendum tækifæri á að stunda stjórnendanám á sínum forsendum og tíma
- Ekki eru gerðar sérstakar forkröfur til þátttakenda en námið þarfnast almennrar tölvufærni auk aðgangs að tölvu og neti
- Fjarnámið hefst 18. febrúar 2016 með kennslu á Ég - verkstjórinn/millistjórnandinn (lota 1)

Nánari upplýsingar veitir Kristján Óskarsson, *kro@nmi.is*

Sótt er um á vef Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, *www.nmi.is*

Aðilar að VSSÍ geta sótt um styrk í menntasjóð VSSÍ og SA fyrir allt að 80% af námskeiðsgjaldi. Umsóknareyðublöð eru á *www.vssi.is*

VSSÍ Verkstjórasamband Íslands  SA
Starfsmenntasjóður SA og VSSÍ  Nýsköpunarmiðstöð Íslands



**www.kadeco.is**



**BREIÐBRAUT 671** STÆRÐ: 1360 M²
Ellefu 115 m² íbúðir. Allar í útleigu.



**BREIÐBRAUT 672** STÆRÐ: 1193 M²
Átta 160 m² raðhúsaíbúðir á góðum stað.



**BOGATRÖÐ 1** STÆRÐ: 1500 M²
Fyrrum viðhaldsverkstæði. Í byggingunni eru klefar og búnaður til bílasprautunar.



**BREIÐBRAUT 675** STÆRÐ: 1014 M²
Átta íbúðir 103-110 m² sem þarfnast endurbóta og frágangs.

# Viltu fjárfesta á vaxtarsvæði?

Fjöldi fasteigna af öllum stærðum og gerðum er til sölu eða leigu á Ásbrú. Meðal annars mikið af nýuppgerðu íbúðarhúsnæði og spennandi iðnaðarhúsnæði. Þá er einnig mikið landrými á svæðinu sem er óráðstafað undir byggingar eða önnur mannvirki. Margar eignanna eru nú þegar í útleigu en allar eru þær áfram til sölu. **Þú getur skoðað þær nánar á kadeco.is**



**FLUGVALLARBRAUT 740** STÆRÐ: 1700 M²
Skrifstofuhúsnæði í tveimur álmum. Góð staðsetning í nálægð við Háaleitishlað Keflavíkurflugvallar.



**BOGATRÖÐ 23 2114** STÆRÐ: 370 M²
Stálgrindarhús með tveimur iðnaðarhurðum í sitthvorum enda.



**LINDARBRAUT 635** STÆRÐ: 1428 M²
Byggingin er með 24 einstaklingsíbúðum. Hver íbúð er tæplega 54 fermetrar og samanstendur af stofu, svefnherbergi og baðherbergi.



**GRÆNÁSBRAUT 605** STÆRÐ: 110 M²-150 M²
Sjö íbúðir 103-150 m² sem þarfnast endurbóta og frágangs.

Fjöldi annarra eigna er til sölu eða leigu á Ásbrú.

**BOGATRÖÐ** • 1 • 2 • 4 • 10 • 10A • 13 • 15 • 17 • 23 • 25 • 31 • 33 **BORGARBRAUT** • 953 • 960-963 • 962 **BREIÐBRAUT** • 643-647 • 643R • 668-669 • 668R • 670 • 671-679 • 671R • 672 • 673 • 674 • 675 **FERJUTRÖÐ** • 9 **FLUGVALLARBRAUT** • 701 • 710 • 732 - 736 • 749 • 740 • 752 • 755 • 770 • 771 • 773 • 778 • 790 • 937 • 941 **GRÆNÁSBRAUT** • 501 • 506 • 602-614 • 602R • 603-607 603R 604-606 • 604R 619 • 700 • 920 • 999 **HEIÐARTRÖÐ** 517 **KEILISBRAUT** • 745 • 747-748 • 747R • 749 • 750-751 • 750R • 753 • 755 • 762 • 770-778 • 770R • 771 • 773 **KLETTATRÖÐ** • 19A **LINDARBRAUT** 600 • 624 • 635 636 • 634R • 639 **SKÓGARBRAUT** • 914 • 915 • 916-918 • 917 • 919• 923 • 914 • 916-918 • 916R • 921 • 922 • 923 • 924 • 925 • 932 • 946 • 945 **SUÐURBRAUT** • 758 • 759 **VALHALLARBRAUT** • 738 • 743 • 744 756-757 • 756R • 763-764 • 763R

Við mat á tilboðum verður einkum horft til kaupverðs. Þó er áskilinn réttur til að meta hugmyndir bjóðenda um nýtingu og ráðstöfun eignanna, t.d. hvaða áhrif sú nýting hefur á eftirspurn eftir öðrum eignum á svæðinu og áhrif tiltekinnar nýtingar á nærsamfélagið. Ekki er um útboð á eignunum að ræða heldur sölu. Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar áskilur sér rétt til að taka því tilboði sem talið er hagstæðast, m.a. út frá ofangreindum þáttum eða hafna öllum.

Kadeco  Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar | Sími 425 2100 | www.kadeco.is

ÁSBRÚ





✝

Elskuleg móðir okkar,
amma og langamma,

**Ingibjörg Þórðardóttir**
handavinnukennari,
áður til heimilis að Efstasundi 93,
Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni föstudaginn 15. janúar sl.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Þórður H. Ólafsson**
**Helga María Ólafsdóttir**
**Ingibjörg Þórðardóttir**
**Ólafur Ágúst Axelsson**
**Ragnhildur Þórðardóttir**
**Anna María Axelsdóttir**
**og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir veitta samúð og
hlýhug við andlát og útför ástkærs
eiginmanns, föður og tengdaföður,

**Þorsteins Þorsteinssonar**
Sléttuvegi 13,
Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Sólteigs
á Hrafnistu í Reykjavík fyrir góða umönnun og hlýju.

**Helga Hansdóttir**
**Guðrún Þorsteinsdóttir** **Friðrik G. Olgeirsson**
**Sigrún Þorsteinsdóttir** **Brynjólfur Markússon**
**Hans Ragnar Þorsteinsson** **Helga Laufdal**
**Sveinn Þorsteinsson** **Heiða Lára Eggertsdóttir**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**María Jónsdóttir**
frá Norðfirði,
Vatnsnesvegi 29, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
17. janúar. Útförin fer fram frá
Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 28. janúar
kl. 13.00.

**Hannes Einarsson**
**Sigurlaug Einarsdóttir** **Bjarni Ásgeirsson**
**Margrét Lilja Einarsdóttir** **Jón Kristfinnsson**
**Jón Ben Einarsson** **Gerður Pétursdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Kær mágur minn,
frændi okkar og vinur,

**Gústaf Sæmundsson**
Nóatúni 30, Reykjavík,

lést á Landspítalanum
við Hringbraut 14. janúar.
Útförin mun fara fram í kyrrþey.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ísidór Hermannsson**
**Guðmundur Jón Ísidórsson**
**Hermann Ísidórsson**
**Elmar Daði Ísidórsson**
**Ísidór Hinrik Ísidórsson og**



✝

Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Rúnar Guðjónsson**
sjómaður,

lést á dvalarheimilinu Hrafnistu
í Keflavík 13. janúar.
Útförin fer fram frá Akraneskirkju
fimmtudaginn 21. janúar kl. 14.00.

**Einar Kjartan Rúnarsson**
**Sigurbjörg Sigríður Rúnarsdóttir**
**Birna Rúnarsdóttir**
**Guðjón Sigurður Rúnarsson**
**Þorbjörg Rúnarsdóttir**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**




**„Stjórnunin hefur verið krefjandi verkefni en skemmtilegt," segir Hjörleifur Örn.** MYND/ÁGÚSTA ÓLAFSDÓTTIR

# Allir taka undir í lokin

**Hátíðartónleikar verða í Hofi í kvöld í tilefni af 70 ára afmæli Tónlistarskólans á Akureyri. Þar verður nýtt afmælislag frumflutt af söngkennurum sem fá viðstadda til að taka undir.**

„Á þessum tónleikum koma fram fyrrverandi og núverandi nemendur og kennarar skólans úr nærumhverfinu. Þetta verður heilmikið húllumhæ," segir Hjörleifur Örn Jónsson, skólastjóri Tónlistarskólans á Akureyri, um hátíðartónleika í Hömrum í kvöld. Þeir eru fyrsti stórviðburðurinn í tilefni 70 ára afmælis skólans.

„Meðal þess sem flutt verður er nýtt afmælislag sem við fengum að gjöf frá tveimur eðalmönnum, þeim Daníel Þorsteinssyni og Hjörleifi Hjartarsyni. Söngkennararnir ætla að frumflytja það og kenna fólki það á staðnum svo það geti tekið undir í lokin," lýsir Hjörleifur Örn. „Við ætlum svo að bjóða upp á léttar veitingar eftir tónleikana svo þetta verður hugguleg kvöldstund."

Á döfinni eru heimsóknir nemenda og kennara skólans í alla leik-, grunn- og framhaldsskóla Akureyrar, að sögn Hjörleifs Arnar. „Það er afmælisgjöf okkar til skóla bæjarins," segir hann og nefnir næsta afmælisviðburð sem verður á degi tónlistarskólanna, 15. febrúar. Um er að ræða stórtónleika með hljómsveitinni 200.000 naglbítum í Hamraborg þar sem allir nemendur skólans, um 400 talsins, koma fram og leika útsetningar Daníels Þorsteinssonar með Villa og félögum. Þriðji stórviðburðurinn er fyrirhugaður með Sinfóníuhljómsveit Íslands í lok árs.

Tvennt annað er verið að gera í tilefni afmælisins, að sögn Hjörleifs Arnar; endurgera vefsíðuna og grúska í sögu skólans. „Við erum í samstarfi við Jón Hlöðver Áskelsson sem var skólastjóri hér og þekkir söguna út og inn og erum að móta hugmyndir um að setja saman margmiðlunarsýningu, hún er á vinnslustigi."

Hjörleifur Arnar tók við embætti skólastjóra Tónlistarskóla Akureyrar rétt fyrir hrun 2008. „Ég flutti hingað heim frá Berlín beint í niðurskurðinn," segir hann. „Stjórnunin hefur verið krefjandi verkefni en á sama tíma skemmtilegt."
**gun@frettabladid.is**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Eysteinn Jóhann Jósefsson**
múrarameistari,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund
síðastliðinn laugardag. Eysteinn verður
jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík,
mánudaginn 25. janúar kl. 13.00.

**Kristín Guðmundsdóttir**
**Guðbjörg Eysteinsdóttir** **Þórður Steingrímsson**
**Illugi Eysteinsson** **Sandra Kaffo**
**Kristín Eysteinsdóttir** **Katrín Oddsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Sigríður Þóra Sigurjónsdóttir**

lést þann 8. janúar sl. á Höfða,
hjúkrunar- og dvalarheimili, Akranesi.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk
hinnar látnu. Okkar innilegustu þakkir
færum við starfsfólkinu á Höfða sem sýndi umhyggju,
alúð og góðmennsku í garð móður okkar þann tíma
er hún dvaldi á Höfða.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Valgarð Bertelsson**
Áskoti 7, Hjaltadal,

lést á HSN Sauðárkróki
þann 16. janúar síðastliðinn.
Útför hans fer fram frá Sauðárkrókskirkju
þann 23. janúar kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast
afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hans er bent á
Krabbameinsfélag Skagafjarðar.

**Branddís Eyrún Benediktsdóttir**
**Hilmar Þór Valgarðsson** **Olga Aldoshina Sergevena**
**Hulda Margrét Valgarðsdóttir** **Hörður H. Guðbjörnsson**
**Heiða Hilmarsdóttir**
**Valþór Ingi, Eydís Arna, Sæþór Atli,**
**Eyrún Vala, Viktoría og Veronika**



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,

**Eyvindur Splidt Pétursson**

sem lést á líknardeild Landspítalans
16. janúar, verður jarðsunginn frá
Bústaðakirkju þriðjudaginn 26. janúar
kl. 13. Alúðarþakkir til starfsfólks Karitas
og líknardeildar Landspítalans fyrir einstaka vinsemd,
kærleika og umhyggju.

**Sigurlína Pétursdóttir**
**Pétur Eyvindsson** **Irina Mitrofanova**
**Andrea Eyvindsdóttir**
**Sigurbjörg Eyvindsdóttir** **Þórður Sigríksson**
**Diljá Catherine Þiðriksdóttir**
**Diljá Þorvaldsdóttir**
**Hrafn Þorvaldsson**
**Emilíana Ösp Brjánsdóttir**
**Eyvindur Magni Þórðarson**
**Freyja Margrét Þórðardóttir**




FYLGSTU MEÐ FRÁ BYRJUN

ÍSLAND GOT TALENT **HEFST AFTUR**

Hæfileikafólk stígur á sviðið þegar einn stærsti sjónvarpsviðburður ársins fer í loftið í janúar. **Emmsjé Gauti** er nýr kynnir og **Ágústa Eva**, **Dr. Gunni**, **Jakob Frímann** og **Marta María** mæta fersk til leiks sem dómarar þáttarins. Fylgstu með **Ísland Got Talent** frá byrjun.

365.is | Sími 1817

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Vaxandi suðaustan- og austanátt í dag, allhvöss um kvöldið, hvassast syðst. Skýjað um landið sunnanvert og dálítil rigning seinnipartinn og hlánar en hægara, bjartviðri og áfram kalt fyrir norðan.

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 1° | 1° |
| ↖13 | ↖6 | ↑3 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 3° | 6° | 1° |
| ↖12 | ←10 | ↖18 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 2° | 2° |
| ↖10 | ↖7 | ↖11 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 5° | 7° | 2° |
| ↖17 | ↖6 | ↖19 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. kirkjuleiðtogi
6. kúgun
8. verslun
9. fljótfærni
11. mun
12. sella
14. yfirstéttar
16. úr hófi
17. kusk
18. pása
20. hljóta
21. kviður

**LÓÐRÉTT**
1. grasþökur
3. í röð
4. flokkur sýklalyfja
5. svelg
7. borðflaska
10. niður
13. blóðhlaup
15. gípa
16. mælieining
19. persónufornafn

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** páfi, **6.** ok, **8.** búð, **9.** ras, **11.** ku, **12.** fruma, **14.** aðals, **16.** of, **17.** ryk, **18.** hlé, **20.** fá, **21.** magi.
**LÓÐRÉTT: 1.** torf, **3.** áb, **4.** fúkalyf, **5.** iðu, **7.** karafla, **10.** suð, **13.** mar, **15.** skál, **16.** ohm, **19.** ég.

### Skák Gunnar Björnsson

David Navara (2.730) átti leik gegn Anish Giri (2.798) í þriðju umferð Tata Steel-mótsins í Wijk aan Zee í Hollandi.

**Hvítur á leik**

**20. f5! exf5 21. Hxf5!! gxf5 22. Bh5 Bd5 23. Hxd5! Dxd5 24. Bxf7+ Dxf7 25. Rxf7 Kxf7 26. Db3+ Kg6 27. Dg3+ Kf7 28. Db3+ Kg6 29. Dg3+ Kf7 30. Df3** (30. Bd4! hefði tryggt hvítum unnið tafl!) **30. ... Rd7 31. Dd5+ Kg6 32. Dc6 Rf6.** Giri náði svo að hanga á jafnteflinu.

**www.skak.is:** Caruana efstur.



### Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | 9 | | 5 | | |
| 5 | | | 6 | 8 | | | 9 | |
| | 6 | 9 | | | 1 | 4 | | 8 |
| | 2 | | | | 6 | 1 | 4 | |
| | 3 | 8 | | | 7 | | 2 | 5 |
| | | 7 | | | 2 | | | |
| | | 1 | | | | | 3 | 4 |
| 2 | | | 3 | 1 | | | | |
| | 5 | 3 | | | 9 | | | 6 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 5 | | | 6 | | | 7 |
| 4 | 6 | | | | 8 | | 2 | |
| 3 | | | | 2 | | 1 | 5 | |
| | | | | | 9 | 4 | 8 | |
| | 9 | | | | 7 | 3 | | 5 |
| 6 | | | | 8 | 5 | | | |
| 7 | 4 | | | | | | 1 | 8 |
| | | 2 | | | | | 3 | |
| | | | 6 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 4 | | 9 | | | 2 | |
| | | | | 3 | | | | |
| 5 | 9 | | 7 | 4 | 8 | | | |
| 7 | | 3 | | | | 5 | | |
| | | 5 | 9 | | | 6 | | |
| | 6 | | 2 | 5 | | | | |
| | | | | | | 4 | 8 | |
| | | 6 | 8 | | 1 | 3 | | |
| | | | | | | | 6 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 8 | 1 | 5 | 9 | 7 | 6 | 4 |
| 4 | 6 | 5 | 2 | 7 | 3 | 1 | 9 | 8 |
| 7 | 1 | 9 | 4 | 6 | 8 | 2 | 3 | 5 |
| 5 | 7 | 1 | 6 | 9 | 4 | 8 | 2 | 3 |
| 8 | 4 | 6 | 3 | 2 | 5 | 9 | 1 | 7 |
| 9 | 3 | 2 | 7 | 8 | 1 | 4 | 5 | 6 |
| 6 | 8 | 3 | 9 | 1 | 7 | 5 | 4 | 2 |
| 1 | 5 | 4 | 8 | 3 | 2 | 6 | 7 | 9 |
| 2 | 9 | 7 | 5 | 4 | 6 | 3 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 7 | 6 | 2 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 1 | 9 | 5 | 7 | 8 | 3 | 4 | 6 | 2 |
| 6 | 2 | 3 | 5 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 7 | 8 | 6 | 5 | 1 |
| 8 | 3 | 6 | 9 | 5 | 1 | 2 | 4 | 7 |
| 5 | 7 | 1 | 2 | 4 | 6 | 3 | 9 | 8 |
| 3 | 1 | 2 | 4 | 9 | 5 | 8 | 7 | 6 |
| 7 | 5 | 8 | 1 | 6 | 2 | 9 | 3 | 4 |
| 9 | 6 | 4 | 8 | 3 | 7 | 1 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 3 | 1 | 9 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 1 | 7 | 8 | 6 | 2 | 4 | 9 | 5 | 3 |
| 6 | 5 | 9 | 3 | 7 | 8 | 1 | 2 | 4 |
| 3 | 8 | 2 | 4 | 1 | 9 | 7 | 6 | 5 |
| 5 | 1 | 4 | 8 | 6 | 7 | 2 | 3 | 9 |
| 7 | 9 | 6 | 5 | 3 | 2 | 4 | 8 | 1 |
| 8 | 6 | 5 | 2 | 4 | 1 | 3 | 9 | 7 |
| 9 | 3 | 1 | 7 | 8 | 6 | 5 | 4 | 2 |
| 2 | 4 | 7 | 9 | 5 | 3 | 8 | 1 | 6 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






© Inter IKEA Systems B.V. 2016




# ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á SUNNUDAGINN

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

## Sunginn Gyrðir Elíasson

**TÓNLIST**

**Söngtónleikar**

★★☆☆☆

**Caput hópurinn ásamt Kristni Sigmundssyni**

Tónlist eftir Hauk Tómasson við ljóð eftir Gyrði Elíasson

**Breiðholtskirkja**

Laugardaginn 16. Janúar

Talan sextán var í aðalhlutverki á tónleikum Caput hópsins á laugardaginn. Það var sextándi janúar árið tvö þúsund og sextán og klukkan var fjögur. Í tarotspilunum er trompspil númer sextán turninn sem er lostinn eldingu. Ef hann kemur upp í lögn þá er ekki von á góðu.

Tónleikar Caput hópsins á laugardaginn lofuðu samt ágætu. Á dagskránni var nýtt verk eftir Hauk Tómasson við ljóð hins virta og marglofaða Gyrðis Elíassonar. Og ekki bara það: Kristinn Sigmundsson söng einsöng.

Tónlistin lét lítið yfir sér. Fámennur hópur hljóðfæraleikara lék á veikradda hljóðfæri, þ.á m. langspil og stofuorgel. Tónavefurinn var fíngerður. Hann byggðist oft á einföldum hendingum sem voru endurteknar í ýmsum myndum og með mismunandi blæbrigðum. Hljómarnir voru skrýtnir og skuggalegir.

Þetta kom ekki illa út í fyrstu. En þegar á leið fór gamanið að kárna. Ljóð Gyrðis eru innhverf og tvíræð, þau eru stutt en undir niðri er heilmikið drama. Það er stundum reiði í þeim og stíllinn getur verið hvass. Þetta skilaði sér ekki í tónlistinni. Hún var svo ládeyðukennd og svipláus að maður þurfti að hafa sig allan við til að halda sér vakandi.

Kristinn fór þó ágætlega með hlutverk sitt. En hann hafði bara ekki úr bitastæðu hlutverki að moða. Laglínurnar voru ómstríðar og torræðar, en að sama skapi sérkennilega andlausar. Þær fóru ljóðunum ekki vel.

Hljóðfæraleikararnir voru fagmannlegir. Þetta voru þeir Guðni Franzson, Örn Magnússon, Steef van Oosterhout og Sigurður Halldórsson. Spilamennskan var fáguð og prýðilega ígrunduð. Því miður var það ekki nóg.

Á undan tónverkinu las Orri Huginn Ágústsson upp þrettán ljóð eftir Gyrði við sveimkennda tónlist Hauks sem var á mörkum hins heyranlega. Það kom miklu betur út. Orri las skýrt og með hæfilega leikrænum tilþrifum. Og bakgrunnstónlistin truflaði ekki, heldur rammaði ljóðin fallega inn. Af hverju gat ekki allt verið svona? **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Falleg ljóð en rislítil tónlist.



Hilmir Snær Guðnason vinnur leiksigur í uppfærslu Borgarleikhússins á Hver er hræddur við Virginiu Woolf.

## Hágæða heimilishryðjuverk

**LEIKHÚS**

**Hver er hræddur við Virginiu Woolf?**

★★★★☆

**Borgarleikhúsið**

**Leikstjórn:** Egill Heiðar Anton Pálsson

**Leikhópur:** Margrét Vilhjálmsdóttir, Hilmir Snær Guðnason, Eysteinn Sigurðarson og Elma Stefanía Ágústsdóttir

**Leikmynd:** Gretar Reynisson

**Búningar:** Helga I. Stefánsdóttir

**Lýsing:** Þórður Orri Pétursson

**Tónlist/Hljóðmynd:** Margrét Kristín Blöndal

**Hljóð:** Þórður Gunnar Þorvaldsson

**Þýðing:** Salka Guðmundsdóttir

Miðaldra hjónin Marta og Georg bjóða ungu pari í eftirpartí. En ekkert venjulegt eftirpartí því gestgjafarnir stunda tilfinningalegan skæruhernað sér til skemmtunar og áhorfendum Borgarleikhússins er boðið að fylgjast með kjarnorkukvöldi á heimili þeirra.

Leikrit Edwards Albee er nánast óaðfinnanlega vel skrifað. Hrynjandi orðanna er eins og djassverk, nótur koma úr óvæntri átt en smellpassa inn í framvinduna. Hálfri öld eftir fyrstu frumsýningu er engin ellimörk að finna á þessu meistaraverki. Kjarnafjölskyldan, væntingar samfélagsins og feluleikir millistéttarinnar fá hér að kenna á því. Verkið er sýnt í örlítið styttri mynd en kjarninn heldur sér og þýðing Sölku Guðmundsdóttur er nautn fyrir eyrað.

Marta er eitt af erkihlutverkum leiklistarsögunnar: Einungis allra færustu leikkonur ná taki á þessum hégómafulla og bugaða kvenmanni, föst í heimi sem aðrir hafa smíðað henni. Margrét Vilhjálmsdóttir er svo sannarlega ein af þeim. Augnaráð hennar er lamandi og líkamsbeitingin þróttmikil en þokkafull. Hún fremur leikrænan galdur á Nýja sviðinu þar sem tryllingurinn er tempraður með vitund um tilætlanir Mörtu og komandi leiki í valdatafli þeirra Georgs.

Því Marta getur ekki án Georgs verið og Margrét fær svo sannarlega verðugan andstæðing en Hilmir Snær Guðnason fer á kostum í hlutverki sínu. Hann er allt í senn meinfyndinn, hættulegur og heillandi. Þessi ónytjungur hefur nefnilega tilfinningalega breidd en Hilmir Snær finnur bæði uppgjöf og reiði Georgs sem skilur að líf þeirra hjóna er ekkert nema innantómt leikrit. Stundum verður hamagangurinn of mikill en þetta er engu að síður leiksigur frá einum besta leikara þjóðarinnar.

Grunlausu ungu hjónin, gestir þeirra Mörtu og Georgs, eru nafnlaus í uppfærslunni, sú áherslubreyting virkar sérstaklega vel. Á yfirborðinu virðast þau litlaus en fljótlega koma brestirnir í ljós. Elma Stefanía Ágústsdóttir og Eysteinn Sigurðarson virðast alltaf vera á annarri bylgjulengd, áhorfendur og þátttakendur til skiptis í stofustyrjöldinni. Þarna misstígur Egill Heiðar sig í leikstjórninni og virðist ekki hafa gefið þessum persónum, sem eru gríðarlega erfiðar, nægilegan gaum.

Elma Stefanía gerir vel í hlutverki taugatrekktu yfirstéttarstelpunnar sem alltaf reynir að gera fólki til geðs en missir tökin eftir því sem næturdrykkjunni vindur fram. Eftir hlé nær hún taktinum og sýnir styrkinn sem leynist undir brothætta yfirborðinu. Eysteini Sigurðarsyni farnast ekki eins vel því hann er undarlega stífur í hlutverkinu, bæði hvað snertir framburð og líkamsbeitingu. Persónu unga mannsins er ætlað að vera skopstæling á stereótýpu en ekki eintóna.

Heimili þeirra hjóna er rammað inn eins og hallandi málverk, ljósi mjúkviðurinn skapar hlýlegt yfirbragð en dýptin vísar til tómleika. Gretar Reynisson sýnir af hverju hann skarar fram úr sem leikmyndahönnuður, þó ekki nema fyrir listaverkið sem hangir í stofu hjónanna. Þórður Orri Pétursson litar síðan inn í eyðurnar með töfrandi lýsingu þar sem kaldir og heitir tónar blandast dimmum skuggum. Búningar Helgu I. Stefánsdóttur passa fagurfræðinni vel, þar má sérstaklega nefna búning Mörtu í byrjun.

Hljóðmynd og tónlist eru hugarsmíð Margrétar Kristínar Blöndal. Í byrjun sýningarinnar má heyra skemmtilega vísun í kvikmyndina frægu með Elizabeth Taylor og Richard Burton sem er mjög þakklátt fyrir þá sem þekkja til. En hljóðmyndin minnir reglulega á undirliggjandi drungann á heimilinu. Þórður Gunnar Þorvaldsson vinnur hljóðið á frumlegan hátt þar sem bergmálið ógnar á meðan glösin klingja.

Eftir hlé breytist tónninn í verkinu; pagnirnar verða lengri, hljómfallið lægra og uppgjöf þeirra Mörtu og Georgs öllum sýnileg. Egill Heiðar Anton Pálsson hefur gríðargóð tök á framsetningunni og kryddar verkið með áhugaverðum augnablikum. Hann er einn af okkar bestu leikstjórum en fagurfræði hans er fantagóð. Heildaryfirbragðið er sterkt en þess væri óskandi að betur hefði verið hugað að samleiknum.

Þrátt fyrir hatröm rifrildi, skefjalaust ofbeldi og djúpan harm brennur ást á milli Mörtu og Georgs, og allt þetta er sjón að sjá. Látalæti og leikir hjónanna afhjúpa hinar þrúgandi væntingar samfélagsins en er líka þrumandi fyndið. Þessi baneitraði heimiliskvartett er skylduáhorf. Egill Heiðar stýrir sýningunni af öryggi og hugviti en nokkrir veikir tónar trufla þó heildina. **Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Besta sýning leikársins til þessa, þó ekki gallalaus.





# Tækifæri til þess að sjá verk sem sjást sjaldan

Árið 1920 var tímamótaár í íslenskri myndlist en þá stóð Dansk-Islandsk Samfund fyrir fyrstu samsýningunni á íslenskri myndlist utan landsteinanna. Sjö árum síðar var svo í Charlottenborg í Kaupmannahöfn efnt til sýningarinnar Udstilling af islandsk kunst en þar voru sýnd tæplega 350 verk eftir tólf íslenska listamenn. Á morgun verður opnuð sýning í Listasafni Íslands þar sem verður litið um öxl og sýndur hluti verkanna sem voru á þessum tímamótasýningum í Kaupmannahöfn.

Dagný Heiðdal, deildarstjóri Listasafns Íslands, segir að sýningarnar hafi vakið heilmikla athygli á sínum tíma. „Þetta vakti mikla athygli í Danmörku og sýningin sem var 1927 fór líka til Þýskalands og við erum líka með mikið af blaðaúrklippum þaðan þar sem er verið að fjalla um þá sýningu. Eflaust greiddi þetta nokkuð götu íslenskrar myndlistar þarna á sínum tíma enda var haft orð á því hversu vel sýningarnar hafi verið sóttar.

Jón Stefánsson var svona sá sem þeim þótti áhugaverðastur enda var hann þekktur fyrir í Danmörku. En það voru líka tvær konur í þessum hópi, þær Kristín Jónsdóttir og Júlíana Sveinsdóttir. Á sýningunni 1927 vildu þeir sýna hvað hefði verið gert og voru þá með þrjú verk eftir Sigurð Guðmundsson. Auk áðurnefndra voru þarna einnig verk eftir Þórarin B. Þorláksson, sem þá var látinn, Ásgrím Jónsson, Kjarval, Guðmund Thorsteinsson – Mugg, Jón Þorláksson – Finn, Ólaf Blöndal og Guðmund Einarsson frá Miðdal.“

**EFLAUST GREIDDI ÞETTA NOKKUÐ GÖTU ÍSLENSKRAR MYNDLISTAR ENDA VAR HAFT ORÐ Á ÞVÍ HVERSU VEL SÝNINGARNAR HAFI VERIÐ SÓTTAR.**

Sýningin er unnin í samvinnu við Dansk-íslenska félagið, sem er hundrað ára í ár, en eitt af markmiðum félagsins er að stuðla að aukinni þekkingu á Íslandi í Danmörku. „Þau komu að máli við okkur og sáðu fræjum að sýningunni. Við skoðuðum þetta og sáum fljótt að þetta er frábært tækifæri fyrir fólk að koma og sjá mikið af verkum sem eru ekki alltaf aðgengileg.“ – **mg**



**Verk eftir Jóhannes S. Kjarval á Charlottenborg 1927.**



**Útsetningar eru eftir Sigurð Ingva sem hér er á milli Sigríðar og Önnu Guðnýjar.**

## Franskt og létt

Franskir tónar og íslenskir hljóma í Salnum í Kópavogi í hádeginu í dag. Sigríður Thorlacius ásamt Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur og Sigurði Ingva Snorrasyni flytja þar létta franska tónlist, meðal annars La vie en rose eftir Louis Guglielmi sem flestir þekkja í flutningi Edith Piaf.

Að auki flytja þau íslensku lögin Hvert örstutt spor eftir Jón Nordal og Atlantshafið eftir Jóhann G. Jóhannsson, bæði við ljóð Halldórs Laxness.

Tónleikarnir hefjast kl. 12.15 og eru hálftíma langir.



**„Við Ragnar Helgi fáum sjö mínútur fyrir okkar flutning,“ segir Kristín Svava.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Óvinir á svið í Iðnó og í Stykkishólmi

Ljóðahátíðin Óvinir hefst í Iðnó á föstudagskvöldið, 22. janúar. Hún er samstarfsverkefni ljóðskálda sem vinna saman í pörum við gerð nýrra verka til upplestrar.

Eitt skáldanna er Kristín Svava Tómasdóttir, hún kemur fram með Ragnari Helga Ólafssyni. „Það eina sem ég veit fyrir víst er að við Ragnar Helgi fáum sjö mínútur fyrir okkar flutning,“ segir hún og telur víst að um fjölbreytta dagskrá verði að ræða þetta kvöld og stundin verði skemmtileg.

Annar hluti hátíðarinnar Óvina verður í Vatnasafninu í Stykkishólmi laugardaginn 23. janúar og lokaviðburðurinn í Rich Mix í London laugardaginn 30. janúar. Hátíðin í Iðnó hefst klukkan 20 og aðgangur er ókeypis. – **gun**







**Selina rakamælir**
Sýnir hitastig og rakaprósentu.
Nákvæm mæling.
**Tilboðsverð: 4.720 kr.**
**Fullt verð: 5.900 kr.**



**Anton rakatæki**
Náttúrulegur rakagjafi.
Afköst mest 120 g/klst.
Herbergisstærð allt að 25 m².
**Tilboðsverð: 14.320 kr.**
**Fullt verð: 17.900 kr.**



**Oskar rakatæki**
Öflugt, hljóðlátt og stílhreint.
Afköst mest 300 g/klst.
Herbergisstærð allt að 40 m².
**Tilboðsverð: 19.120 kr.**
**Fullt verð: 23.900 kr.**



**Jack rakatæki**
Öflugt og glæsilegt.
Afköst mest 480 g/klst.
Herbergissstærð allt að 65 m².
**Tilboðsverð: 27.920 kr.**
**Fullt verð: 34.900 kr.**



**Viktor lofthreinsitæki**
Hreinsar loftið með þremur síum.
Eyðir ólykt, ryki, svifryki, bakteríum, veirum, frjókornum og öðrum örverum í híbýlum okkar.
Herbergisstærð: 50 m².
**Tilboðsverð: 35.920 kr.**
**Fullt verð: 44.900 kr.**



**Jasmin ilmtæki**
Skapar róandi stemningu og dreifir ilmi um herbergið.
**Tilboðsverð: 6.960 kr.**
**Fullt verð: 8.700 kr.**

BOSCH BÚÐIN
Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090
www.bosch.is

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE REVENANT | 8 FORSÝNING |
| RIDE ALONG 2 | 8, 10:10 |
| NONNI NORÐURSINS | 5:50 ÍSL.TAL |
| THE HATEFUL EIGHT | 10:10 |
| DADDY'S HOME | 5:50, 8 |
| SISTERS | 5:30 |




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| DADDY'S HOME | KL. 5:50 - 8 - 9 - 10:10 |
| POINT BREAK | KL. 8 - 10:30 |
| STAR WARS 3D | KL. 5:30 - 8:30 |
| STAR WARS 2D | KL. 6 - 7 - 10 |
| SMÁFÓLKIÐ ÍSL TAL 2D | KL. 5 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| LES PECHEURS DE PERLES ÓPERA ENDURFLUTT | KL. 6 |
| THE BIG SHORT | KL. 9 |
| DADDY'S HOME | KL. 8 - 10:10 |
| STAR WARS 3D | KL. 6 - 9:15 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| THE BIG SHORT | KL. 5:10 - 8 - 10:40 |
| DADDY'S HOME | KL. 5:50 - 8 - 10:30 |
| POINT BREAK | KL. 5:30 - 8 |
| STAR WARS 3D | KL. 5:10 - 8 |
| STAR WARS 2D | KL. 10:10 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| THE BIG SHORT | KL. 10:10 |
| RIDE ALONG 2 | KL. 8 |
| DADDY'S HOME | KL. 8 |
| STAR WARS 3D | KL. 10:10 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| THE BIG SHORT | KL. 10:10 |
| DADDY'S HOME | KL. 8 - 10:10 |
| STAR WARS 3D | KL. 7 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

## 20. JANÚAR 2016

### Tónlist

**Hvað?** La Vie en Rose
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Sigríður Thorlacius, Anna Guðný Guðmundsdóttir og Sigurður Snorrason flytja létta franska tónlist. Sigurður hefur útsett mikið fyrir íslenska tónlistarmenn, ekki síst Vínartónlist. Miðaverð er 1.500 krónur.

**Hvað?** Myrra Rós og Owls of the Swamp
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg, Klapparstíg
Tónlistarkonan Myrra Rós og Owls of the Swamp efna til tónleika á Café Rosenberg í kvöld. Miðaverð er 1.000 krónur.

**Hvað?** Foreign Land
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Aurora Reykjavík, Grandagarði 2
Hljómsveitin Foreign Land efnir til tónleika á Aurora Reykjavík í kvöld. Miðaverð er 1.500 krónur.

**Hvað?** Dj Styrmir Dansson
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bravó
Dj Styrmir Dansson þeytir skífum á Bravó í kvöld.

**Hvað?** Trúbadorinn Biggi
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** English Pub
Trúbadorinn Biggi slær á létta strengi á English Pub í kvöld.

**Hvað?** Trúbadorinn Siggi Þorbergs
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** American Bar
Trúbadorinn Siggi Þorbergs slær á létta strengi á American Bar í kvöld.

**Hvað?** Ívar Pétur undir áhrifum
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Kaffibarinn
Ívar Pétur býður listafólki sem hefur haft áhrif á hann að koma og spila tónlist með sér og listamennirnir spila tónlist sem hefur haft áhrif á þá.

**Hvað?** Dj De La Rosa
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Prikið
Dj De La Rosa þeytir skífum á Prikinu í kvöld.

### Uppákomur



Sigríður Thorlacius kemur fram á tónleikum í Salnum í Kópavogi ásamt þeim Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur og Sigurði Snorrasyni í kvöld.

**Hvað?** Dagar ljóðsins
**Hvenær?** 17.15
**Hvar?** Bókasafn Kópavogs
Dagar ljóðsins eru haldnir hátíðlegir á Bókasafni Kópavogs til 23. janúar. Bjarki Karlsson, hagyrðingur og skáld, kafar ofan í ljóðageymslur bókasafnsins og talar um hefðbundinn og óhefðbundinn kveðskap.

**Hvað?** Fóstbræðra Quiz
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra
Barsvar á Húrra í kvöld með Fóstbræðraívafi. Tveir til fjórir saman í liði og hefst skráning klukkan 20.30. Barsvarið sjálft hefst svo stundvíslega klukkan 21.00.

**Hvað?** Make THIS Funny! #4
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu 22
Spunauppistand á Gauknum í kvöld. Uppistandararnir mega ekki flytja neitt undirbúið efni heldur þurfa að spinna á staðnum út frá handahófskenndum frösum. Miðaverð er 1.000 krónur.

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Nýjar rannsóknir í íslenskri fornleifafræði: Svartidauði og klaustrin
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Salur Þjóðminjasafns Íslands
Dr. Steinunn Kristjánsdóttir flytur fyrirlesturinn Svartidauði og klaustrin í fyrirlestraröð Félags fornleifafræðinga, námsbrautar í fornleifafræði við Háskóla Íslands og Þjóðminjasafns Íslands. Fjallað verður um áhrif svartadauða á íslensku klaustrin og miðað við plágurnar sem gengu yfir á árunum 1402-1404 og 1494-1495.

**Hvað?** „Börn í bókum" – Félag íslenskra fræða / Dagný Kristjánsdóttir
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg 10
Dagný Kristjánsdóttir, doktor frá Háskóla Íslands og prófessor í íslenskum bókmenntum, flytur erindið Börn í bókum en í erindinu veltir Dagný fyrir sér mismunandi og breytilegum hugmyndum manna um bernskuna, hvernig börn séu og hvernig þau ættu að vera. Fjórir fyrstu barnabókahöfundarnir og bækur þeirra eru til umræðu. Fyrirlesturinn er öllum opinn og aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Heimspekikaffi
**Hvenær?** 20.00



Dr. Steinunn Kristjánsdóttir flytur fyrirlesturinn Svartidauði og klaustrin í Þjóðminjasafninu í dag, auk þess sem kynning á nýrri skýrslu UNICEF á Íslandi um börn sem líða efnislegan skort á Íslandi fer fram í fyrirlestrasal safnsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

**Hvar?** Borgarbókasafnið, Menningarhús, Gerðubergi 3-5
Heimspekikaffi með rithöfundinum og heimspekingnum Gunnari Hersveini sem veltir fyrir sér heilsu, hug og líkama. Lára G. Sigurðardóttir læknir fjallar um aðferðir og rannsóknir sem varpa áhugaverðu ljósi á samband hugar og líkama. Gunnar og Lára eiga samtal um efni kvöldsins og gestir taka virkan þátt í umræðunum. Allir velkomnir.

### Kynningar

**Hvað?** Kynning á nýrri skýrslu UNICEF á Íslandi um börn sem líða efnislegan skort á Íslandi
**Hvenær?** 9.00
**Hvar?** Fyrirlestrasalur Þjóðminjasafnsins
UNICEF á Íslandi kynnir nýja skýrslu um efnislegan skort meðal barna á Íslandi. Hagstofa Íslands greindi gögnin í skýrslunni með skortgreiningu UNICEF. Samhliða útgáfu skýrslunnar opnar UNICEF mælaborð fyrir gagnasafn skýrslunnar sem unnið var með Datamarket. Framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, Bergsteinn Jónsson, kynnir niðurstöður skýrslunnar, Kolbeinn Stefánsson, sérfræðingur Hagstofunnar, lýsir aðferðafræðinni sem notast var við. Pallborðsumræður með Anni G. Haugen, lektor í félagsráðgjöf, og Ingibjörgu Broddadóttur, sérfræðingi á skrifstofum félagsþjónustu í velferðarráðuneytinu. Fundarstjóri er Daði Már Kristófersson, forseti félagsvísindasviðs Háskóla Íslands.

### Kvikmyndir

**Hvað?** Kinshasa Symphony
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Borgarbókasafn í Grófinni
Kvikmyndin Kinshasa Symphony sýnd á Þýskum músíkdögum, kvikmyndadögum sem fram fara í Kamesi Borgarbókasafns í Grófinni. Myndin fylgir kórsöngvurum og hljóðfæraleikurum Kinshasa í Austur-Kongó sem í róti daglegs borgarlífs gera allt til þess að komast á æfingar og tónleika sveitarinnar. Myndin hlaut verðlaun sem vinsælasta heimildarmyndin á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Vancouver árið 2010 og verðlaun áhorfenda sem besta myndin á alþjóðlegu RiverRun hátíðinni árið 2011. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað?** Touch the Sound
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Borgarbókasafn í Grófinni
Kvikmyndin Touch the Sound: A Sound Journey with Evelyn Glennie verður sýnd á Þýskum músíkdögum, kvikmyndadögum sem haldnir verða í Kamesi Borgarbókasafns í Grófinni. Myndin hefur unnið til fjölda verðlauna en hún hlaut meðal annars gull fyrir besta hljóðið á Þýsku kvikmyndahátíðinni árið 2005 og skosku BAFTA-verðlaunin fyrir bestu heimildarmyndina árið 2004. Í myndinni er lagt í ferðalag um hljóðheima með slagverksleikaranum Evelyn Glennie sem nánast heyrnarlaus kannar samspil fjölbreyttra hljóðgjafa, takts, tímasetningar og líkamlegrar snertingar. Aðgangseyrir er enginn og allir velkomnir.




Marguerite IS SUB 17:30, 20:00, 22:15
45 years IS SUB ........ 18:00
Sparrows / Þrestir ENG SUB ..... 18:00
Youth IS SUB ........ 20:00
A Perfect day IS SUB ........ 20:00
Magic in the Moonlight ... 22:30
Rams / Hrútar ENG SUB ...... 22:00

LED SJÓNVÖRP
OLED SJÓNVÖRP
24" LÍTIL SJÓNVÖRP
98" STÓR SJÓNVÖRP
32" SJÓNVÖRP
49" SJÓNVÖRP
48" SJÓNVÖRP
50" SJÓNVÖRP
55" SJÓNVÖRP
60" SJÓNVÖRP

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 67% AFSLÁTTUR

65" SJÓNVÖRP
79" STÓR SJÓNVÖRP
ÚTVÖRP
HLJÓMTÆKI
84" STÓR SJÓNVÖRP
HEIMABÍÓ
BLU-RAY SPILARAR
HEYRNARTÓL
BÍLGRÆJUR
MYNDAVÉLAR
SKJÁVARPAR
HÁTALARAR
SJÓNAUKAR
BLUETOOTH HÁTALARAR

LG PHILIPS THOMSON Panasonic
YAMAHA KENWOOD Nikon GRUNDIG UNITED EPSON JBL
harman/kardon OLYMPUS Dantax tasco TOSHIBA JVC SanDisk

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16 | SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur



**19:50**
**HEIMSÓKN**
Sindri Sindrason heimsækir hjónin Pétur Þ. Maack og Ragnheiði Ólafsdóttur sem eru sannkallaðir fagurkerar og búa í fallegu húsi í Bergstaðastræti.

FRÁBÆRT
MIÐVIKUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

**20:15**
**COVERT AFFAIRS**
Skemmtileg þáttaröð um CIA fulltrúana Annie og Auggie og samband þeirra bæði innan og utan vinnunnar.



**21:00**
**FLESH AND BONE**
Dramatískir þættir um Claire sem er ungur og hæfileikaríkur dansari í New York. Hún lifir og hrærist í kröfuhörðum dansheiminum og á ekki alltaf sjö dagana sæla.



**22:00**
**BONES**
Stórskemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðings.



**22:45**
**REAL TIME WITH BILL MAHER**
Vandaður og hressandi spjallþáttur í umsjón Bills Maher þar sem hann fer yfir málefni líðandi stundar með hinum ólíkustu gestum.




**22:00**
**I GIVE IT A YEAR**
Rómantísk gamanmynd um Nat og Josh sem eru nýgift og hamingjusöm þrátt fyrir að vinir og vandamenn hafi ekki mikla trú á ráðahagnum.



**22:00**
**COLD CASE**
Magnþrunginn myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar á morðdeildinni við að leysa úr gömlum og rykföllnum sakamálum.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.40** Big Time Rush
**08.05** The Middle
**08.25** Anger Management
**08.50** Weird Loners
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Spurningabomban
**11.05** Sullivan & Son
**11.25** Mindy Project
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Lóa Pind: Örir íslendingar
**13.45** Hið blómlega bú 3
**14.15** White Collar
**15.00** Mayday: Disasters
**15.45** Big Time Rush
**16.10** Impractical Jokers
**16.35** Welcome To the Family
**16.55** Baby Daddy
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** **Ísland í dag** Andri, Margrét Erla, Sigrún Ósk og Eva Laufey færa þér skemmtilegan þjóðmálaþátt í beinni útsendingu. Áhugaverð umræða, fróðlegar fréttaskýringar og skemmtileg sjónarhorn.
**19.20** Víkingalottó
**19.25** **The Middle** Sjöunda þáttaröðin af þessum stórskemmtilegu þáttum um hið sanna líf millistéttarfólksins. Það er aldrei lognmolla hjá Heck-fjölskyldunni þar sem ofurhúsmóðurin Frankie hefur í mörg horn að líta.
**19.50** Heimsókn
**20.15** Covert Affairs
**21.00** Flesh and Bone
**22.00** Bones
**22.45** Real Time with Bill Maher
**23.45** Atvinnumennirnir okkar
**00.15** NCIS
**01.00** The Blacklist
**01.45** Incredible Burt Wonderstone
**03.25** Stalker
**04.10** Snakes on a Plane
**05.55** The Middle

## SPORT

**07.00** Snæfell - Höttur
**08.35** Snæfell - Haukar
**12.00** Barcelona - Athletic Bilbao
**13.45** Atalanta - Inter Milan
**15.25** Ítölsku mörkin
**15.55** Carolina Panthers - Seattle Seahawks
**18.20** Snæfell - Höttur
**19.55** **Liverpool - Exeter** BEINT
**22.00** Snæfell - Haukar
**23.30** Leicester - Tottenham
**01.10** Körfuboltakvöld

## SPORT 2

**11.30** Man. City - Crystal Palace
**13.10** Tottenham - Sunderland
**14.50** Premier League Review
**15.45** Messan
**16.50** Newcastle - West Ham
**18.35** Premier League World
**19.05** Liverpool - Man. Utd.
**20.45** Football League Show
**21.15** Swansea - Watford
**22.55** Stoke - Liverpool

## GOLFSTÖÐIN

**09.00** PGA Tour 2016
**12.30** Inside The PGA Tour 2016
**12.55** PGA Tour 2016
**16.55** PGA Tour 2016 - Highlights
**17.50** PGA Tour 2016
**21.50** 2015 PGA Tour Review of the Year
**22.40** 2015 Presidents Cup Official
**23.30** Feherty

## STÖÐ 3

**17.55** Fresh Off the Boat
**18.20** Sullivan & Son
**18.45** Top 20 Funniest
**19.30** One Big Happy
**19.55** Schitt's Creek
**20.20** Mayday
**21.10** The Listener
**21.55** American Horror Story: Freak Show
**22.40** Discovery Atlas
**00.20** One Big Happy
**00.40** Schitt's Creek
**01.05** Mayday
**01.50** The Listener
**02.35** American Horror Story: Freak Show
**03.20** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Rasmus Klumpur
**07.55** Ævintýri Tinna
**08.18** UKI
**08.23** Lína Langsokkur
**08.48** Hvellur keppnisbíll
**09.00** Ofurhundurinn Krypto
**09.25** Ljóti andarunginn og ég
**09.47** Ævintýraferðin
**10.00** Könnuðurinn Dóra
**10.24** Mörgæsirnar
**10.45** Gulla og grænjaxlarnir
**10.55** Tommi og Jenni
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Rasmus Klumpur
**11.55** UKI
**12.00** Ævintýri Tinna
**12.23** Lína Langsokkur
**12.48** Hvellur keppnisbíll
**13.00** Ofurhundurinn Krypto
**13.24** Ljóti andarunginn og ég
**13.46** Ævintýraferðin
**14.00** Könnuðurinn Dóra
**14.24** Mörgæsirnar
**14.45** Gulla og grænjaxlarnir
**14.55** Tommi og Jenni
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Rasmus Klumpur
**15.55** UKI
**16.00** Ævintýri Tinna
**16.23** Lína Langsokkur
**16.48** Hvellur keppnisbíll
**17.00** Ofurhundurinn Krypto
**17.24** Ljóti andarunginn og ég
**17.46** Ævintýraferðin
**18.00** Könnuðurinn Dóra
**18.24** Mörgæsirnar
**18.45** Gulla og grænjaxlarnir
**18.55** Tommi og Jenni
**19.00** Paranorman

**Könnuðurinn Dóra, kl. 10.00, 14.00 og 18.00**



## GULLSTÖÐIN

**18.35** The Big Bang Theory
**19.00** Friends
**19.20** New Girl
**19.45** Modern Family
**20.10** Tekinn 2
**20.45** Chuck
**22.00** Cold Case
**22.50** Cold Feet
**23.40** Broadchurch
**00.30** The Sopranos
**01.20** Tekinn 2
**01.50** Chuck
**03.00** Cold Case
**03.45** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.20** A Walk In the Clouds
**13.05** The Other Woman
**14.55** St. Vincent
**16.40** A Walk In the Clouds
**18.25** **The Other Woman** Cameron Diaz leikur lögræðinginn Carly í þessari stórskemmtilegu rómantísku gamanmynd frá 2014. Hún telur sig eiga hinn fullkomna unnusta en kemst svo að því að hann leikur tveimur skjöldum, hann er nefnilega harðgiftur. Hún er þó ekki ein um að átta sig á svikseminni því eiginkonan er líka komin á sporið. Þær ákveða að taka höndum saman og hefna sín á honum í sameiningu.
**20.15** **St. Vincent** Bill Murray og Melissa McCarthy fara á kostum í þessari frábæru gamanmynd frá 2014. Oliver flytur ásamt mömmu sinni í nýtt hverfi og einn af nýju nágrönnunum er hinn kærulausi, blanki einbúi Vincent de Van Nuys. Með önnur aðalhlutverk fara Naomi Watts og Jaeden Lieberher.
**22.00** I Give It A Year
**23.40** The Company You Keep
**01.40** The Factory
**03.25** I Give It A Year

## RÚV

**15.35** Rætur
**16.05** **Þýskaland - Slóvenía** BEINT
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** Disneystundin
**18.01** Finnbogi og Felix
**18.22** Sígildar teiknimyndir
**18.28** Finni kostur
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.10** Ævar vísindamaður
**20.40** Frú Brown
**21.15** Neyðarvaktin
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** EM stofa
**22.35** Fær í flestan sjó
**23.35** Glæpasveitin
**00.35** Kastljós
**01.05** Fréttir
**01.20** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.22** Dr. Phil
**09.04** Design Star
**09.48** Minute To Win It
**10.35** Pepsi MAX tónlist
**13.25** King of Queens
**13.47** Dr. Phil
**14.30** Black-ish
**14.52** The Good Wife
**15.36** America's Next Top Model
**16.18** Solsidan
**16.41** Life In Pieces
**17.03** Grandfathered
**17.24** The Grinder
**17.47** Dr. Phil
**18.29** The Tonight Show
**19.13** The Late Late Show
**19.50** The Millers
**20.15** Survivor
**21.00** Code Black
**21.45** Complications
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Sleeper Cell
**00.35** Agents of S.H.I.E.L.D.
**01.20** Zoo
**02.05** Code Black
**02.50** Complications
**03.35** The Tonight
**04.15** The Late Late Show
**04.55** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# DEBENHAMS

# BLÁA BOMBAN

## VERÐSPRENGJA!

# 20%

## VIÐBÓTARAFSLÁTTUR

AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU

**OPIÐ TIL KL. 19:00 Í KVÖLD**

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ



Hin síunga söngkona Gwen Stefani, datt sennilega niður á góðan díl, en hún fór klyfjuð út úr stórmarkaði nokkrum.



Miley Cyrus, sem líklega er trúlofuð sínum fyrrverandi, Chris Hemsworth, lét lítið fyrir sér fara með bleika húfu og öskrandi litríka handtösku, á JFK-flugvelli í New York.



Haily Baldwin á vappi að vökva sig.



Á meðan Jackie Chan sprellaði í Sjanghæ, sýndi Angelina Jolie sig og sá aðra á viðhafnarsýningu myndarinnar í Hollywood. Auðvitað leikur Jolie tígurskvísuna Tigress.



Honey Boo Boo og Mama June létu fara vel um sig í Los Angeles, alsælar og svo sannarlega ekki að kljást við kuldabola líkt og Íslendingar.



Jackie Chan lék á als oddi við frumsýningu Kung Fu Panda 3, en hann ljær einni persónunni, Monkey, þar rödd.



Okkar allra besti Bieber spígsporaði um Beverly Hills ásamt föngulegum lífverði. Meint kærasta kappans, Haily Baldwin, vappaði annars staðar um í Los Angeles.

# Frægir
## á ferð og flugi


2016

## Tekju- og greiðsluáætlun fyrir árið 2016

Hægt er að skoða tillögu að tekjuáætlun og greiðsluáætlun fyrir árið 2016 á Mínum síðum á tr.is.

Það er einfalt og fljótlegt að breyta tekjuáætlun á Mínum síðum.

Þeir sem vilja fá tekju- og greiðsluáætlun senda í bréfpósti geta pantað það á tr.is, komið í þjónustumiðstöð TR eða hringt. Opið mánudaga–föstudaga frá kl. 9–15.

Einnig er hægt að hafa samband við umboð TR um land allt.

TR

Tryggingastofnun
Laugavegi 114 | 105 Reykjavík
Sími 560 4400 | tr@tr.is | tr.is

PLAYSTATION 4 KYNNIR

# JIMMY CARR

## FUNNY BUSINESS



ATHUGIÐ:
EKKI ER HÆGT
AÐ BÆTA VIÐ
FLEIRI SÝNINGUM!

**NÝ AUKASÝNING**

**LAUGARDAGINN 5. MARS**
**Í HÁSKÓLABÍÓI**

**HOF** 4. MARS · ÖRFÁIR MIÐAR EFTIR // **HARPA** 6. MARS · UPPSELT

MIÐASALA Á NÝJU SÝNINGUNA
HEFST Á MORGUN KL. 10 Á TIX.IS!

MIÐASALA FER FRAM Á TIX.IS OG Í SÍMA 551-3800
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SENA.IS/JIMMYHB









Ýr segir fjölnota flíkur falla vel í kramið í dag, en hún hlaut Red Dot-verðlaun fyrir jakkann sinn á Xiamen International Business Week. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Með farteskið fullt af **tækifærum frá Kína**

**Ýr Þrastardóttir** fatahönnuður hefur verið að gera það gott undanfarna mánuði með hönnun sinni, Another Creation, í Kína. Nú snýr hún heim í stutta stund með nýja línu fjölnota flíka sem hún útilokar ekki að muni birtast í undankeppni Eurovision.

Línan er öll framleidd á Ítalíu og þetta ferli hefur tekið mjög langan tíma þar sem þetta er frekar flókið að framleiða. Prótótýpurnar hafa flogið fram og til baka,“ segir Ýr sem iðar í skinninu eftir að fá línuna í hendurnar. Um er að ræða fjölnotaflíkur sem eiga væntanlega upp á pallborðið hjá ansi mörgum á tímum mínímalísks lífsstíls sem öllu ætlar að tröllríða, í bland við aukna umhverfismeðvitund.

„Ég þróaði þetta í gegnum Startup Reykjavík, og vildi gera jakka og kápur sem hægt er að skipta um ermar eða kraga á, frekar en að fólk sé að kaupa nýja flík. Þannig má alltaf kaupa sér nýja viðbót og skipta út,“ útskýrir Ýr, og bendir á að kjólarnir og samfestingarnir í línunni séu þannig að hægt sé að snúa þeim við, og þannig fá tvær flíkur úr einni. Ýr ætlar sér að kynna línuna á Hönnunar-mars, og skella í svokallaða pop-up verslun á staðnum.

**ÉG ÞRÓAÐI ÞETTA Í GEGNUM STARTUP REYKJAVÍK, OG VILDI GERA JAKKA OG KÁPUR SEM HÆGT ER AÐ SKIPTA UM ERMAR EÐA KRAGA Á, FREKAR EN AÐ FÓLK SÉ AÐ KAUPA NÝJA FLÍK.**

Ýr segir greinilegan áhuga á slíkri hönnun, en hún kom einmitt heim með glæsilega viðurkenningu frá Kína. „Ég hélt tvær sýningar úti, sú fyrri var á Another Creation, á hönnunarhátíð sem ber heitið Designers at the Seashore, og er partur af Xiamen International Business Week. Þar voru veitt verðlaunin Red Dot Award fyrir framúrskarandi hönnun og fékk ég viðurkenningu frá samtökunum fyrir fjölnota jakkann sem var fyrsta frumgerðin hjá Another Creation,“ segir Ýr hæstánægð og bendir á að möguleikarnir í Kína séu nær óendanlegir. Sjálf hafi hún einmitt haldið aðra sýningu rétt fyrir heimför, þar sem hún var með ljósmyndasýningu, innsetningu og vídeóverk.

Nú er hún hins vegar komin heim fram á vor og ætlar að koma línunni í farveg, ásamt því að aðstoða búningahönnuðinn Filippíu Elísdóttur við að sjá um búninga fyrir undankeppni Eurovision sem fer að bresta á. Aðspurð um hvort áhorfendur megi eiga von á að sjá nýjustu línu Ýrar á skjánum, segir hún ekki loku fyrir það skotið, en ár hvert fylgjast tískuspekúlantar vel með hverju kynnar keppninnar klæðast.

**gudrun@frettabladid.is**

# Göngum brött og jákvæð til verka

Halldóra Rut Baldursdóttir leikkona tilheyrir leikhópnum Ratatam sem undirbýr nú sýningu sem fjallar um heimilisofbeldi og er fjáröflun í fullum gangi. Ratatam hefur safnað sögum af heimilisofbeldi bæði frá þolendum, gerendum og aðstandendum. Hópurinn, sem Halldóra Rut Baldursdóttir, Guðrún Bjarnadóttir, Hildur Magnúsdóttir, Charlotte Bøving, Guðmundur Ingi Þorvaldsson og Laufey Elíasardóttir skipa, hlaut nýverið fjárstyrk frá Reykjavíkurborg.

„Við hlutum mjög þakklátan styrk frá Reykjavíkurborg núna í vikunni en borgin styrkti fjöldann allan af spennandi menningartengdum verkefnum fyrir árið 2016. Við höfum fengið óvæntan meðbyr síðasta árið með þessu fyrsta verkefni sem Ratatam hyggst setja upp núna 2016, bæði meðal almennings og styrktarsjóða. Verkefnið hefur hlotið fjóra styrki frá ólíkum sjóðum,“ segir Halldóra Rut full þakklætis.



Hildur Magnúsdóttir, Guðrún Bjarnadóttir, Charlotte Bøving, Laufey Elíasardóttir og Halldóra Rut Bjarnadóttir. Á myndina vantar Guðmund Inga Þorvaldsson.

„Vinnutitill verkefnisins kallast SUSS!!! og er þetta verk sem byggir á reynslusögum fólks sem hefur orðið fyrir eða beitt heimilisofbeldi eða eru aðstandendur. Vinnan við verkið tekur á en hópurinn gengur brattur og jákvæður til verka og er stemningin innan hópsins mjög góð. Við erum um þessar mundir í viðræðum við aðra stuðningsaðila og sveitt við að fylla út umsóknir. Við erum mjög spennt að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér. Það er mikill vöxtur innan sjálfstæða leikhúsgeirans, segir Halldóra Rut og hvetur fólk til þess að fylgjast með sjálfstæðu íslensku leikhópunum. **– gjs**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




# SKÍÐADAGAR

DAGANA 20.-24. JANÚAR









FENNA
DÖMU SKÍÐAÚLPA
~~49.990 KR.~~
**29.990 KR.**

FENNA
SKÍÐABUXUR
~~34.990 KR.~~
**19.990 KR.**

FENNA
HERRA SKÍÐAÚLPA
~~49.990 KR.~~
**29.990 KR.**

FENNA
SKÍÐABUXUR
~~34.990 KR.~~
**19.990 KR.**

**FACTORY STORE**
NÝBÝLAVEGI 6 | 200 KÓPAVOGI | 412-5869

**ZO•ON ICELAND**
KRINGLUNNI | 103 REYKJAVÍK | 412-5864

ZO•ON ICELAND

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
Póst dreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Maríu Elísabetar Bragadóttur



# Týnt veski í auga hvirfilbyls

Lýsi eftir forljótu peningaveski. Án þess tóri ég við illan leik. Subbulega gráhvítt með appelsínugulum doppum og svörtum rennilás. Inniheldur sund- og greiðslukort. Nemendafélagsskírteini og vitaskuld slatta af inneignarnótum. Á alltaf yfrið nóg af þvældum inneignarnótum. Velti því fyrir mér hvort það að sanka þeim að sér séu leifar þess að hafa verið krepputunglingur. Þá átti ég ekki peningaveski enda átti ég ekki pening en stundum inneignarnótur.

Árið 2008 var ég fimmtán ára og leit efnahagshrunið alvarlegum augum. Horfði fýld í kámuga spegilmynd og tók mig hátíðlega. Með fitugt hár og hnausþykk gleraugu. Kveið skólasundi og því að vaxa úr grasi og eiga ekki til hnífs og skeiðar. Arkaði á hælaskökkum kuldaskóm út í næsta útibú Íslandsbanka og tók út pening sem ég hugðist geyma í gömlum sokk. Hengdi upp atvinnuauglýsingu í Kjötborg: Ábyrg ung kona tekur að sér að passa börn fyrir dálitla þóknun sem hún mun leggja til hliðar og borga þannig háskólanám fyrir framtíðarbörn sín sem verða sennilega vannærð og skinhoruð.

Það var stemning að vera kreppuunglingur. Samkvæmt lífsstílsblöðum voru fokdýr second hand föt krepputíska ásamt lopapeysum, hraunmolaarmböndum og handtöskum úr þæfðri ull. Fullorðnir fjárfestu í frystikistum og barmafylltu þær af alls konar óþverra. Vandræðaunglingur í götunni minni lyklaði Range Rover föður síns. Það var logandi gaman og æsilegt að vera til. Með öðrum orðum var ég ofurseld hugmyndinni um kreppuna sem lífsstíl.

Núna er öldin önnur. Þar sem ég er stödd í miðju auga hvirfilbylsins kem ég ekki auga á neysluviðmiðin sem stýra mér. Veit bara að ég safna ekki pening í sokk og ímynda mér nú framtíðarbörnin þybbin og stríðalin. Þau fúlsi jafnvel við útréttri og sinaberri hjálparhendi móður sinnar. En eins og fyrr kom fram: Ég lýsi eftir týndu peningaveski. Svona þegar ég spái í það má finnandinn eiga veskið. Ég kaupi mér bara nýtt. Mínímalískara í útliti.










KATRÍNARTÚNI 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS

*Verð miðast við flug aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.